

5. Launamannaverksmiðja í Alþingishúsi

1. Embættismannaskólinn

Lengi vildi það orð loða við Háskóla Íslands að hann væri í reynd hvorki raunveruleg vísindastofnun né réttnefndur þjóðskóli, heldur fyrst og fremst uppeldisstöð fyrir vellaunaða embættismenn. Þetta viðhorf mátti lesa út úr fyrrnefndum dómum danskra háskólamanna um Háskólann og þeim orðum Jónasar Jónssonar frá Hriflu að Háskóli Íslands væri lítið annað en deildaskipt „launamannaverksmiðja“. Slík gagnrýni átti við ákveðin rök að styðjast, a.m.k. þegar lítið er til fyrstu áratuganna í starfi skólans. Allan þann tíma sem Háskólinn starfaði í Alþingishúsinu miðuðu þrjár af fjórum deildum skólans, Guðfræðideild, Læknadeild og Lagadeild, starf sitt algerlega við menntun tilvonandi embættismanna hjá íslenska ríkinu, enda höfðu kandídatar þaðan lögbundinn forgangsrétt þegar kom að veitingu embætta þar sem krafist var guðfræði-, laga- eða læknis-menntunar.¹ Voru lög um slíkan forgang sett á þingi árið 1911 til að styðja við Háskóla Íslands, því að margir óttuðust að hann færi halloka í samkeppninni um nemendur við háskólann í Kaupmannahöfn.

Þessi staða veitti Háskóla Íslands ákveðið skjól, því að hún tryggði honum bæði lágmarksstuðning frá ríkinu og nokkuð stöðugan straum nemenda. Hvað sem mönnum fannst um Háskóla Íslands og það starf sem þar fór fram, þá virðist enginn hafa efast um að íslenska embættismannastétt yrði að mennta á Íslandi og á íslensku – það var einfaldlega álitin nauðsynleg forsenda þess að þjóðin gæti stjórnað sér sjálf. Áherslan á embættisnámið setti skólanum þó mjög þröngar skorður, því að um leið og ríkið veitti Háskólanum einkarétt á að mennta stóran hluta íslenskrar embættismannastéttar þá tóku stjórnvöld sér víðtækt vald til að segja Háskólanum fyrir verkum. Í reglugerð fyrir Háskóla Íslands frá 9. október 1912 var skilgreint nákvæmlega hvaða námsgreinar ætti að kenna við hverja deild Háskólans og prófgreinum í embættisprófum var lýst í smáatriðum. Skólinn hafði af þessum sökum lítið svigrúm til breytinga á kennsluháttum eða kennslugreinum, því að kennsluskrá skólans

¹ Sbr. *Stjórnartíðindi* 1911 A, 236–37.

var í raun rígbundin í lögum og reglum.² Heimspékideild var á vissan hátt undantekning að þessu leyti, því að hún var eina deild Háskólans sem bjó nemendum ekki undir embættispróf. Námi þar lauk með svokölluðu meistaraþrófi í íslenskum fræðum, sem gaf engan sérstakan forgang að starfi hjá ríkinu. Þetta olli óánægju hjá nemendum deildarinnar, sem töldu sig ekki búa við sama starfsöryggi að námi loknu og nemendur hinna deildanna þriggja. Árið 1935 fóru þeir því fram á einkarétt að kennaraembættum í íslenski sögu, tungu og bókmenntum við ríkisskólana, og varð Alþingi við þeirri beiðni ári síðar.³ Þar með hafði Heimspékideildin náð, að minnsta kosti að hluta til, sama stalli og hinar hefðbundnu embættismannadeildir Háskólans.

Annað einkenni embættismannaskólans var skörp deildaskipting. Nemendur Háskólans fylgdu fyrirfram ákveðnum og algerlega aðskildum brautum í náminu, þegar frá er skilið að þeim öllum var gert að ljúka heimspékilegum forspjallsvísindum á fyrsta námsári. Að mörgu leyti lifðu gömlu embættismannaskólarnir því áfram í embættisdeildunum þremur, með þeirri menningu og kennsluáferðum sem þar höfðu mótast áður en Háskólinn var stofnaður. Stjórnskipulag Háskólans tók greinilega mið af þessari sundurgreiningu, því að það gerði tæplega ráð fyrir að skólinn starfaði eins og ein heildstæð stofnun. Rektorsembættið var að mestu valdalaust fyrstu áratuginu, og starf rektors virðist helst hafa átt að felast í því að stýra fundum háskólaráðs og þjóna sem tengiliður á milli deilda Háskólans og ríkisvaldsins. Af þeim sökum var rektorum ekki ætlaður mikill tími til að stjórna skólanum, enda kenndu þeir fulla kennslu í sinni deild samhliða rektorsstarfinu.

Samkvæmt fyrstu lögum um Háskóla Íslands var rektor kosinn á almennum kennarafundi, úr hópi prófessora, til eins árs í senn. Í háskólalögnum var gert ráð fyrir að endurkjósa mætti rektor, án nokkurra annarra takmarkana en þeirra að honum var heimilt að hafna endurkosningu. Sú hefð myndaðist þó strax að rektorar sátu aðeins í eitt ár í senn, og nýr rektor var kjörinn fyrir hvert háskólaár. Þetta fyrirkomulag reyndist skólanum ekki sérlega vel, því að, eins og Ágúst H. Bjarnason orðaði það við setningu Háskólans haustið 1928, þá varð stjórn skólans með þessu „mjög reikul í ráði frá ári til árs“. Erfitt reyndist líka „að koma nokkrum þeim nýmælum í framkvæmd,“ að sögn Ágúst, „er yrðu háskólanum til verulegra eða varanlegra bóta, ef ekki var unnt að framkvæma þau á sama ári“. Sá hann tvær leiðir

² *Stjórnartíðindi* 1912 A, 18–47.

³ *HÍ*. Gjörðabók háskólaráðs II. 29. nóv. 1935. – *Stjórnartíðindi* 1936 A, 215.

I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – 1.5 LAUNAMANNAVERKSMÍÐJA Í ALÞINGISHÚSI

*Stúdentahópur Háskóla Íslands eftir próf í heim-
spekilegum forspjallsvís-
indum vorið 1912. Fremri
röð frá vinstri: Einar Hjör-
leifsson Kvaran bankaritari,
Kristín Ólafsdóttir læknir,
Ágúst H. Bjarnason pró-
fessor, Pétur Magnússon
ráðherra, Jón Ólafsson Foss
læknir. Aftari röð frá vinstri:
Árni Jónsson frá Múla
ritstjóri og alþingismaður,
Steindór Gunnlaugsson
lögfræðingur, Páll
Pálmason ráðuneytisstjóri,
Jakob Kristinsson
fræðslumálastjóri, Vil-
mundur Jónsson landlæknir
og alþingismaður, Axel
Böðvarsson bankaritari,
Þórhallur Jóhannesson
læknir.*



til að skapa meiri festu í stjórn Háskólans. Annaðhvort yrði að kjósa rektor og deildarforseta – og þar með háskólaráð allt, því að deildarforsetarnir mynduðu ráðið með rektorinum á hverjum tíma – til nokkurra ára eða að ráðinn yrði til Háskólans „ráðsmaður (*administrator*)“ til lengri tíma, rektor til halds og trausts.⁴ Taldi Ágúst að með þessu kæmist á meiri festa í stjórn Háskólans, sem jafnframt hefði þýtt styrkari miðstjórn innan skólans.

Lengi vel var hvorug leiðin farin, og Ágúst lét af rektorsstarfinu haustið 1929 eins og venjan bauð. Málið lá þó ekki lengi í láginni því að Ólafur Lárusson, lagaprófessor og þáverandi rektor, tók rektorskjörið upp aftur í setningarræðu Háskólans þremur árum síðar. Kenndi hann skólanum sjálfum um þá stöðnun og stefnuleysi sem honum þótti ríkja í málum hans því að skólan skorti alla forystu. Skipt væri um rektor og deildarforseta árlega og „því hefir ekkert samhengi orðið í störfum þessara stjórnarvalda Háskólans, starf þeirra hefir að mestu orðið aðeins afgreiðsla á þeim málum, sem borizt hafa til þeirra“. Þetta var algerlega óviðunandi ástand að mati Ólafs, og fannst honum nauðsynlegt að hefja „skipulagsbundið starf til eflingar Háskólanum, þar sem sett eru ákveðin markmið og unnið að þeim sleitulaust þar til þeim er náð, þó að vinna þurfi þannig árum saman“.⁵

Haustið eftir, eða í byrjun háskólaársins 1932–33, tók Alexander Jóhannesson, prófessor í málfræði, við sem rektor í fyrsta sinn, og var

⁴ *Árbók Háskóla Íslands* 1928–29, 6–7.

⁵ *Árbók Háskóla Íslands* 1931–32, 10–11.

hann endurkjörinn til starfans næstu tvö háskólaár. Þetta var greinilega gert til að styrkja stjórn Háskólans, en fyrir því voru ærnar ástæður. Á þessum tíma þótti mönnum embættismannaskólinn vera kominn í algerar ógöngur eftir nær aldarfjórðungs kyrrstöðu. Með lögum um hús fyrir Háskólann virtist hreyfing vera að komast á húsnæðismálin, og þeim málum þurfti að fylgja eftir af festu. Ýmislegt annað brann á stjórnendum skólans. Þar bar hæst vaxandi áhyggjur af þeirri einhæfni sem einkenndi æðri menntun á Íslandi, en hún varð æ tilfinnanlegri eftir því sem fleiri nemendur sóttu í langskólanám. Róttækra breytinga var því þörf í starfi Háskólans, og þeim varð ekki hrint í framkvæmd án frumkvæðis frá skólanum sjálfum.

2. *Snúkjudyár á þjóðarlíkamanum*

Við setningu Háskólans árið 1924 vakti Guðmundur Hannesson prófessor, sem þá gegndi rektorsembætti í annað sinn, athygli á vaxandi samfélagsvanda á Íslandi. Sífellt fleiri unglingar lögðu stund á menntaskólanám og ekkert benti til annars en að sú þróun héldi áfram næstu áratugin. Á áratugnum frá 1901 til 1910 höfðu útskrifast 15 stúdentar á Íslandi að meðaltali ár hvert, en 1911–20 var stúdentatalan komin í 27 að jafnaði á ári. Samkvæmt þessu hafði útskrifuðum stúdentum á hverja 100 þúsund íbúa fjölgað úr 18,6 í 29,9 á fyrstu tveimur áratugum 20. aldarinnar. Með sama áframhaldi reiknaði Guðmundur með að um miðja öldina yrði hlutfallið komið upp í 150 stúdenta á ári á hverja 100 þúsund íbúa, og gekk sú spá hans nokkurn veginn eftir.⁶ Mikill meirihluti nemendanna sótti eðlilega í háskólanám að stúdentsprófi loknu, og stefndu þeir flestir á embættisstörf, enda var ekki um margt annað að velja við Háskóla Íslands. Ekki taldi rektor miklar líkur á að allir nemendurnir fengju störf hjá ríkinu, enda hefði þjóðin enga þörf fyrir þennan sístækkandi skara embættismanna. Óttaðist Guðmundur að illt gæti hlotist af óheftri þróun fyrir íslenskt samfélag, og vitnaði hann til gríska heim-spekingsins Platóns því til stuðnings. Platón varaði við því, sagði rektor, „að skuldugir og fátækir mentamenn æs[tu] lýðinn til hverskonar breytinga og byltinga, í þeirri von að bæta hag sinn“.⁷ Ekki bætti þar úr skák, hélt Guðmundur áfram, að dæmin höfðu sýnt „að skólalærdómur árum saman gerir marga óhæfari til þess að bjarga sjer í venjulegu atvinnuvegunum“.⁸ Útskrifaðir kandiðatar frá Háskóla Íslands, án vinnu við hæfi, yrðu því hættulegur lýður sem gæti grafið undan félagsskipaninni allri.

⁶ Stúdentafjöldinn var að meðaltali 126 á hverja 100 þúsund íbúa áratuginn 1951–60 og 189 1961–70. – *Hagskinnna*, 60–62, 858.

⁷ Ótinn við menntaða öreiga var útbreiddur í Evrópu á þessum tíma, sbr. Anderson, *European Universities*, 157.

⁸ *Árbók Háskóla Íslands* 1924–25, 5.



I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – 1.5 LAUNAMANNAVERKSMÍÐJA Í ALÞINGISHÚSI

Hér var um margslunginn vanda að ræða fyrir íslensk stjórnvöld og forystumenn Háskóla Íslands. Að hluta til var þróunin á Íslandi mjög lík því sem gerðist annars staðar á Norðurlöndum, þar sem stjórnendur háskólanna höfðu sívaxandi áhyggjur af auknum fjölda stúdenta. Þetta var bein afleiðing lýðræðislegri viðhorfa til menntunar, þar sem stúlkur úr öllum stéttum og drengir af lægri stigum sóttu í langskólanám í ríkari mæli en áður.⁹ Á Íslandi var vandinn sem af þessu hlaut þó enn meiri en annars staðar vegna þeirra takmörkuðu möguleika sem nemendum stóðu til boða að stúdentsprófi loknu. Fyrir meirihluta stúdenta var Háskóli Íslands eini kosturinn sem þeim bauðst, því að dýrt var að sigla til annarra landa til náms. Eftir að Ísland fékk fullveldi árið 1918 og sérstakir námsstyrkir til íslenskra námsmanna við Kaupmannahafnarháskóla voru lagðir af þrengdist valið enn frekar. Alþingi veitti að sönnu nokkru fé til styrkja handa nemendum við erlenda háskóla, en styrkirnir voru fáir og ýmsum takmörkunum háðir. Því stóð öllum þorra stúdenta í raun ekkert annað til boða en að sækja sitt fyrsta háskólanám hérlendis. Námsval flestra stúdenta var því bundið við þær fjórar deildir sem reknar voru við Háskóla Íslands, hvort sem þeir höfðu nokkurn áhuga á því námi sem þar var boðið upp á eða ekki. Þetta er algengt stef í ævisögum menntamanna sem hófu háskólanám á fyrri hluta síðustu aldar, og þá ekki síst lækna. Læknisfræðin var lengi vel eina raungreinin sem kennd var við Háskóla Íslands þannig að þeir sem hneigðust inn á slíkar brautir völdu yfirleitt Læknadeild – og þar að auki þótti læknisstarfið lengst af sæmilega launað og atvinnugreinin tiltölulega örugg. Friðrik Einarsson skurðlæknir er gott dæmi um þennan tilvistarvanda íslenskra stúdenta, en hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri vorið 1931. „Ég fékk snemma brennandi áhuga á jarðfræði“, segir hann í ævisögu sinni, en „sá var hængur á, að hana þurfti að læra erlendis, og aðeins einn styrkur í boði.“ Ekki gerði Friðrik sér miklar vonir um að fá styrkinn, því að þar hefði hann keppt við Sigurð Þórarinsson, skólabróður sinn og vin, sem þótti afburða námsmaður. Gaf hann því jarðfræðinámið upp á bátinn og valdi þess í stað að skrá sig í Háskóla Íslands. Ekki var um „margar námsgreinar að velja í Háskóla Íslands á þessum árum“, segir Friðrik í ævisögunni. „Þær voru aðeins fjórar ... Mér þótti læknisfræði lífrænasta starfið, svo ég valdi hana.“¹⁰

⁹ Sjá Brøchner-Mortensen, „Det lægevidenskabelige Fakultet 1842–1979“, 130–31. – Weibull, *Lunds universitets historia*, 116–22. – Strömberg, „Från studentöverflöd till numerus clausus“, 518–40.

¹⁰ Gylfi Gröndal, *Læknir í þrem löndum*, 59. – Ónundur Björnsson, „Björn Ónundarson læknir“, 126.



nýtustu menntunina. Möguleg offjölgun lækna og lögfræðinga olli því mörgum áhyggjum. Þrengsli og húsnæðisskortur, einkum við verklega kennslu í Læknadeild, ýtti enn frekar undir vandann, því að erfitt reyndist að koma sívaxandi fjölda nemenda fyrir í rannsóknarstofum þar sem kennslan fór fram. Vorið 1927 urðu óbærilegar aðstæður í rannsóknarstofu í efnafræði til þess að deildarfundur Læknadeildar fól Guðmundi Hannessyni að kynna kennslumálaráðherra vandamál deildarinnar.¹¹ Guðmundur sendi ráðherra ítarlega skýrslu síðla júnímánaðar sama ár og dró upp mjög dökka mynd af ástandinu. Haustið 1926 höfðu 16 nemendur hafið nám við Læknadeild, en samkvæmt skýrslu efnafræðikennarans, Trausta Ólafssonar, forstöðumanns Efnarannsóknarstofu ríkisins, var aðeins unnt að kenna tíu stúdentum í senn. Af þessum sökum þurfti að skipta nemendahópnum í tvennt, sem aftur þýddi að rannsóknarstofunni var gert nær ókleift að sinna öðrum verkefnum sínum. Niðurstaðan var sú, skrifar Guðmundur, „að læknadeildin getur *alls ekki kent svo mörgum nemendum, sem útlit er fyrir að sæki þangað næstu ár*. Til þess skortir hana húsnæði, mörg áhöld, lík til kenslu í líffærafræði og meinafræði og – sjúklinga“. Að mati hans var heldur alls engin þörf á að mennta svona mörg læknaefni. „Landið þarfnast árlega 2–3 lækna, þó tekið sé tillit til fólksfjölgunarinnar, en fær rúmlega 5 að meðaltali, og horfur eru á því, að þeir verði miklu fleiri á næstu árum“. Allt útlit var því fyrir að hér yrði „illvíg samkeppni ... milli lækna og margir neyðist til að nota *öllum* ráð til þess að geta lifað“. Þar með fyrirgerði læknastéttin því trausti og álitu sem hún naut hjá þjóðinni, en sjúklingar yrðu þó engu betur settir en áður. Og það sem verra væri, „[ó]þörfu læknarnir verða að sníkjudýrum á þjóðarlíkamanum líkt og óþarfir lögfræðingar. Ég tel þetta háska bæði fyrir þjóðina og stéttirnar“. Sá hann enga aðra lausn á þessu ófremdarástandi en að takmarka aðgang stúdenta að Læknadeildinni, um leið og námsleiðum við Háskólann yrði fjölgað, enda væri „[a]lt núverandi skipulag háskólans og stjórn hans ... úrelt og illt“.¹²

Jónas Jónsson, sem tók við embætti kennslumálaráðherra í lok ágúst 1927, lét ráðuneytið senda öllum deildum Háskólans bréf í nóvember þar sem spurt var út í áhrif hugsanlegrar nemendafjölgunar á starf skólans og atvinnuhorfur nemendanna. Könnunin var tilkomin, eins og segir í formála bréfsins, vegna endurtekinna kvartana „frá merjum mönnum sem vinna að háskólakennslu hjer í

¹¹ *HÍ*. Gjörðabók Læknadeildar I. 2. júní 1927.

¹² *Þskj.* HÍ. BA1:1. Skrifstofa Háskóla Íslands. Bréfasafn, 1914–28. 22. júní 1927. Skýrsla Guðmundar Hannessonar. – Jón Ólafur Ísberg, „Hættan af „lærðum öreigalyð““, 4–5.

I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – 1.5 LAUNAMANNAVERKSMÍÐJA Í ALÞINGISHÚSI

Læknanemar kryfja lík, líklega árið 1927. Taldir frá vinstri: Karl Guðmundsson, Björn Bjarnason, Gísli Fr. Petersen, Stefán Guðnason, Högni Björnsson, Bjarni Sigurðsson, Jón Steffensen. Til hægri við líkið: Valtýr H. Valtýsson. Allir urðu þeir læknar, nema Björn sem andaðist ungur. Tveir þeirra áttu eftir að verða kennarar við Háskóla Íslands, Gísli Fr. Petersen sérfræðingur í röntgenlækningum og Jón Steffensen sem kenndi líffærafræði við Læknadeild og var helsti fornbeinafræðingur Íslendinga um áratugi.



Reykjavík um það, að háskólinn geti illa tekið á móti þeim stúdenta-fjölda, er þangað leitar“. Í bréfinu var m.a. spurt um fjölda skráðra nemenda í deildinni, hversu margir af útskrifuðum nemendum væru atvinnulausir, hvort deildin álitu „yfirvofandi hættu af lærdum öreigalyð“, og hvaða leiðir hún sæi helstar til að takmarka stúdenta-fjöldann, ef hann væri álitinn of mikill. Að síðustu spurði ráðuneytið hvort gera mætti „ráð fyrir að nemendur úr deildinni gangi inn í framleiðslustarfsemi, svo sem búskap eða útgerð, ef þeir fá ekki vinnu hjá landinu“, og um leið hvort Háskólinn byggji þá undir slík störf.¹³ Hvatinn að þeirri spurningu var sjálfsgagt sú skoðun ráðherrans að langskólanám gerði nemendur almennt fráhverfa líkamlegri vinnu, ef ekki „of lata eða of veiklaða“, eins og Jónas sagði í einni ræðu sinni á Alþingi,¹⁴ og því myndu atvinnulausir læknar og lögfræðingar ekki sækjast eftir „arðbærum störfum“ í sjávarútvegi eða landbúnaði.

Háskólinn svaraði fyrirspurnum ráðuneytisins með tvennum hætti. Annars vegar liggja fyrir bréf frá tveimur deildum Háskólans, Læknadeild og Heimspekideild, þar sem spurningum þess var svarað líð fyrir líð. Í svari Guðmundar Thoroddsen, forseta Læknadeildar, kom fram að á þeim tíma væru 12 útskrifaðir læknar án vinnu, en þeir voru reyndar – að hans sögn – allir erlendis í framhaldsnámi. Fjórir starfandi læknar á Íslandi voru líka í stopulli vinnu, fullyrti Guðmundur, þannig að í raun væru atvinnulausir og

¹³ *Dskjs.* Stjr. I. skrifst. B/297, ör 8. Db. 7, nr. 713. Háskóli Íslands. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti til allra deilda háskólans, 19. nóv. 1927.

¹⁴ *Alþingistíðindi* 1924 D, 202. – Guðjón Friðriksson, *Dómsmálaráðherrann*, 20–32.

atvinnulitlir læknar 16 talsins. Frá stofnun Háskólans höfðu 67 læknar útskrifast frá deildinni, eða fjórir á ári að meðaltali, og það taldi forsetinn meira en góðu hófi gegndi.

Atvinnuástand hjá þeim sem höfðu lokið meistaraþrófi í íslenskum fræðum virtist öllu betra, enda voru þeir aðeins fjórir þegar hér var komið sögu. Meistaramir höfðu allir vinnu við sitt hæfi, að sögn deildarforsetans, Páls Eggerts Ólasonar sagnfræðiprófessors, og ekki er að sjá að hann hafi haft þungar áhyggjur af atvinnuhorfum sinna nemenda. Þótt Heimspekideildin væri ekki eiginleg embættismannadeild þá gerði Páll Eggert ráð fyrir að meistarar í íslenskum fræðum sætu „fyrir öðrum um kenslu í þessum fræðum í höfuðskólum landsins“. Sá hann einnig fyrir sér að þegar fram liðu stundir myndu flestir starfsmenn safna landsins hafa menntun frá Heimspekideild, og einnig mætti „gera ráð fyrir því, að fræðimenn og rithöfundar þjóðarinnar í framtíðinni, að minsta kosti þeir, er sinna innlendum fræðum, hafi numið í heimspeki-deild. Úr þessum flokki má gera ráð fyrir ýmsum, er síðar meir sinni ritstjórn og blaðamensku, stundakenslu í skólum o.s.frv.“¹⁵

Hins vegar svaraði Háskólinn fyrirspurn ráðuneytisins með sam-eiginlegri skýrslu fyrir skólann allan hinn 25. nóvember 1927. Skýrslan var samin af nefnd sem kosin var úr hópi háskólakennara, en í henni sátu prófessorarnir Sigurður P. Sívertsen, Magnús Jónsson (laga-prófessor), Guðmundur Hannesson¹⁶ og Ágúst H. Bjarnason, auk háskólarektors, Haralds Níelssonar.¹⁷ Verkefni nefndarinnar var „að athuga orsakir stúdentaviðkomunnar og finna ráð við aðstreyminu að embættadeildum háskólans“, eins og sagði í upphafsorðum nefndarálitsins. Nefndin fann ýmsar ástæður fyrir þessu ástandi, svo sem almennan flóttu frá líkamlegri vinnu, aukinn flutning fólks til bæjanna – og þá einkum til Reykjavíkur – vaxandi velmegun í landinu, auknar kröfur til menntunar landsmanna, oftrú á velgengni embættisstéttanna og hinn „greiða aðgang að lærdómsdeild og stúdentsprófi, er varð með hinni nýju skólaskipun 1904 og 1907“. Hvað Háskólinn varðaði var það mat nefndarmanna að landinu dygðu fjórir guðfræðingar, fjórir læknar og þrír lögfræðingar á ári hverju, auk eins meistara í íslenskum fræðum þriðja hvert ár. Til að uppfylla þessa þörf var nóg að ellefu eða tólf nýir nemendur skráðu sig í Háskólann á hverju hausti, sem hefði gert 53 nemendur í Háskólanum öllum að jafnaði. Á þessum tíma stunduðu miklu fleiri nám við skólann, því að í byrjun háskólaárs 1927 innrituðust 40 nýnemar í Háskólann, og 152 nemendur voru innritaðir í skólann í heild, eða um þrefald fleiri en nefndin taldi æskilegt að þar

- ¹⁵ *Þskfs*. Stjr. I. skrifst. B/297, örk 8. Db. 7, nr. 713. Guðmundur Thoroddsen og Páll Eggert Ólason til Dóms- og kirkjumálaráðuneytis, 28. og 29. nóv. 1927.
- ¹⁶ Hann skrifaði undir með fyrirvara, – *Tíminn* 23. des. 1927, 214–16.
- ¹⁷ Sbr. bréf Haralds Níelssonar til Dóms- og kirkjumálaráðuneytis, 21. feb. 1928. Prentað sem fylgiskjal með frumvarpi til laga um breytingu á háskóla-lögum. – *Alþingistíndi* 1928 A, 715.



I. EMBÆTTISMANNAASKÓLINN – 1.5 LAUNAMANNAVERKSMÍÐJA Í ALÞINGISHÚSI

*Úr kennslustofu Heimspeki-
deildar í Alþingishúsinu
veturinn 1939–40. Við
borðið sitja Einar Ólafur
Sveinsson, síðar háskóla-
bókavörður og prófessor í
íslenskum fornbókmenntum,
og Pétur Sigurðsson
háskólaritari.*



stunduðu nám. Nefndin ræddi ýmsar leiðir til úrbóta og taldi þar helst tvær færar: annars vegar „að setja einhverskonar þröskuld neðan við lærdómsdeildina [þ.e. lærdómsdeild Menntaskólans], helzt með sérstökum undirbúningsbekk, til þess að draga úr aðsókninni að henni og þar með að stúdentsprófi“ og hins vegar „að stofna til kennslu í háskólanum í hagnýtum fræðigreinum“ sem áttu að draga úr aðsókninni að embættisnáminu. Til hins síðarnefnda taldi nefndin viðskiptanám, kennaranámskeið, rannsóknir og tilsögn í búvísindum, og þegar honum yxi fiskur um hrygg, kennsla í íslenskri náttúrufræði. Þótt nefndarmenn þættust þess fullvissir að hægt væri, innan gildandi laga, að takmarka aðgang að embættisdeildunum þá lögðu þeir þó ekki til að sú leið yrði farin að svo stöddu.¹⁸

Skýrslan olli talsverðum titringi í Háskólanum, því að margir – ef ekki flestir – háskólamenn voru þeirrar skoðunar að æskilegast væri að hafa aðgang að skólanum opinn öllum sem lokið höfðu stúdentsprófi. Kennarar Heimspeki- og Guðfræðideildar voru þannig einhuga í andstöðu sinni við aðgangstakmarkanir að sínum deildum og tillaga um takmarkanir í Lagadeild var felld með jöfnum atkvæðum á deildarfundi.¹⁹ Jafnvel í Læknadeild, þar sem áhuginn

¹⁸ *Þskjs.* HÍ. BA1:1. Skrifstofa Háskóla Íslands. Bréfasafn, 1914–28. Greinargerð dags. 28. nóv. 1927.

¹⁹ *HÍ.* Gjörðabók Lagadeildar I. 10. jan. 1928. Aðeins tveir kennarar voru á fundi sökum utanveru Magnúsar Jónssonar prófessors. Hann var mótfallinn aðgangstakmörkunum, þannig að meirihluti kennara Lagadeildar var þeim andvígur. – Sbr. *Alþingistíðindi* 1928 A, 717.



á aðgangshindrunum var hvað eindregnastur, ríkti ekki einhugur um málið. Samþykkti deildin að lokum að leggja til að henni yrði heimilað að setja skorður við innritun nemenda í deildina, en þó með þeim viðauka að hún tæki „það fram, að tillögur þessar voru aðallega gerðar vegna þess að öll kensla verður nú ómöguleg vegna skorts á kensluþlássi, kensluáhöldum og sjúklingafæð, þ.á m. skorti á ókeypis lækningu. Sjái stjórn og löggjafarvald sjer fært að bæta úr þessu hið fyrsta virðist ekki frá deildarinnar hálfu bráð nauðsyn að takmarka inntöku nýrra nemenda“.²⁰

Í fyrstu tók meirihluti Stúdentaráðs undir tillögur um aðgangstakmarkanir að embættisdeildunum, en öllum slíkum hugmyndum var síðan hafnað á almennum fundi stúdenta í desember 1927.²¹ Að lokum var fjallað um málið í háskólaráði, sem samþykkti með nokkrum semingi (þremur atkvæðum gegn tveimur) í lok janúar 1928 að leggja til að eftirfarandi ákvæði yrði bætt við 17. grein háskólaganna frá 1909: „Verði aðsókn stúdenta að einhverri deild svo mikil að til vandræða horfi, að dómi deildarinnar og háskólaráðs, þá getur háskólaráðið, í samráði við deildina, ákveðið hve mörgum stúdentum skuli veitt viðtaka það ár og með hvaða hætti.“²² Meirihluti menntamálanefndar neðri deildar Alþingis tók málið upp árið 1928 og flutti frumvarp samhljóða tillögu háskólaráðs á þingi. Lítil áhugi virðist þó hafa verið á frumvarpinu meðal alþingismanna og enginn fylgdi málinu eftir á þinginu. Frumvarpið var því ekki tekið til umræðu og var þar með úr sögunni í bili.²³

Þessi niðurstaða málsins helgaðist sjálfsagt fyrst og fremst af þeirri staðreynd að þótt Jónas Jónsson kennslumálaráðherra hafi haft, eins og háskólaráð, áhyggjur af fjölgun háskólanema þá var hann mun áhugasamari um að beina nemendum frá öllu langskólanámi en að hamla inntöku stúdenta í einstakar deildir Háskóla Íslands. Lagði hann því mikla áherslu á að fækka nemendum í lærdómsdeild menntaskólans, en hún veitti aðgang að háskólanámi. Taldi hann fjölgun stúdenta vera mikið bøl fyrir þjóðina, því að hún beindi ungu fólki frá líkamlegri vinnu. Hann boðaði þessa skoðun á fundi Stúdentafélags Reykjavíkur í desember 1927, með þeim orðum að öllum almenningi „væri hentari stuttir skólar, með mikilli vinnukennslu, en sex ára skóli í líkingu við mentaskólann hér“, því að eftir „sex ára hógólfi og vinnuleysi væri menn ver undir almenna lífsbaráttu búnir heldur en þeir, sem hefðu verið á tveggja ára skóla, þar sem höfuðáhersla væri lögð á að kenna mönnum nýtileg störf“.²⁴

²⁰ HÍ. Gjörðabók Lækna-deildar I. 11. jan. 1928.

²¹ Morgunblaðið 18. des. 1927, 6–8. – Guðni Jónsson, „Um takmörkun stúdentafjöldans“. – Jón Ólafur Ísberg, *Stúdentsárin*, 54, 61–62.

²² HÍ. Gjörðabók háskólaráðs II. 27. jan. 1928.

²³ *Alþingistíðindi* 1928 A, 713–18; 1928 C, 665–66.

²⁴ *Vísir* 11. des. 1927, 4.

Merkilegt var að Guðmundur Hannesson, helsti hvatamaður aðgangstakmarkana að embættisdeildum Háskóla Íslands, var algerlega á öndverðum meiði við kennslumálaráðherrann. Hann sagðist enga trú hafa á því að takmarka fjölda stúdenta í landinu: „Stúdentamentun ætti að vera gagnfræðamentun, og þyrfti að breyta mentaskólanum svo, að það mætti verða.“²⁵ Guðmundur vildi aftur á móti koma í veg fyrir offjölgun embættismanna, og besta leiðin til þess væri að auka námsframboð við Háskólann. Vildi hann því stofna „þjóðfræðadeild“, með kennslu í verslun, búnaði o.fl.“ við Háskóla Íslands, en slík starfsemi hefði auðvitað gjörbreytt grundvelli skólans.


Þessi skoðun Guðmundar þurfti ekki að koma á óvart því að í fyrrnefndri ræðu sinni við setningu Háskólans árið 1924 hafði hann einmitt lýst svipuðum hugmyndum um framtíð Háskólans. Vildi hann taka mið af skólum eins og fylkisháskólanum í Saskatchewan í Kanada, sem stofnaður var á svipuðum tíma og Háskóli Íslands og þjónaði stóru, strjálbýlu og fámennu fylki. Þar var þó kennd náttúrufræði, verkfræði og búvísindi, benti Guðmundur á, auk þess að heimspeki- og lagadeildir voru starfræktar við skólann. Fannst honum að Háskóla Íslands mætti byggja upp á svipaðan hátt, með því að reka við hann „búsvísindadeild með fullaunuðum vísindamönnum“ og önnur „aðaldeild [gæti orðið] fiskiveiðadeildin. Vísindamenn hennar drægju saman alla þekkingu um fiska vora, veiðiaðferðir allra þjóða, meðferð og alla hagnýtingu allra fiskitegunda“. Á þennan hátt fannst Guðmundi Hannessyni að Háskóli Íslands byggji nemendur sína undir að taka þátt í atvinnulífinu og styddi þannig betur við framþróun atvinnuveganna en hann hafði gert fram að því.²⁶

Líklega hefði meirihluti kennara og nemenda við Háskóla Íslands getað tekið undir þessar hugmyndir læknaprófessorsins. Hvað sem ótta þeirra við „atvinnulausan öreigalýð“ menntamanna leið,²⁷ þá voru þeir almennt á því að fjölga þyrfti námsleiðum við Háskólann. Sáu forystumenn Háskólans ekki síst ýmis tækifæri til að efla rannsóknir á náttúru Íslands og kennslu á sviðum sem tengdust viðskiptum, landbúnaði og fiskveiðum. Slíkar ráðagerðir strönduðu þó alltaf á fjárveitingarvaldinu, því að þrátt fyrir ítrekaðar óskir Háskólans um stofnun nýrra deilda og námsbrauta gekk illa að fá ráðamenn til að leggja þeim málum lið. Lengi strönduðu allar áætlanir um breytta starfsemi Háskólans líka á húsnæðisleysi

²⁵ *Vísir* 11. des. 1927, 4.

²⁶ *Árbók Háskóla Íslands* 1924–25, 8–11.

²⁷ Sbr. orð Haralds Nielssonar rektors á fundi Stúdentafélags Reykjavíkur 16. des. 1927. – *Vísir* 21. des. 1927, 6.



Doktorsvarnir voru fátíðir atburðir á fyrstu áratugum Háskólans og urðu Speglinum því tilefni til skops. Hér er teiknuð vörn Björns Karels Þórólfssonar 1935 sem varði rügerðina Rímur fyrir 1600. Tíðindamaður Spegilsins hneykslast á því hvernig andmælendur, Sigurður Nordal og Árni Pálsson, voru klæddir. Áður en athöfnin hófst, segir hann, gekk doktorsefni órólegur um salinn „og skröfudu öðru hvoru við hann tveir hversdagsklæddir menn, sem stóðu úti við gluggann. Það voru þeir Sigurður og Árni, hvorugur á kjölfötum, svo ekki mun ofsögum sagt af launakjörum háskólaþröfessora vorra.“ Svo kom Alexander Jóhannesson í salinn á síðustu stundu, „eins og honum væri skotið úr fallbyssu. Var hann í sjakket, sem vjer fundum, að var jafnaldri Runstvals-rítmna, og stóðu löfin aftur af honum af ferðinni.“ – Hér eru þáttakendur, taldir frá vinstri: Alexander Jóhannesson, forseti Heimspeki-deildar, andmælendur og doktorsefni í ræðustól.

skólans, en hjartsýni háskólamanna jókst verulega þegar loks tók að hilla undir að skólinn fengi nýtt þak yfir starfsemina.

3. „Fordild háskólaráðs“

Sumarið 1934 hófst ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks og Alþýðuflokks. Í stjórninni tóku „bændur og verkamenn ... höndum saman“, tilkynnti Nýja dagblaðið lesendum sínum, og væri hún því réttnefnd „Stjórn hinna vinnandi stétta“.²⁸ Hermann Jónasson var forsætisráðherra, en mennta- og atvinnumál heyrðu undir alþýðuflokksmanninn Harald Guðmundsson, þingmann Seyðisfjarðar.²⁹ Á fyrsta þingi hinnar nýju stjórnar, haustþinginu árið 1934, lagði menntamálanefnd efri deildar Alþingis, að beiðni kennslumálaráðherrans, fram frumvarp til laga um fimmtu deildina við Háskólann. Átti hún að heita Atvinnudeild Háskóla Íslands, og samkvæmt frumvarpinu skyldu þrjár háskólaþröfessorar starfa við hana, einn í fiskifræði, annar í efnafræði og hinn þriðji í líffræði, auk fjögurra aðstoðarmanna. Í fimmtu grein frumvarpsins var starf deildarinnar skilgreint þannig að starfsmönnum hennar yrði „sérstaklega falið að framkvæma vísindalegar rannsóknir í þarfir landbúnaðar, fiskveiða og iðnaðar“, um leið og ráð var gert fyrir því að deildin leysti af hólmi

²⁸ Nýja dagblaðið 24. júlí 1934, 1, 3. – Alþýðu-
blaðið 23. júlí 1934, 1.

²⁹ Agnar Kl. Jónsson,
Stjórnarráð Íslands
1904–1964 I, 215–21.



I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – 1.5 LAUNAMANNAVERKSMÍÐJA Í ALÞINGISHÚSI

þær stofnanir sem höfðu fram að þessu stundað hagnýtar rannsóknir fyrir helstu framleiðsluatvinnuvegi þjóðarinnar.³⁰ Samtímis var einnig lagt fram frumvarp að nýjum háskólalögum, þar sem Atvinnudeildinni hafði verið bætt við hinar fjórar upphaflegu deildir Háskóla Íslands³¹ – sem þýddi væntanlega að deildinni var ætlað að verða almenn kennsludeild við skólann.

Eins og fram kom í ræðu Alexanders Jóhannessonar rektors við skráningu nýrra háskólaborgara í byrjun október 1934 þá kom hugmyndin um Atvinnudeildina frá háskólaráði, þótt ríkisstjórnin hafi samþykkt að leggja frumvarpið fram á þinginu.³² Tillagan var á svipuðum nótum og samþykktir Læknadeildar og háskólaráðs fimm árum fyrr, þar sem lagt hafði verið til að tengja nýstofnaða rannsóknarstofu í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands.³³ Á þeim tíma hafði deildarfundur Læknadeildar þó tekið heldur fálega í að rannsóknarstofnunin yrði sett sem slík beint undir hana, því að rannsóknir við hina fyrirhuguðu stofnun yrðu alls ekki á sviði læknisfræði. Deildin var þess þó mjög fýsandi „að stofnun þessi yrði nú þegar gerð að sérstakri háskóladeild: búvísindadeild, sem síðar kynni að aukast og eflast.“³⁴ Ekkert varð úr þessum áformum í það sinn, en þau gleymdust þó ekki.³⁵ Áhugi kennara Háskólans á stofnun Atvinnudeildar byggðist á þeirri sannfæringu þeirra, eins og segir í greinargerð sem fylgdi með frumvarpinu frá 1934, „að markmið æðsta skóla þjóðarinnar [ætti] ekki eingöngu að vera það, að útskrifa embættismenn, heldur væri ekki minna um hitt vert, ef þessi menntastofnun gæti orðið miðstöð fyrir hagnýta þekkingu, sem atvinnurekendur landsins gætu leitað til í ýmsum vandamálum, og hefði aðstöðu til að taka upp og reyna að leysa ýmis vandamál atvinnuveganna.“³⁶ Með hinni nýju deild stefndi Háskóli Íslands inn á tvö ný svið í starfsemi sinni, því að annars vegar var Atvinnudeildinni ætlað að hafa forystu um að þróa nýjar námsleiðir við skólann í náttúruvísindum, í þeim tilgangi að létta á þrýstingi á hinar hefðbundnu embættisdeildir, og hins vegar vildi Háskólinn gera sig gildan í hagnýtum rannsóknum og tengjast á þann hátt íslensku þjóðlífi nýjum og traustari höndum en reyndin hafði verið fram að því.

Gallinn við frumvörpin tvö var sá að í þeim var hvergi að finna neina áætlun um hvaða kennsla ætti að fara fram við hina nýju deild, og því var fullkomlega á huldu hvernig hún myndi leysa vanda Háskólans vegna aukinnar aðsóknar nemenda. Héðinn Valdimarsson

³⁰ *Alþingistíðindi* 1934 A, 623.

³¹ *Alþingistíðindi* 1934 A, 617.

³² *Árbók Háskóla Íslands* 1934–35, 5.


³³ *HÍ. Gjörðabók háskólaráðs* II. 30. ágúst og 2. sept. 1929.

³⁴ *HÍ. Gjörðabók Læknadeildar* I. 27. ágúst 1929. – *Árbók Háskóla Íslands* 1929–30, 25–27.

³⁵ Sjá *HÍ. Gjörðabók háskólaráðs* II. 22. sept. 1934.

³⁶ *Alþingistíðindi* 1934 A, 623–26.





Lengi framan af fengu háskólastúdentar afhent háskólaborgarabréf þegar þeir hófu nám. Sumir voru ekki viðstaddir háskólahátíð, þar sem bréfin voru afhent, og létu ógert að vitja um þau. Meðal þeirra var lækna-neminn James Love Nisbet sem innritaðist í Læknadeild árið 1914 og fékk háskólaborgarabréf á latínu, undirritað af Jóni Helgasyni síðar biskupi. Nisbet lauk prófi árið 1917. Þegar hætt var að gefa slík bréf út var fyrir löngu farið að hafa þau á íslensku.

alþingismaður og Steingrímur Steinþórsson, þá skólastjóri Bændaskólans á Hólum, bentu á þetta í álitum sem þeir skrifuðu um frumvarpið fyrir hönd svokallaðrar Skipulagsnefndar atvinnumála – eða Rauðku eins og nefndin var kölluð í daglegu tali – sem var ætlað að leggja drög að nýrri atvinnustefnu fyrir hönd ríkisstjórnarinnar.³⁷ Sáu Héðinn og Steingrímur alla meinbugi á því „að tengja við háskólann starfsemi, sem ekki stendur í neinu sambandi við kennslu“, þótt þeir tækju heilshugar undir það álit Háskólans að auka þyrfti fjölbreytni í starfi skólans. Bentu þeir einnig á að með frumvarpinu væri „á engan hátt séð fyrir þeirri samvinnu við ríkisstjórnina og atvinnulífið í landinu, eins og það er á hverjum tíma, sem nauðsynleg er til þess að stofnunin komi að haldi“. Lögðu þeir því til að frumvarpinu yrði vísað til ríkisstjórnar „með tilmælum um, að hún láti fara fram nýja athugun á þessu mikilvæga máli og leggi það, að þessum nauðsynlega undirbúningi loknum, fyrir næsta Alþingi“.³⁸

Svipuð stef hljómuðu í umsögnum hagsmunasamtaka í landbúnaði og sjávarútvegi um atvinnudeildarfrumvarpið. Ef frumvarpið næði fram að ganga myndu landbúnaðar- og fiskirannsóknir hverfa algerlega frá atvinnuvegunum sjálfum, sagði í álitum þeirra, og það fannst fulltrúum samtakanna ótækt. Með þessu væri Háskólinn að sölsa undir sig rannsóknir sem aðrir höfðu byggt upp, skrifaði t.a.m. Kristján Bergsson, forseti Fiskifélags Íslands, og mótmælti þeirri

³⁷ Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, 137. – Agnar Kl. Jónsson, *Stjórnarráð Íslands II*, 691–92.

³⁸ *Alþingistíðindi* 1934 A, 976–77.



I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – 1.5 LAUNAMANNAVERKSMÍÐJA Í ALÞINGISHÚSI

Yfir Atvinnudeild Háskólans var reist húsi á háskóla-lóðinni, á milli Garðs og fyrirhugaðrar aðalbyggingar, á árunum 1936–37. Síðar var húsið lengi aðsetur jarðvísinda við Háskólann, en nú hefur Þjóðminjasafn fengið það til eignar og afnota og gefið því nafnið Setberg.



frekju Háskólans harðlega. Fiskifélagið hafði, að sögn Kristjáns, „búið til“ þá tvo menn, sem fremst standa nú á sviði hagnýtra fiskirannsóknna [þ.e. Árna Friðriksson og Þórð Þorbjarnarson], en það er ekki vitanlegt að Háskóli Íslands eða háskólaráðið hafi lagt á sig það erfiði að hugsa um þetta mál nokkuð, eða vinna að því að undirbúa þessi störf eða leiða hugi ungra manna inn á braut hagnýtra viðfangsefna“. Fannst fiskifélagsmönnum kenna „meiri ‚fordildar‘ hjá háskólaráðinu heldur en að málið hafi verið gaumgæfilega athugað“, og höfðu þeir því engan áhuga á samstarfi við Háskólann.³⁹

Við allt annan tón kvað í umsögnum þeirra tveggja sérfræðinga sem háskólaráð fékk til að fjalla um frumvarpið, þ.e. Trausta Ólafssonar efnafræðings og Árna Friðrikssonar fiskifræðings. Báðir áttu þeir nokkurra hagsmuna að gæta, því að þeir, ásamt Níels Dungal prófessor, voru nefndir í greinargerð með frumvarpinu sem væntanlegir deildarstjórar við hina fyrirhuguðu Atvinnudeild.⁴⁰ Trausti tók reyndar undir margt í gagnrýninni á það hvernig verkaskiptingu skyldi háttað innan deildarinnar samkvæmt frumvarpi háskólaráðs, og taldi einnig æskilegt að ríkið hefði meiri áhrif á stjórn hennar en þar var ráð fyrir gert. Niðurstaða hans var þó sú að eðlilegt væri að rannsóknarstofnunin heyrði undir Háskóla Íslands.⁴¹ Árni Friðriksson var mun eindregnari í afstöðu sinni. Niðurstaða hans var, eins og hann sagði í grein sem hann birti til stuðnings málinu í Alþýðublaðinu, að margt mælti „með því, en ekkert þungvægt á móti, að þessi

³⁹ *Alþingistíðindi* 1934 A, 983–85.

⁴⁰ *Alþingistíðindi* 1934 A, 625.

⁴¹ *Alþingistíðindi* 1934 A, 981–82.



nýja stofnun verði gerð sem háskóladeild“. Sagðist hann vel skilja að félög sem misstu spón úr sínum aski við breytinguna hreyfðu andmælum en furðaði sig þó á „hvað tínt er til af staðleysum, til þess að halda í gamla horfið og koma frumvarpinu fyrir kattarnef“.⁴² Þar átti hann sjálfsagt við áðurnefnd ummæli Kristjáns Bergssonar um að Fiskifélagið hefði búið hann til, en þá sögu vildi Árni alls ekki kannast við.⁴³

Til að byrja með virðist hugmyndin um Atvinnudeild við Háskólann hafa notið nokkuð víðtæks pólitíssks stuðnings, a.m.k. var tekið mjög jákvætt í hana í málgagni Framsóknarflokksins, Nýja dagblaðinu, fyrst eftir að frumvörpin tvö voru lögð fram á Alþingi. „Hinn nýi háskóli, sem byggður verður, þarf að vera lifandi menntastofnun í nánu sambandi við alla holla starfsemi landsmanna. Starfs svið skólans þarf að víkka svo, að menn geti átt athvarf þar með hverskonar vandræði, er þeir eiga við að stríða í atvinnulífinu“, segir þannig í ómerktri frétt sem birtist í blaðinu hinn 14. nóvember 1934.⁴⁴ Tveimur vikum síðar var komið nýtt hljóð í strokkinn. Þá birtist frétt í sama blaði um rannsóknarstofur atvinnuveganna, þar sem varað var sérstaklega við því að þær yrðu settar undir Háskólann. Ekki voru færð nein bein rök fyrir þessum sinnaskiptum, en blaðið boðaði að það myndi skrifa frekar um málið síðar.⁴⁵ Þetta sjónarmið varð greinilega ofan á í ríkisstjórninni, því að atvinnudeildarfrumvarpið dagaði uppi í þinginu og var aldrei tekið til formlegrar umræðu á Alþingi. Í framhaldinu var þeim Héðni og Steingrími í Skipulagsnefnd atvinnuveganna falið að semja nýtt frumvarp um rannsóknir í þarfir atvinnuveganna og leggja fyrir næsta Alþingi.⁴⁶ Þessi niðurstaða var háskólamönnum greinilega lítt að skapi, og kennir Ólafur Lárusson stjórnarflokkunum um hvernig fór. „Þar er barnakennurum að mæta,“ skrifar hann Magnus Olsen, prófessor í Osló, „þessum hálfmenntuðu uppskafningum, sem allt þykjast vita og hatast við alla æðri menntun.“⁴⁷

Þetta gekk eftir, og nýtt frumvarp var lagt fram á vörþingi árið 1935.⁴⁸ Þar var enn gert ráð fyrir að hagnýtar rannsóknir fyrir sjávarútveg, landbúnað og iðnað yrðu sameinaðar í einni deildaskiptri rannsóknarstofnun sem tengdist nafni Háskólans. Stofnunin hafði þó breytt um eðli og heiti, því að nú skyldi hún heita Rannsóknarstofnun Háskóla Íslands. Var þetta sjálfsagt gert til að taka af öll tvímæli um að hin nýja stofnun ætti ekki að mynda sérstaka kennsludeild við Háskólann, a.m.k. ekki til að byrja með. Kostnaður við

⁴² Árni Friðriksson, „Rannsóknir í þágu atvinnuveganna“.

⁴³ *Alþingistíðindi* 1934 A, 977–80.

⁴⁴ *Nýja dagblaðið* 14. nóv. 1934, 3.

⁴⁵ *Nýja dagblaðið* 27. nóv. 1934, 1, 4. – Ekki er að sjá að boðuð framhaldsgrein um málið hafi birst í blaðinu.

⁴⁶ *Álit og tillögur Skipulagsnefndar atvinnuveganna* I, 16–20.

⁴⁷ NB. HS, bs. nr. 375. Ólafur Lárusson til Magnus Olsen, 15. nóv. 1934.

⁴⁸ *Alþingistíðindi* 1935 A, 305–14.

I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – 1.5 LAUNAMANNAVERKSMÍÐJA Í ALÞINGISHÚSI

stofnunina átti aftur á móti að greiðast af svokölluðu sérleyfisgjaldi Happraættis Háskóla Íslands, en það var 20% skattur sem ríkið lagði á nettótekjur happraættisins. Þar að auki átti hús fyrirhugaðrar rannsóknarstofnunar að rísa á lóð Háskóla Íslands og greiðast af happraættisfé. Að þessu undanskildu voru tengsl stofnunarinnar við Háskólann nánast engin, þótt hún bæri nafn hans og hann greiddi óbeint kostnaðinn við hana. Þannig átti Háskólinn ekki að eiga neinn fulltrúa í stjórnarnefnd Rannsóknarstofnunar Háskóla Íslands, og hann réð engu um ráðningu starfsmanna hennar. Eina samband stofnunarinnar við skólann, samkvæmt upphaflegu frumvarpi, var að finna í mjög óljósu ákvæði um hugsanlega kennslu starfsmanna hennar við Háskóla Íslands. Þar sagði að þegar því yrði við komið, „að dómi Rannsóknarstofnunarinnar og atvinnumálaráðherra, að tekin verði upp kennsla við Háskóla Íslands í þeim fræðigreinum, sem Rannsóknarstofnunin einkum fjallar um, skulu starfsmenn stofnunarinnar annast kennsluna. Kennarar Rannsóknarstofnunarinnar mynda þá sérstaka kennsludeild í háskólanum“.⁴⁹ Þessu var reyndar breytt í meðförum þingsins, þannig að háskólaráð átti að vera með í ráðum við ákvörðun kennslunnar, og starfsmönnum stofnunarinnar var gert að kenna stundakennslu við Háskólann án sérstakrar greiðslu⁵⁰ – „eftir því sem atvinnumálaráðherra telur við eiga“, eins og sagði í lögnum. Að síðustu var tekið fram í lögnum að þær verklegu æfingar sem starfsmenn stofnunarinnar áttu að sjá um fyrir skólann skyldu fara fram í húsnæði stofnunarinnar Háskólanum að kostnaðarlausu, sem má reyndar teljast eðlilegt þegar þess er gætt að húsið var reist á hans kostnað.⁵¹

Frumvarpið um Rannsóknarstofnun Háskóla Íslands olli starfsmönnum og nemendum skólans talsverðum vonbrigðum, því að miklar vonir höfðu verið bundnar við að fyrirhuguð Atvinnudeild yrði lyftistöng fyrir skólann. Alexander Jóhannesson rektor og meirihluti háskólaráðs ákváðu þó að leggja blessun sína yfir frumvarpið, þótt það mætti harðri andstöðu í ráðinu. Bjarni Benediktsson og Ásmundur Guðmundsson, forsetar Lagadeildar og Guðfræðideildar, lögðust báðir eindregið gegn því en náðu ekki að stöðva stuðningsyfirlýsingu við stjórnarfrumvarpið í háskólaráði.⁵² Skömmu síðar leituðu Thor Thors og Garðar Þorsteinsson, þingmenn Sjálfstæðisflokks, eftir stuðningi ráðsins við nýtt frumvarp til laga um stofnun atvinnudeildar og rannsóknarstofnunar við Háskóla Íslands, sem sniðið var eftir fyrri hugmyndum háskólaráðs.⁵³ Beiðnin var felld


⁴⁹ *Alþingistíðindi* 1935 A, 305–08.

⁵⁰ *Alþingistíðindi* 1935 A, 466, 513.

⁵¹ *Alþingistíðindi* 1935 A, 513–16.

⁵² *HÍ*. Gjörðabók háskólaráðs II. 4. mars 1935.

⁵³ *Alþingistíðindi* 1935 A, 316–21.



Hinn 17. október 1932 birtist í Vísí grein með titlinum „Nokkur orð um bálfarir“, undirrituð P. Jak. Þar gaf höfundur yfirlýsingu sem Tryggvi Magnússon greip á lofti og teiknaði tver myndir í Spegillinn. Á annari þeirra sjást kennarar Læknadeildar kryfja líkið.

með þremur atkvæðum gegn tveimur, og voru þeir Bjarni og Ásmundur þá enn í minnihluta. Vísaði meirihlutinn málinu frá á þeirri forsendu að frumvarp Skipulagsnefndar yrði örugglega samþykkt á Alþingi og væri tilgangslaust að berjja höfðinu við steininn – „enda þótt háskólaráðið hefði gjarnan viljað hafa frá öndverðu fastara samband milli Háskólans og rannsóknarstofnunarinnar en fr[um]-v[arpið] ... gerir ráð fyrir“.⁵⁴ Spáin um framgang frumvarpsins gekk eftir, því að lög um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands voru samþykkt með góðum meirihluta í báðum deildum þingsins vorið 1935 og voru undirrituð af konungi hinn 3. maí sama ár.⁵⁵

Í eðli sínu var deilan um Atvinnudeildina átök um völd og áhrif í íslenskum vísindarannsóknnum. Stjórnámálmenn og fulltrúar hagsmunasamtaka voru greinilega ekki reiðubúnir að afsala sér forræðinu yfir því sem oft eru kallaðar „hagnýtar rannsóknir“ til Háskóla Íslands, enda snertu þær mikilvæga hagsmuni og almenna stefnu-mótun í íslensku atvinnulífi. Einnig má ætla að mörgum hafi sýnst að slík starfsemi ætti ekki að fara eftir dyntum vísindamanna, heldur skyldi hún ráðast af þörfum atvinnulífsins eins og þær voru skilgreindar af stjórnvöldum og hagsmunasamtökum í atvinnugreinunum sjálfum. Ef litið er á málið frá sjónarhóli skólans þá snerist deilan aftur á móti ekki síður um framtíð Háskóla Íslands og skipulag

⁵⁴ HÍ. Gjörðabók háskólaráðs II. 18. mars 1935.

⁵⁵ Alþingistíðindi 1935 B, 1083, 1099–1100. – Stjórnartíðindi 1935 A, 184–87.



I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – 1.5 LAUNAMANNAVERKSMÍÐJA Í ALÞINGISHÚSI

æðri menntunar á Íslandi. Út frá því sjónarmiði beið Háskólinn ósigur í atvinnudeildarmálinu, svo vitnað sé til blaðgreinar sem Bjarni Benediktsson birti í kjölfar samþykktar frumvarpsins á Alþingi. Honum fannst í sjálfu sér ekki mikill skaði af því að Háskólinn ætti ekki aðild að hinni sérstöku „humbugsnefnd“ [sem] skyldi veita þessari stofnun forstöðu“, en hitt þótti honum verra að „alt fyrirkomulag stofnunarinnar var gerólíkt háskólanum“. Þannig fóru mannaráðningar við Rannsóknarstofnunina fram með allt öðrum hætti en tíðkaðist almennt við háskóla, en við Háskólann hafði sú „venja myndast, að hlutaðeigandi deild ræður sjálf nýjum kennurum“ – og taldi Bjarni sig ekki þurfa að lýsa mikilvægi þeirrar hefðar. Yrði það „í raun rétttri stórhættulegt fyrir sjálfstæði og sæmd háskólans“ að tengjast hinni nýju rannsóknarstofnun nánum böndum, því að þar réð ráðherra öllu um mannaráðningar.⁵⁶ Ótti Bjarna við of nán tengsl við Atvinnudeildina reyndist algerlega óþarfur, því að aldrei kom til þess að Rannsóknarstofnun Háskóla Íslands breyttist í raunverulega háskólastofnun, hvað þá deild við Háskóla Íslands. Þótt háskólalög frá árinu 1936 hafi talið hana með deildum Háskólans,⁵⁷ og nafni Rannsóknarstofnunarinnar hafi verið formlega breytt í Atvinnudeild Háskóla Íslands fjórum árum síðar,⁵⁸ þá breyttist formleg afstaða hennar til Háskólans ekki neitt. Á meðan háskóla-yfirvöld hvikuðu hvergi frá þeirri kröfu að skólinn fengi raunveruleg yfirráð yfir Atvinnudeildinni, eins og öðrum deildum Háskólans, þá varð hún ekki deild við Háskóla Íslands. Smám saman trosnaði því hið takmarkaða samband sem var á milli Atvinnudeildarinnar og Háskólans, og fluttist stofnunin síðar í nokkrum áföngum af háskóla-svæðinu.⁵⁹ Stofnun Atvinnudeildar Háskóla Íslands leysti þar með hvorki þann vanda sem plagaði skólann á þriðja og fjórða áratugnum né bætti úr þeirri einhæfni sem einkenndi íslenska háskólamenntun.

Mál Atvinnudeildar Háskólans ber vott um það stefnuleysi sem ríkti meðal stjórnvalda á þessum tíma í málefnum Háskóla Íslands. Öllum mátti vera ljóst að háskólamenntun á Íslandi var komin í öngstræti vegna þeirrar einhæfni sem var í námsframboði við eina háskóla landsins. Samt sýndu stjórnvöld engan vilja til að koma til móts við kröfur skólans um fjölgun námsleiða. Þróun viðskiptamenntunar á háskólastigi er annað dæmi um þann glundroða sem ríkti í málefnum æðri menntunar á Íslandi á þriðja og fjórða áratugnum, og um leið þá óbeit sem sumir stjórnámálamenn virðast hafa haft á Háskóla Íslands. Hugmyndin um verslunarnám við Há-

⁵⁶ Bjarni Benediktsson, „Ósigur háskólans í atvinnudeildarmálinu“, 2.

⁵⁷ *Stjórnartíðindi* 1936 A, 38.

⁵⁸ *Stjórnartíðindi* 1940 A, 162–64.

⁵⁹ Vilhjálmur Lúðvíksson, „Rannsóknaráð og mótun vísinda- og tæknistefnu“, 7–22.



skólann átti sér allanga sögu, því að yfirvöld skólans höfðu lengi nefnt það sem mögulega námsbraut við skólann. Á kennarafundi í Háskóla Íslands í desember 1927 var t.a.m. samþykkt tillaga um að hafið yrði bæði verslunar- og kennaranám við Háskólann, en þetta var hugsað sem svar við áðurnefndri fjölgun nemenda í embættisdeildum skólans.⁶⁰ Í framhaldinu skipaði háskólaráð nefnd kennara til að undirbúa stofnun verslunardeildar við Háskóla Íslands. Málið strandaði þó strax á afdráttarlausu afsvari Magnúsar Kristjánssonar fjármálaráðherra, en ráðherrann aftók að veita fé til slíkrar deildar við Háskóla Íslands með þeim rökum að hann teldi „verzlunarstéttina þegar of mannmarga til þess, að vert væri að auka hana að nokkru“.⁶¹ Þar með féll hugmyndin um sjálfa sig, þótt hún hafi jafnan komið til tals þegar rætt var um aukna fjölbreytni í námsleiðum við Háskóla Íslands.⁶²

Upp úr miðjum september 1938 birtust auglýsingar í nokkrum dagblöðum um að nýr íslenskur háskóli, Viðskiptaháskóli Íslands, hæfi störf þá um haustið – „að tilhlutun ríkisstjórnarinnar“ eins og sagði í auglýsingunni. Ráðgert var að námið við skólann tæki þrjú ár og hann skyldi veita „fræðslu í þeim greinum, sem helst má ætla, að komið geti að notum við almennan atvinnurekstur og viðskifti“.⁶³ Engin lög voru þá til um hinn nýja háskóla, og því vitanlega engin reglugerð heldur. Reyndar hafði skólinn aldrei verið ræddur formlega á Alþingi, og hann hafði heldur ekki yfir neinu föstu húsnæði að ráða. Starfsmaðurinn var líka aðeins einn, Steinþór Sigurðsson, stjarnfræðingur og stærðfræðikennari við Menntaskólann í Reykjavík, tengdasonur Jónasar Jónssonar frá Hriflu.

Hugmyndina um Viðskiptaháskólann má rekja til flokksþings Framsóknarflokksins sem haldið var í febrúar 1937, en þar var samþykkt ályktun þess efnis að hafin skyldi kennsla, „undir yfirumsjón utanríkismálanefndar [Alþingis], þar sem nokkrum mönnum sé árlega gefinn kostur á að njóta aukinnar fræðslu í tungumálum, verzlunar- og atvinnufræðum, með það fyrir augum, að þeir geti tekizt á hendur utanríkisstörf – einkum ræðismanna – erlendis“.⁶⁴ Tilfnið var fyrirhuguð uppsögn sambandslagasamningsins frá 1918, en með henni skyldi utanríkisþjónusta þjóðarinnar flytjast að fullu frá Dönum í hendur Íslendinga. Gerðu framsóknarmenn ráð fyrir að samhliða hinu bóklega námi í skólanum ynnu nemendur utanríkisþjónustuskólans „að framleiðslustarfseminni, í frystihúsum samvinnufélaganna, við niðursuðu Sláturfélagsins og Ísfirðinga, við saltfisk, harð-

⁶⁰ *Alþingistíðindi* 1928 A, 715–16.

⁶¹ *Árbók Háskóla Íslands* 1928–29, 14–15.

⁶² *HÍ*. Gjörðabók háskólaráðs 21. apríl 1934. – *Þskjs.* HÍ. BA2:22. Ódagsett álit Jóns Á. Gissurarsonar (frá 1934) og Vilhjálms Þ. Gíslasonar, dags. 8. og 9. maí 1934, um verslunardeild við Háskóla Íslands.

⁶³ Sjá t.d. *Morgunblaðið* 22. sept. 1938, 4.

⁶⁴ *Nýja dagblaðið* 20. feb. 1937, 3.



I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – 1.5 LAUNAMANNAVERKSMÍÐJA Í ALÞINGISHÚSI

fisk, síld á öllum stigum framleiðslunnar“. Markmiðið með þessu var að námssveinarnir (ekki virðist hafa verið gert ráð fyrir að stúlkur sýndu náminu áhuga) kynntust íslensku atvinnulífi af eigin raun og þannig yrði komið í veg fyrir að þeir yrðu „pappírsbúkar“, eins og Jónas frá Hriflu orðaði það í túlkun sinni á ályktun flokksþingsins.⁶⁵

Nokkuð er á huldu hvernig endanleg ákvörðun um stofnun skólans var tekin, en hún virðist hafa verið rædd á lokuðum fundi svo nefndra lýðræðisflokka á Alþingi árið 1937.⁶⁶ Helsti hvatamaðurinn að stofnuninni var Jónas Jónsson, sem gegndi formennsku í utanríkismálanefnd Alþingis á þessum árum. Rökin fyrir því að svo mjög lægi á að koma náminu af stað voru þau að bráð þörf þótti fyrir að þjálfra stétt íslenskra diplómata til að taka við utanríkisþjónustunni úr höndum Dana eftir að sambandslagasamningnum yrði sagt upp. Skólanum var þó alls ekki ætlað að „ala upp veizluhetjur handa Íslandi,“ að sögn Jónasar, „heldur starfsmenn, sem eiga að fá undirbúning til að ganga með orku og þrótti inn í fjármála- og atvinnuendurreisn landsins, undir núverandi erfiðu kringumstæðum“. Merkilegt má teljast að náminu var ekki komið fyrir í Háskóla Íslands, en Jónasi var mikið kappsmál að koma í veg fyrir það. Treysti hann Háskólanum alls ekki til að leysa verkið af hendi, og því fannst honum ekki koma til greina að fela honum kennsluna. Helstu rök hans fyrir þessu voru þau að ekki mætti gera stúdentspróf að skilyrði fyrir inngöngu nemenda í Viðskiptaháskólann – þótt strangar takmarkanir ætti samt að setja fyrir aðgangi að honum. Jónas taldi ekki heldur nokkra þörf á að ráða fasta kennara að skólanum eins og reyndin var við Háskólann, heldur mætti reka hann að mestu með stundakennurum. Til kennslunnar skyldu ráðnir ýmsir „af hinum allra færustu mönnum sem völ er á í höfuðborginni“, þ.e. menn eins og dómarar í Hæstarétti, prófessorar við Háskólann, tungumálakennarar við aðra skóla ríkisins, o.s.frv. Taldi Jónas víst að þeir myndu, „af þegnskap við landið“, vera reiðubúnir að leggja Viðskiptaháskólanum lið fyrir venjuleg tímakennaralaun.⁶⁷

Vantraustið á Háskólanum átti sér djúpar rætur og kom fram í flestum samskiptum skólans við ríkisvaldið. Við stofnun Viðskiptaháskólans tilgreindi Jónas sérstaklega áhyggjur sínar af siðferðilegu uppeldi háskólastúdenta, sem honum fannst ekki hollur undirbúningur undir lífið. Gagnrýndi hann kennara Háskóla Íslands oft og harðlega fyrir að sýna nemendum sínum alltof mikla linkind, sérstaklega þegar kom að því að temja þeim vinnusemi og hófsemi í

⁶⁵ Jónas Jónsson, „Utanríkismálin“.

⁶⁶ Sbr. ummæli Ásgeirs Ásgeirssonar í umræðum árið 1941. – *Alþingistíðindi* 1941 B, 973–75.

⁶⁷ Jónas Jónsson, „Viðskiptaháskóli Íslands“.



VÍSIR

28. ár. Reykjavík, miðvikudaginn 21. september 1938. 221. töl.

Hatta & Skermabúðin er flutt í Hafnarstræti 4 uppi.

Gamla Bló
Eigum við að dansa?
 Fjörug og afar skemmtileg amerísk dans- og söngvæðing, með hinum bestu dansara.
GINGER ROGERS og FRED ASTAIRE.
 Þetta er síðasta mynd þessara vísuðu leikara, en sveiflanaga og sang skemmtilega. Því það ferger við að mæla sig að slappa af af hátt, þegar horft er á hana.
 ATH. Þessir aðgæmslur eitt kl. 6, þá ítarlaust eitt áttum.

DANSSKÓLI
Báru Sigurjónsdóttur
 hefur mánudaginn 3. október í Ólafshöllum, uppi. Kent verður: Búla, stöpp og samkvæmismenur, þar á meðal Lambell Walk og Palsla Glé. Einkatímur eftir samkvæmismenur. — Úppfæringer í síma 2290.

Nýja Bló.
Stýrjöld yfirvalandi
 Stýrjöld stýrnýnd.
 Frá United Artists

Dettofoss
 fer hólaen í dag kl. 6 og síð. 10 Hafnarfjarður og hólaen kl. 11 í kvöld um Vestmannaeyjar, til Gullunda. —

Hádegisinn
Eyrarhraun
 við Hafnarfjörð er til sölu.

Uppbáttur gefur Magnús V.
 Jóhannesson — franskerstúlafró. sem tekur við tilhöku til föstudaga 30. þ. m. kl. 12 á hádegis.

Borgardóttirin.

HEIÐA
 Leikin af SHIRLEY TEMPLE.
 verur sýnd fyrir þetta klukkan 6.

Til sölu
 Á Ólafsgötu 67, uppi, eru til sölu tvö og drögumálari sélf og þrjú stólar. —

I sláturhönd
Gísardars Gíslasonar
 við Skúlagötu er daglega sélt
Kjöt og slátur.
 Sími 1504.

Skór
 margar gerðir og
ný Kápuetni
 komin
 Verkmálfustala
Gefjun — Íðunn
 Akabúdi.

Höfum fengið NITENS
 linur margar þessu nafngjöfnum.
 þettur. —

Viðskiptaháskóli Íslands
Umsóknarfrestur til 30. sept.
 Af tilhöku viðskiptaháskólans verður Viðskiptaháskóli Íslands stofnaður í hönd.
 Skólin verður skipaður sínum fræðslu í þeim greinum, sem hefur má séla, að þessu marki og samum við almennan atvinnuleik og stöðugt. Sérstök áhersla verður lögð á heilbrigði heilbrigðis, ritun og önnur, sem verður lögð og heilbrigði atvinnuleik þess.
 Námstímur verður þess.
 Til þess að verða leikinn í skólinum, þarf umsóknandi að hefja heilbrigði skólinum, og á samum heilbrigði sé þess.
 Til þess að verða leikinn í skólinum, þarf umsóknandi að hefja heilbrigði skólinum, og á samum heilbrigði sé þess.
 Námstímur verður þess.
 Til þess að verða leikinn í skólinum, þarf umsóknandi að hefja heilbrigði skólinum, og á samum heilbrigði sé þess.
 Námstímur verður þess.

Húseggn til sölu
 Af óvinnu áttunda er til sölu er til Ólafsgötu 11 sélt með góðum kjörum. — Húsnæmi gætt komið til greina.
 Reykjavík, 20. sept. 1938.
 OLUFÓN ÓLAFSSON.

Norðurferðir
 Til og frá Akureyri alla mánudaga, þriðjudaga og fimtuglega.
 Afgræðsla á Akureyri er á Bifreiðastöð Oddvegar.
BÍFREIÐASTÖÐ STEINDÓRS.
 Sími 1580.

NATHAN & OLSEN

HVEITI RUGHJÓL
HAFRAMJÓL
HÁLSGRJÓN
KARTOFULMJÓL

Steinþór Sigurðsson.
Rafmagnsnotendur í Reykjavík og Hafnarfjörð
 sem séla sér að kaupna rafmagnsmátvél í hönd, séta sem fyrst sé sétt til málfræða sína og gæta þá hvernig sé sétt, og sé sétt afhorfandi að ríða, gætt við hana kaupmáttur og læra af

Viðskiptaháskóli Íslands var fyrsti háskóli á Íslandi sem auglýsti nám sitt eins og hverja aðra vöru, innan um danskennslu, húsnæði, kjöt, slátur og skó.

neyslu áfengra drykkja. Fyrirmyndina að Viðskiptaháskólanum vildi hann því sækja til sérskóla á borð við Verkfræðiháskólann í Kaupmannahöfn, sem að hans áliti tók hefðbundnum háskólum fram um margt. „Í verkfræðingadeildina er þröngur inngangur og hörkuvinna allan námstímann“, skrifaði Jónas í blaðgrein, en í „Hafnarháskóla er hægt að vinna mikið, en líka hægt að slæpast“. Sá andi hafði, fullyrtri hann, illu heilli flust inn í Háskóla Íslands. Þar við bættist að „klíka“ íslenzka háskólans hefir unað því vel, að stúdentar útskrifuðust fullir og innrituðust fullir í háskólann“, og slík vesalmennska yrði ekki liðin í hinum nýja Viðskiptaháskóla. Hótaði hann um leið þeim mönnum „við Háskóla Íslands, sem vilja halda verndarhendi yfir drykkjuskap og vinnuleysi nemenda“ því að þeim myndu brátt mæta „nokkrir erfiðleikar frá hálfu gjaldenda, sem borga allan tilkostnað við stofnun þá, sem þeir starfa að“.68 Háskólar áttu samkvæmt þessu ekki aðeins að kenna nemendum sínum fræði eða

68 Jónas Jónsson, „Grundvöllur viðskiptaháskólans“.

vísindalegan þankagang heldur einnig að þjóna sem uppeldisstöðvar fyrir síðsama og nýta borgara.

Fljótlega eftir stofnun Viðskiptaháskólans færðu háskólayfirvöld í tal að rétt væri að leggja skólann niður og taka upp í hans stað viðskipta- og hagfræðikennslu við Lagadeild Háskóla Íslands. Eins og svo oft áður tengdist þessi áhugi áhyggjum háskólayfirvalda af sívaxandi fjölda stúdenta í lækna- og lögfræðinámi, en nú blöstu líka við hjartari tímar í húsnæðismálum Háskólans sem aftur opnuðu nýja möguleika í kennslu.⁶⁹ Naut Háskólinn stuðnings ýmissa hagfræðinga sem um málið höfðu fjallað, og þá ekki síst Gylfa Þ. Gíslasonar sem lagt hafði grunninn að skipulagningu námsskrár fyrir Viðskiptaháskólann.⁷⁰ Mestu máli skipti þó sjálfsagt eindregin og margítrekuð ósk nemenda Viðskiptaháskólans um að þeir fengju að ljúka námi sínu við Háskóla Íslands – enda voru margir þeirra uggandi vegna þess að engar reglur voru til um Viðskiptaháskólann. Því var alls ekki ljóst hvaða réttindi námið veitti nemendum eða hvernig lokapróf þaðan yrðu uppbyggð.⁷¹

Þrátt fyrir eindreginn stuðning flestra þeirra sem málið helst varðaði mætti innlimun Viðskiptaháskólans í Háskóla Íslands mikilli andstöðu á Alþingi. Málið var lagt fram af menntamálanefnd neðri deildar vorið 1941, sem breyting á háskólalögum frá árinu 1936, en samkvæmt henni átti nafn Lagadeildar að breytast í Laga- og hagfræðideild.⁷² Í bréfi rektors til ráðherra, sem lagt var fram með frumvarpinu, sagði til skýringar að ef þessi nafnbreyting gengi í gegn þyrfti ekki „að breyta háskólalögum, þótt tekin verði upp kennsla í hagfræði til embættisprófs eða viðskiptaháskólinn sameinaður lagadeild“.⁷³ Málið fór ekki vel af stað í þinginu því að sjálfur flutningsmaður þess, Bjarni Bjarnason, skólastjóri Héraðsskólans á Laugarvatni, þingmaður Framsóknarflokks og formaður menntamálanefndar neðri deildar Alþingis, lagðist beinlínis gegn frumvarpinu um leið og hann mælti fyrir því. Nokkrir samþingsmenn hans tóku undir þá afstöðu, þeirra á meðal Hermann Jónasson forsætis- og kennslumálaráðherra og Pálmi Hannesson rektor Menntaskólans í Reykjavík. Jónas Jónsson gekk þó hvað harðast fram í umræðunum, enda var Viðskiptaháskólinn honum mikið hjartans mál. Vandaði Jónas ekki Alexander Jóhannessyni háskólarektor kveðjurnar í þinginu, og rakti hann áhugann á sameiningu Viðskiptaháskólans við Háskóla Íslands beint til hans. „Ég hef áður sýnt fram á,“ sagði Jónas, „að sá maður, sem stendur fyrir þessari fáránlegu vitleysu, dr.

⁶⁹ *Árbók Háskóla Íslands* 1939–40, 6–8. – *HÍ*. Gjörðabók Lagadeildar I. 29. ágúst 1940.

⁷⁰ *Alþingistíðindi* 1941 A, 215–25. – Gylfi Þ. Gíslason, „Upphaf og þróun kennslu í viðskiptafræðum“, 31–32. Sjá t.d. *Alþingistíðindi* 1941 A, 750–52.

⁷¹ *Alþingistíðindi* 1941 A, 750–52.

⁷² *Alþingistíðindi* 1941 A, 212–13.

⁷³ *Alþingistíðindi* 1941 A, 213.

Alexander Jóhannesson, hefur verið að gera axarsköft allt lífið, og eftir þessa frammistöðu er næsta ótrúlegt, að h[átt]v[virtir] þ[ing]-m[enn] láti hann hafa áhrif á sig við afgreiðslu þessa máls“. Sjálfstæði Viðskiptaháskólans var lykilatríði, að mati Jónasar, ekki vegna þess að það skipti öllu „hvort fáeinum piltum í viðskiptaháskólanum er kennt í þessu eða hinu húsinu, en það, sem gerir það að verkum, að menn fylgjast með þessu máli, er, að hér eru átök um það, hvort sá andi, sem frelsishetjur okkar um 1840 byggðu á nýtt líf á Íslandi, hvort hann sigrar, eða hvort á að vera andlegur kotungskapur, sem illa menntaðir menn halda fram“.⁷⁴

Málflutningur Jónasar Jónssonar ber greinilega vott um algert vantraust á Háskóla Íslands og þeirri starfsemi sem þar fór fram. Að hans mati var skólinn ekki aðeins slakur embættismannaskóli, heldur beinlínis andþjóðlegur og því óhæfur til að mennta forystumenn í íslensku viðskiptalífi og utanríkisþjónustu. Sjálfsgagt mót-udust þessar skoðanir hans að nokkru af persónulegri andúð á forystumönnum skólans, sem hafði brotist út eftir vígslu háskólabyggingarinnar árið 1940. Sú staðreynd að stór hópur þingmanna tók undir málflutning Jónasar sannar þó að hann var ekki einn um að bera lítið traust til Háskólans. Tveir þingmenn Sjálfstæðisflokks greiddu þannig atkvæði gegn háskólafrumvarpinu í efri deild og einn í neðri deild, og það var aðeins fyrir stuðning Páls Zóphóniassonar, ráðunautar Búnaðarfélags Íslands og þingmanns Framsóknarflokks, sem málið komst í gegnum efri deild og þar með þingið. Samþykkti efri deild, með eins atkvæðis mun, að taka upp kennslu í viðskipta- og hagfræði við Lagadeild Háskóla Íslands, og Viðskiptaháskólinn var þar með allur.⁷⁵

4. Styrkari forysta – sterkari stofnun?

Í byrjun febrúar 1936 undirritaði konungur ný heildarlög um Háskóla Íslands, hin fyrstu frá upphaflegum lögum sem samþykkt voru á þinginu 1909.⁷⁶ Nýju löggin boðuðu í sjálfu sér enga byltingu í starfsemi Háskólans, en þau festu þó í sessi ákveðnar skipulagsbreytingar sem háskólayfirvöld höfðu farið fram á í nokkur ár. Í lög- unum var kveðið á um fimmtu deildina við Háskóla Íslands, Atvinnudeild, eins og áður sagði, en þótt hún hafi aldrei orðið að raunverulegri háskóladeild var hennar getið í lögum um Háskólann allt til ársins 1957. Önnur breyting var sú að háskólaárið var flutt fram um einn mánuð. Kennsla hafði jafnan hafist við Háskólann í

⁷⁴ *Alþingistíðindi* 1941 B, 1004–21.

⁷⁵ *Alþingistíðindi* 1941 B, 1027. Einn framsóknarþingmaður, Páll Hermannsson, var fjarstaddur við atkvæðagreiðsluna; frumvarpið var samþykkt með mun meiri mun í neðri deild (17:4), en reyndar mun- aði aðeins tveimur atkvæðum að því væri vísað frá deildinni með frávísunartillögu. – *Alþingistíðindi* 1941 B, 993. – Sjá einnig ítarlega umfjöllun um málið: Gylfi Þ. Gíslason, *Viðskiptadeild Háskóla Íslands 40 ára*, 3–30.

⁷⁶ *Stjórnartíðindi* 1936 A, 38–44.

byrjun október og lokið 30. júní. Þetta hafði valdið bæði nemendum og kennurum erfiðleikum, því að, eins og Magnús Jónsson, prófessor í guðfræði og þingmaður Sjálfstæðisflokksins, orðaði það á þinginu, „eftir 15. maí er mjög erfitt að fá stúdentana til þess að sækja fyrirlestra“.⁷⁷ Ástæðan var sú að nemendur reiddu sig á atvinnu á sumrin og vildu þess vegna losna sem fyrst úr skóla á vorin. Haustið 1936 var Háskólinn settur 19. september eða um hálfum mánuði fyrir en áður, og allri kennslu átti að ljúka eigi síðar en 15. júní, og hélst sú tilhögun næstu áratugi. Þriðja breytingin í lögnum frá 1936 sneri að rektorskjöri, en í þeim var kjörtímabil rektors lengt úr einu ári í þrjú um leið og kosningaréttur var takmarkaður við dósentana og prófessora, en nokkrir aukakennarar í Læknadeild höfðu mátt taka þátt í rektorskjöri samkvæmt fyrstu lögum Háskólans.⁷⁸ Hart hafði verið deilt um þessa breytingu innan Háskólans, því að margir kennaranna töldu „það demokratískt að kjósa rektorinn til 1 árs“, eins og Magnús Jónsson orðaði það í þinginu. Rökin með breytingunni voru aftur á móti þau að meiri líkur þóttu til að rektor sem sæti til fleiri ára beitti sér af krafti „fyrir ýmsum umbótamálum skólans“, og því studdi Magnús þessa lengingu kjörtímabils rektors heilshugar.⁷⁹

⁷⁷ *Alþingistíðindi* 1935 B, 1436–37. – *Árbók Háskóla Íslands* 1936–37, 3–4.

⁷⁸ Samkvæmt fyrstu lögum Háskólans kusu háskólakennarar rektor, og aukakennarar í Læknadeild sem nefndir voru í lögum um laun kennara frá 1909 virðast hafa talist þar með. A.m.k. greiddu þeir atkvæði í rektorskjöri fyrstu árin – en sá siður var reyndar aflagður áður en lögín voru skýrð hvað þetta varðar. – *HÍ. Gjörðabók háskólaráðs* I, 10. júní 1911; II, 17. júní 1935.

⁷⁹ *Alþingistíðindi* 1935 B, 1437.

⁸⁰ *Alþýðublaðið* 17. nóv. 1939, 1. – *Morgunblaðið* 17. nóv. 1939, 3. – *Vísir* 18. nóv. 1939, 2. – *Þjóðviljinn* 17. nóv. 1939, 1.

⁸¹ *Alþingistíðindi* 1941 B, 1016.

Af umræðum um málefni Háskóla Íslands í aðdraganda flutnings úr Alþingishúsinu má skilja að síðastnefnda lagabreytingin hafi styrkt stöðu Háskóla Íslands verulega í viðskiptum hans við ríkisvaldið. Alexander Jóhannesson, sem var kjörinn rektor til þriggja ára árið 1939, setti þannig fram mjög skýra áætlun um framtíð Háskólans og sendi þingmönnum og fjölmiðlum. Hlaut hún talsverða athygli því að flest Reykjavíkurblaðanna slógu fréttum af henni upp á áberandi hátt.⁸⁰ Rektor varð þar með andlit skólans útávið um leið og hann rak málefni stofnunarinnar af festu bæði gagnvart Alþingi og ríkisstjórn. Þessi nýja pólitík Háskólans féll ekki í kramið hjá öllum þingmönnum, eins og sást greinilega af persónulegum árásum Jónasar Jónssonar á Alexander Jóhannesson í umræðum um sameiningu Viðskiptaháskólans við Háskóla Íslands. „Það mætti kalla þetta ‚Alexanderisma‘ á hæsta stigi“,⁸¹ sagði Jónas um málið í þingræðu, og þar með var vilji Háskólans orðinn að persónulegri stefnu rektorsins. Breytingin á rektorsstarfinu olli ein og sér engri byltingu í starfi Háskólans, en hún er þó tákn um að Háskóli Íslands var að breyta um svip. Skólinn stækkaði ört á árunum fyrir síðari heimsstyrjöld, en stjórnvöld sýndu lítinn áhuga á að efla starfsemi



Alexander Jóhannesson (1888–1965) var málfræðingur með þýsku að sérgræin, prófessor í íslenski málfræði 1930–58 og háskólarektor 1932–35, 1939–42 og 1948–54. Hann var stórhuga framkvæmdamaður, stýrði byggingarnefndum flestra húsa á háskólalóðinni um sína daga og átti mikinn þátt í vexti Háskólans á starfsárum sínum. Málverk eftir Gunnlaug Blöndal.

hans eða fjölga námsbrautum. Vaxandi þrengsli og stöðnun í starfsemi Háskólans þjappaði starfsmönnum hans saman, því að þeim fannst oft að stofnuninni vegið. Að því leyti var skólinn að taka á sig mynd sem ein heildstæð stofnun, fremur en safn embættismannaskóla sem voru sameinaðir undir einu þaki en störfuðu annars eins og sjálfstæðar einingar.

6. Vísindin efla alla dáð

1. Vísindaleg rannsóknarstofnun?

Haustið 1921, við upphaf ellefta starfsárs Háskóla Íslands, hélt þáverandi rektor, Ólafur Lárusson, tölu yfir nýjum háskólastúdentum á sal neðri deildar Alþingis, á sama stað og skólinn hafði verið vígður áratug fyrr. Setningarræða rektors var fastur liður í starfi Háskólans, því að frá byrjun höfðu háskólarektorar afhent nýstúdentum háskólaborgarabréf við hátíðlega athöfn við upphaf hvers háskólaárs, eða einhvern fyrstu dagana í október.¹ Notuðu þeir tækifærið til að leggja stúdentum lífsreglurnar áður en þeir hófu nám í nýjum skóla, um leið og þeir skýrðu frá því sem efst var á baugi í málefnum Háskólans hverju sinni, ræddu almennt um stöðu skólans í samfélaginu og veltu fyrir sér hlutverki hans í mennta- og menningarlífi þjóðarinnar. Hugleiðing Ólafs Lárussonar snerist að mestu um spurninguna hvort Háskóli Íslands hefði staðist þær væntingar sem við hann höfðu verið bundnar. Minnti hann nemendur á að Háskólanum hafi fyrst af öllu verið ætlað „að vera miðstöð vísindalífs hjer á landi og veita embættismaefnum þjóðarinnar vísindalega mentun í fræðigreinum sínum“.² Þetta fól í sér þá frumskyldu starfsmanna Háskóla Íslands „að fylgjast með vísindalífi annara þjóða og gera það og þær nýjungar, er þar verða, arðberandi fyrir menningu vora, og reyna eftir mætti að leggja sjálfstæðan skerf til vísindanna, reyna að finna nýja þekkingu og miðla öðrum þjóðum henni“.³ Háskóli Íslands átti því í senn að miðla niðurstöðum erlendra vísindarannsókna inn í íslenskt samfélag og taka eftir fremsta megni virkan þátt í alþjóðlegu rannsóknarstarfi.

Þessi metnaðarfullu markmið hafa ávallt verið leiðarljós Háskóla Íslands, eins og sjálfsagt flestra háskóla í heiminum, þótt honum hafi gengið misjafnlega að uppfylla þau. Á tíu ára afmælinu var skólinn enn í því bráðabirgðahúsnæði sem honum var úthlutað við stofnun, og fáir háskólar í heiminum buðu kennurum sínum og nemendum upp á jafnþröngan kost og Háskóli Íslands. Þetta þurfti í sjálfu sér ekki að koma á óvart, sagði Ólafur stúdentum, því að þjóðin var bæði fámenn og fátæk. Vísaði hann í því sambandi til orða ónefnds erlends fræðimanns sem hafði furðað sig á þeirri heimskulegu ofdirfsku Íslendinga „að oss skyldi koma það til hugar að færast það í fang að

¹ Ekki fer sögum af slíkri athöfn fyrsta háskólaárið, enda var Björn rektor þá ókominn úr för sinni á aldarafmæli Kristjanfúháskóla, en fréttir birtust af henni annað starfsár HÍ. – *Ísafold* 5. okt. 1912, 239. – Ræður rektoranna eru prentaðar í *Árbók Háskóla Íslands* frá og með háskólaárinu 1917–18.

² Ræðan er prentuð í *Árbók Háskóla Íslands* 1921–22, 4–11.

³ *Árbók Háskóla Íslands* 1921–22, 6.

lífa lífi menningarþjóðar í hálfgerðu heimskaotalandi“. Smæðin gerði það líka að verkum að framlag Íslendinga til vísindanna væri tilviljunum háð, þótt íslenskir vísindamenn ættu, að mati Ólafs, ágæt færi til sóknar í einstaka fræðigreinum. Fyrsta þeirra taldi hann íslenska tungu, bókmenntir og menningarsögu, en Íslendingar áttu þar „því láni að fagna, að sú fræði hefir gildi langt út fyrir þjóðfjelag vort og hún hefir mikið gildi einmitt fyrir mestu menningarþjóðir heimsins, er nú eru, frændþjóðir vorar, germönsku þjóðirnar“. Náttúruvísindi voru annað svið þar sem Íslendingar gátu, að mati Ólafs, lagt drjúgan skerf af mörkum, og þá einkum í þeim greinum sem snertu sérstaklega náttúru Íslands. „Jeg skal aðeins nefna eitt dæmi þess“, sagði hann. „Starf elds og íss í sköpun jarðarinnar er víst óvíða betra að rannsaka en hjer.“ Þegar hér var komið sögu var þó engin jarðfræði kennd við Háskóla Íslands, og sama gildi reyndar um öll önnur náttúruvísindi en þau sem boðið var upp á sem hluta embættisnáms í læknisfræði. Á meðan svo var háttað var auðsjáanlega ekki við verulegu framlagi að búast frá starfsmönnum skólans á sviði náttúruvísindanna. Í ræðu sinni óskaði Ólafur skólanum þess að hagur hans myndi vænkast á næstu árum og Háskóli Íslands, „nyrsti háskóli heimsins, geti orðið miðstöð norrænna fræða, þ.e. bæði fræðanna um menningu, bókmenntir og tungu norrænna þjóða og eðli og náttúru norrænna landa“. Taldi rektor skólan geta náð því marki í framtíðinni, „ef allir, er það mál skiftir, leggja þá rækt við háskóla vorn, sem þeim er unt og skylt“.⁴


Þrátt fyrir hjartsýni rektors á tíu ára afmælinu var þess langt að bíða að kennsla og rannsóknir í náttúruvísindum efldust innan Háskólans, og reyndar var erfitt að lesa nokkurn áhuga á að efla vísindastarf við skólann út úr aðgerðum íslenskra stjórnvalda á fyrstu áratugunum sem skólinn starfaði. Þannig er lítið sem ekkert minnst á rannsóknir eða vísindi í fyrstu lögum og reglum um Háskóla Íslands, á meðan viðfangsefnum kennslu og inntaki embættisprófa var lýst í smáatriðum. Tilraunir skólans til að hasla sér völl í hagnýtum rannsóknum misheppnuðust líka algerlega, eins og áður var fjallað um, og þar með nýttust slíkar rannsóknir ekki sem sá grunnur fyrir annað vísindastarf í Háskólanum og náttúruvísindakennslu sem margir framámennt hans höfðu vonast til. Þetta þýðir auðvitað ekki að kennarar við Háskóla Íslands hafi forsómað allar vísindaiðkanir, en þeir gátu þó aðeins helgað sig rannsóknum í þeim takmarkaða tíma sem þeir áttu aflögu frá kennslu og annarri launavinnu sem þeir stunduðu til að sjá sér og sínum farborða. Vísindastarfið unnu þeir fyrst og fremst að sínu

⁴ *Árbók Háskóla Íslands* 1921–22, 6–9.

I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – I.6 VÍSINDIN EFLA ALLA DÁÐ

Frá doktorsvörn Helga P. Briem í sal Landsbókasafns Íslands, nú Þjóðmenningarhúss, 7. apríl 1938. Á myndinni til vinstri er andmælandi ex auditorio, Guðbrandur Jónsson.

Til hægri er doktorsefni í ræðustólnum. Til hægri við hann situr Sigurður Nordal prófessor og forseti Heimspékideildar, sem stýrði vörninni. Ritgerð Helga heitir Byltingin 1809 og fjallar um valdarán Jörundar hundadagakonungs á Íslandi.



eigin frumkvæði, því að tækin til rannsókna – hvort sem það voru bækur eða rannsóknarstofur – voru fábrotin og erfitt er að sjá að umbunað hafi verið sérstaklega fyrir öflugt rannsóknarstarf eða þeim kennurum væri refsað sem lögðu litla rækt við þann þátt háskóla-kennarastarfsins. Að því marki sem Háskólinn náði máli sem „vísindaleg rannsóknarstofnun“, svo enn sé vitnað til vígsluræðu Björns M. Ólsen, þá var það tæpast fyrir hvatningu frá stjórnvöldum, og aðeins að litlu leyti fyrir stuðning frá Háskólanum sjálfum, sem starfsmenn hans lögðu fram skerf til vísindanna. Frumkvæðið hlaut að koma frá kennurunum sjálfum, og því skipti öllu fyrir viðgang rannsókna að þar veldust til starfa menn sem höfðu áhuga og getu til slíkra starfa og að þeir hefðu einhverja möguleika á að sinna þeim.

2. Kennarar við Háskóla Íslands

Ef kennarahópurinn sem kom til starfa haustið 1939, við upphaf síðasta starfsárs Háskóla Íslands við Austurvöll, er borinn saman við fyrsta hópinum við skólann virðist fremur lítið hafa breyst á þeim næstum þremur áratugum sem hann hafði starfað í Alþingishúsinu. Árið 1939 voru 14 kennarar í föstum kennaraembættum við Háskólann, 13 prófessorar og einn dósent, og hafði þeim því aðeins fjöggað um þrjá á fyrstu 29 árum skólans – á sama tíma og nemendafjöldinn hafði fimmfaldast. Í tveimur háskóladeildum, Guðfræðideild og Lagadeild, hafði ekkert breyst hvað þetta varðar; í hinni fyrri kenndu samkvæmt lögum tveir prófessorar og einn dósent en þrjár prófessorar í hinni síðari. Í Læknadeild fékkst ný dósentstaða í „líffærameinafræði



Stúdentar og kennari í Guðfræðideild 1926–27. Kennarinn, Sigurður P. Sívertsen, er í þriðju röð, yst til vinstri. Nöfn stúdentanna má lesa í bók Páls Sigurðssonar, Úr húsnæðis- og byggingarsögu Háskóla Íslands I, 115.

og sóttkveikjufræði“ árið 1917,⁵ og í kjölfar opunar Landspítalans árið 1930 samþykkti Alþingi lög um nýtt prófessorsembætti í lyflæknisfræði.⁶ Mestar sviptingar höfðu þó orðið í smæstu deildinni, Heimspékideild. Þegar litið er á tímabilið í heild gerðist reyndar það eitt að dósentsstöðunni í sögu Íslands var breytt í prófessorsstöðu árið 1919,⁷ og deildin fékk nýja dósentsstöðu í málfræði árið 1925.⁸ Um tíma höfðu þó starfað við deildina bæði prófessor í hagnýtri sálarfræði og dósent í klassískum fræðum, en bæði þessi embætti voru lögð af í sparnaðarátaki Alþingis á þriðja áratugnum. Prófessorsembættið í sálarfræði var stofnað með lögum árið 1917,⁹ en það var bundið nafni Guðmundar Finnbogasonar, heimspékings og sálfræðings, og féll sjálfkrafa niður þegar hann tók við starfi landsbókavardar árið 1924.¹⁰ Dósentsembættið í klassískum fræðum var aftur á móti samþykkt með lögum frá Alþingi árið 1914.¹¹ Var það gert að frumkvæði Stúdentafélags Reykjavíkur,¹² en tilefnið virðist hafa verið umræður í Danmörku um hnignun menntunar í klassísku málunum eftir að kennsla í „nýrri tungum“ og náttúrufræði var aukin á þeirra kostnað í menntaskólum danska konungsríkisins á fyrsta áratug aldarinnar.¹³ Talsverðar deilur spunnust á Alþingi og í íslenskum blöðum út af stofnun þessa kennarastóls því að ýmsum fannst að brýnna væri að auka einhverja aðra kennslu við Háskólann en í fornum tungumálum. Aðrir mótmæltu aftur á móti kennarastólnum sem algerlega óþarfri fjölgun embættismanna.¹⁴ Skoðanir voru nokkuð skiptar í Háskólanum sjálfum

⁵ *Stjórnartíðindi* 1917 A, 45.

⁶ *Stjórnartíðindi* 1932 A, 67. – *Alþingistíðindi* 1932 B, 1495–99.

⁷ *Stjórnartíðindi* 1919 A, 36.

⁸ *Stjórnartíðindi* 1925 A, 80.

⁹ *Stjórnartíðindi* 1917 A, 46.

¹⁰ Jörgen L. Pind, *Frá sál til sálar*, 392–94.


¹¹ *Stjórnartíðindi* 1914 A, 39.

¹² *Sunnanfari* 1. ágúst 1914, 62–63.

¹³ Sbr. *Löggrjetta* 12. nóv. 1913, 187; 19. nóv. 1913, 196. – *Vestri* 12. sept. 1914, 148. – Larsen, „Københavnns Universitet 1902–1936“, 470–90. – *Saga Reykjavíkurskóla* I, 9–11.

¹⁴ *Alþingistíðindi* 1914 A, 193–94; BII, 273–311 og BIII, 524–52. – Guðmundur Björnsson, *Vandrækt vandamál þings og þjóðar*, 63–73. – Jóhannes Ólafsson, „Til athugunar“.

I. EMBÆTTISMANNSKÓLINN – I.6 VÍSINDIN EFLA ALLA DÁÐ




Guðmundur Hannesson
læknir, rektor 1915–16 og
1924–25.



Haraldur Níelsson guð-
fræðingur, rektor 1916–17
og 1927–28.



Ágúst H. Bjarnason heim-
spekingur, rektor 1917–18
og 1928–29.



Einar Arnórsson lögfræð-
ingur, rektor 1918–19 og
1929–30.

Framan af voru rektorar Háskólans aðeins kosnir til eins árs, og tíðkaðist ekki að endurkjósa þá. Á fyrsta áratug skólans hafði hann því tíu rektora. Fjórir þeir fyrstu eru á mynd af fyrsta háskólaráðinu í kafla I.3.1 að framan. Hér eru átta þeir næstu, sem gegndu rektorsstarfi 1915–25, auk þess sem sumir þeirra voru kosnir rektorar í annað sinn síðar, að undanteknum Sigurði Nordal, rektor 1922–23, sem birt er mynd af í kafla I.6.6. Árið 1924 var tekið að kjósa menn til rektorsstarfa í annað sinn, fyrst Guðmund Hannesson.

um hvort þörf væri á sérstakri kennslustöðu í klassískum málum, og fór það svo að kennarar Heimspekideildar lögðust gegn því að skipað yrði í starfið að nýju eftir lát fyrsta og eina kennarans sem gegndi því, Bjarna Jónssonar frá Vogu, árið 1926. Þess í stað stungu þeir upp á að fénu sem sparaðist við að ráða ekki í embættið yrði varið til að kosta styttri heimsóknir erlendra vísindamanna til Íslands. Höfðu þeir einkum í huga sérfræðinga í norrænum fræðum, „er kvaddir yrðu hingað til þess að flytja fyrirlestra í háskólanum um lengri eða skemri tíma“. Var þetta hugsað sem liður í því að festa Háskóla Íslands í sessi sem alþjóðlega miðstöð norrænna fræða, um leið og rjúfa átti fræðilega einangrun landsins.¹⁵ Stjórnvöld virðast hafa gripið fyrri hluta tillögunnar fegins hendi, og skipuðu því ekki í stöðuna. Ekki er þó að sjá að þau hafi tekið mark á síðari hlutanum, a.m.k. eru engin merki þess í fjárlögum að fé hafi verið veitt til heimsókna erlendra sérfræðinga í norrænum fræðum til Íslands.

Kennarahópurinn 1939 var ekki aðeins nokkurn veginn jafnstór og hann hafði verið við stofnun Háskólans heldur var samsetning hans svipuð. Eins og fyrr voru allir prófessorarnir og dósentarnir íslenskir karlar og flestir á miðjum aldri. Meðalaldur kennaranna var þó heldur hærri árið 1939 en verið hafði fyrsta háskólaárið, en „meðalkennarinn“ var tæplega fimmtugur í upphafi háskólaárs 1939 en hafði verið tæpum tíu árum yngri árið 1911. Mikilvægasta breytingin á milli þessara ára fólst í menntun kennaranna, því að fyrsta háskólaárið höfðu þeir allir stundað sitt háskólanám við háskólann í Kaupmannahöfn, en af þeim sem komu til starfa haustið 1939 höfðu aðeins fimm af 14 lokið prófi frá Hafnarháskóla. Árið 1939


¹⁵ HÍ. Gjörðabók háskólaráðs I. 12. júlí 1914. – Þslj.s. Stjr. I. skrifst. B/297, örk 8. Db. 7, nr. 713. Háskóli Íslands. Guðmundur Thoroddson, rektor HÍ, til Dóms- og kirkjumálaráðuneytis 27. nóv. 1926.




Sigurður P. Sívertsen guðfræðingur, rektor 1919–20 og 1928.



Guðmundur Finnbogason heimspekingur, rektor 1920–21.



Ólafur Lárusson lögfræðingur, rektor 1921–22, 1931–32 og 1945–48.



Páll Eggert Ólason sögufrófsor, rektor 1923–24.

hafði meirihluti kennaranna, eða átta, aftur á móti menntast við Háskóla Íslands, og ber það auðvitað vott um þau umskipti sem urðu á íslenskrri háskólamenntun með stofnun skólans. Allir kennarar Guðfræðideildar og Lagadeildar höfðu lokið embættisprófum frá Háskóla Íslands, og þótt flestir þeirra hefðu stundað eitthvert framhaldsnám við erlenda háskóla – aðallega í Danmörku og Þýskalandi – hafði enginn þeirra af öðrum prófgráðum að státa en íslenskum guðfræði- og lagaprófum. Staðan var nokkuð önnur í Læknadeild og Heimspekideild. Tveir af fjórum prófessorum Læknadeildar höfðu menntast við Kaupmannahafnarháskóla eingöngu, en hinir tveir höfðu stundað umtalsvert sérnám á Norðurlöndum, Bretlandi og í Þýskalandi að loknu embættisprófi frá Háskóla Íslands. Athyglisvert er að enginn kennaranna í Heimspekideild hafði stundað nám við Háskóla Íslands, og þrír af fjórum þeirra höfðu lokið doktorsprófi – tveir frá Kaupmannahöfn og einn frá Þýskalandi –, og voru það einu föstu kennarar skólans sem gátu státað af doktorsgráðum. Kennarinn í sögu Íslands hafði þó engri háskólagráðu lokið, a.m.k. ekki í sagnfræði, því að þótt Árni Pálsson prófessor hefði stundað sögunám við Kaupmannahafnarháskóla í ein 13 ár þá sneri hann heim próflaus.¹⁶

Prófessorar og dósentar mynduðu kjarnann í kennaraliði Háskólans, en því fór þó fjarri að þeir hafi einir kennt við skólann. Samkvæmt Árbók Háskólans störfuðu 14 svokallaðir aukakennarar við Háskóla Íslands háskólaárið 1939–40, en þeir voru annars vegar Íslendingar sem voru í fullri vinnu utan Háskólans, en kenndu sérgreinar sínar í aukavinnu við hinar ýmsu deildir skólans, og hins vegar erlendir sendikennarar við Heimspekideild, að mestu leyti launaðir af erlendum

¹⁶ Kristján Albertsson, „Árni Pálsson“, 53–67.



I. EMBÆTTISMANNAKÓLINN – I.6 VÍSINDIN EFLA ALLA DÁÐ

Tafla I.1 Fjöldi kennara við Háskóla Íslands 1911–40

1911–12			
Deild	Prófessorar	Dósentar	Aðrir kennarar
Guðfræðideild	2	1	1
Læknadeild	2		7
Lagadeild	3		
Heimspékideild	2	1	
Alls	9	2	8
1921–22			
Deild	Prófessorar	Dósentar	Aðrir kennarar
Guðfræðideild	2	1	
Læknadeild	2	1	6
Lagadeild	3		
Heimspékideild	4	1	
Alls	11	3	7
1931–32			
Deild	Prófessorar	Dósentar	Aðrir kennarar
Guðfræðideild	2	1	3
Læknadeild	2	1	6
Lagadeild	3		
Heimspékideild	4		1
Alls	11	2	10
1939–40			
Deild	Prófessorar	Dósentar	Aðrir kennarar
Guðfræðideild	2	1	3
Læknadeild	4		5
Lagadeild	3		2
Heimspékideild	4		6
Alls	13	1	16

Heimildir: *Árbók Háskóla Íslands* 1911–12, 18–19; 1921–22, 20–27; 1931–32, 23–30; 1939–40, 31–37. Í töflunni eru kennarar flokkaðir eftir starfsheitum en ekki lögbundnum skilgreiningum starfanna sem þeir gegndu. Þannig sátu prófessorarnir Niels Dungal (Læknadeild) og Alexander Jóhannesson (Heimspékideild) í dósentembættum þótt þeir hefðu báðir færst í starf prófessors eftir að hafa gegnt dósentstarfi í sex ár (Alexander árið 1930 og Niels árið 1932).

ríkjum. Sumir af kennurunum í fyrirtalda hópnum sýndu Háskóla Íslands ótrúlega hollustu og kenndu áratugum saman við Háskólann fyrir smánarleg laun; má þar nefna Kristín Ármannsson, kennara og síðar rektor Menntaskólans í Reykjavík, en hann kenndi grísku við Guðfræðideild í rúma fjóra áratugi (1925–66),¹⁷ Ólaf Þorsteinsson,

¹⁷ Einar Magnússon, „Kristinn Ármannsson rektor“, 12.



háls-, nef- og eyrnalækni, sem kenndi læknanemum sérgrein sína í 40 ár (1911–51),¹⁸ og Trausta Ólafsson efnafraeðing sem starfaði sem aukakennari við Læknadeild í tæpa fjóra áratugi (1921–58), og síðustu árin einnig í Verkfræðideild.¹⁹ Fékk hann titilinn prófessor árið 1945 í viðurkenningarskyni fyrir farsælt starf við skólann.²⁰

Erlendir sendikennarar störfuðu við Heimspékideild Háskóla Íslands nokkurn veginn samfleytt frá stofnun hans, þótt þessi starfsemi hafi verið frekar óregluleg fyrstu árin. Franskir sendikennarar kenndu við Háskólann fyrstu þrjú starfsár hans, en kennslan féll niður við upphaf fyrri heimsstyrjaldar.²¹ Í stríðsbyrjun höfðu Þjóðverjar líka lagt drög að þýskukennslu við Háskóla Íslands, en kennarinn var kallaður í þýska herinn fljótlega eftir komuna til landsins og varð því ekkert úr kennslunni í bili.²² Á stríðsárunum og fram eftir þriðja áratugnum störfuðu danskir sendikennarar við Háskólann, en þeirri kennslu var hætt árið 1927 í sparnaðarskyni að því er virðist.²³ Þess í stað kostuðu Danir fyrirlestraferðir danskra fræðimanna til Íslands næstu árin, en þeir dvöldust venjulega við Háskólann í nokkrar vikur í senn.²⁴ Á fjórða áratugnum fjölgaði sendikennurum við Háskólann, og meiri regla komst á dvöl þeirra við skólann. Um miðjan áratuginn kenndu yfirleitt fjórir erlendir sendikennarar við Háskóla Íslands, þ.e. frá Bretlandi, Frakklandi, Svíþjóð og Þýskalandi.²⁵ Í síðari heimsstyrjöld skrátt þessi starfsemi saman um tíma, og tungumálakennslan við Háskólann var að mestu í höndum stundakennara, annaðhvort Íslendinga sem lært höfðu erlendis eða útlendinga sem voru búsettir á Íslandi. Hér var þó breskur sendikennari, Cyril Jackson, öll stríðsárin,²⁶ og sænskir sendikennarar þau flest.²⁷

Óhætt er að fullyrða að erlendu sendikennararnir settu sinn svip á Háskólann, þótt þátttaka þeirra í háskólalífnum væri fremur takmörkuð, a.m.k. þar til BA-nám í tungumálum var sett á laggirnar á árum síðari heimsstyrjaldar. Flestir þeirra voru sannkallaðir „Íslandsvinir“, sem annaðhvort töluðu íslensku þegar þeir komu til landsins eða lærðu málið á meðan á dvöl þeirra stóð hér á landi. Urðu margir þeirra síðar þekktir fræðimenn í heimalöndum sínum, gjarnan í norrænum fræðum, og höfðu sem slíkir sterk tengsl við landið og Háskólann löngu eftir að þeir sneru aftur til síns heima. Má meðal þeirra nefna þá Gabriel Turville-Petre (síðar prófessor í norrænum fræðum í Oxford)²⁸ og Sven B. F. Jansson („rúna Janne“, síðar prófessor í rúnafræðum við Stokkhólmsháskóla og þjóðminja-

¹⁸ Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson, *Læknar á Íslandi* I, 624.

¹⁹ Finnþogi R. Þorvaldsson, „Trausti Ólafsson prófessor“.

²⁰ Sbr. *Þskjs.* Mmrn. 1989-B/400 Háskóli Íslands almennt, apríl 1945 – okt. 1945. IV. Trausti Ólafsson til Atvinnu- málaráðuneytis 1. feb. 1945. – *Tíminn* 17. júlí 1945, 5.

²¹ Sjá *Þskjs.* Stjr. I. skrifst. B/103, örk 13. Db. 3, nr. 365. Háskóli Íslands. Varakonsúll Frakklands til ráðherra 16. ágúst 1911. – Sigurður Nordal, „André Courmont“.

²² *Þskjs.* Stjr. I. skrifst. B/165, örk 1. Db. 4, nr. 965. Háskóli Íslands. Utanríkisráðuneytið í Kaupmannahöfn til Stjórnarráðs 31. mars 1914, og rektor HÍ til Stjórnarráðs 22. apríl 1914. – *Mitteilungen der Islandfreunde* okt. 1914, 58. – Kennarinn, Kurt Busse, var reyndar handtekinn af Bretum á leið sinni til Þýskalands og sat þar í haldi a.m.k. til 1916. – *Þskjs.* Stjr. I. skrifst. B/165, örk 1. Db. 4, nr. 965. Háskóli Íslands. Kurt Busse, „prisoner of war“, til rektors HÍ, 7. jan. 1916 og rektor HÍ til Stjórnarráðs 31. jan. 1916.

²³ *Alþýðublaðið* 13. maí 1927, 3.

²⁴ *Alþýðublaðið* 1. maí 1928, 2. – *Fálkinn* 7. apríl 1934, 3.

²⁵ Sjá t.d. *Árbók Háskóla Íslands* 1935–36, 18.

²⁶ *Morgunblaðið* 31. júlí 1966, 7.

Frh. bls. 142.

- ²⁷ Sænska sendikennara-
staðan var í fyrstu styrk-
þegastaða fyrir sænska
stúdenta sem lásu ís-
lensku við HÍ. Anna Z.
Ostman gegndi henni á
þeirri forsendu 1938–
42. Stöðunni var breytt í
lektorsstöðu 1943, en
fyrsti lektorinn, Peter
Hallberg, kom ekki til
starfa fyrr en árið eftir. –
*Þskjs. Mmrn. Háskóli
Íslands*, alm. H-1.1989-
B/399 júní 42 – ág. 43.
I. Otto Johannsson, sendi-
fulltrúi Svía, til rektors
HÍ 7. apríl 1943 og Jón
Hj. Sigurðsson til
Dóms- og kirkjumála-
ráðuneytis 14. maí
1943. – *Árbók Háskóla
Íslands* 1944–45, 6.
- ²⁸ Einar Ól. Sveinsson,
„Um Gabriel Turville-
Petre“. – Sigurður
Björnsson, „Gabriel
Turville-Petre“.
- ²⁹ Sjá Jansson, *Historie-
bok*. – Benedikt Grön-
dal, „Sven B F Jansson“.
- ³⁰ Tvær konur höfðu flutt
opna fyrirlestra við skól-
ann áður, þ.e. Anna
Bjarnadóttir um enskar
bókmenntir veturinn
1923–24 og Björg Þor-
láksdóttir um lífþrúun
vorið 1932. – *Lesbók
Morgunblaðsins* 18. júní
1978, 4–5. – *Lbs.* 10
NF. Alexander Jóhann-
esson til Sigurðar Nor-
dal 9. mars 1932. –
Árbók Háskóla Íslands
1931–32, 18.

vörð Svíþjóðar),²⁹ en þeir dvöldu samtímis hér á landi á fjórða ára-
tugnum (1936–38). Eins hafa margir sendikennaranna, bæði fyrr
og síðar, orðið mikilvirkir þýðendur íslenskra bókmennta á sín
móðurmál. Það er líka athyglisvert þegar farið er yfir lista þeirra
erlendu sendikennara sem kenndu við Háskóla Íslands á millistríðs-
árunum að á meðal þeirra voru fyrstu konurnar sem kenndu við Há-
skóla Íslands með reglulegum hætti.³⁰ Þetta voru þær Fanny Petit-
bon, franskur sendikennari á Íslandi á árunum 1934–36, og Anna
Z. Ostman, sænskur sendikennari 1938–42. Þótt einkennilegt megi
virðast þá vakti þessi nýbreytni enga athygli á Íslandi, a.m.k. ef
marka má umsagnir dagblaðanna, hvort sem það var vegna þess að
hér var um útlendinga að ræða eða það þótti ekki tiltökumál að
konur sæktu inn í þetta karlavígi.

3. Deilur um ráðningar kennara

Ráðningar við háskóla eru óhjákvæmilega viðkvæm mál. Mörgum
þykja akademísk störf eftirsóknarverð, því að þeim fylgir bæði
ákveðin samfélagsleg virðing og menningarleg viðurkenning. Mikil
eftirspurn hefur því verið eftir flestum störfum sem auglýst hafa
verið við Háskóla Íslands, þótt kennarar við skólann hafi gjarnan
kvartað sáran yfir þeim kjörum sem þeim hafa verið búin. Vald yfir
ráðningum gefur því þeim sem það hefur möguleika á að dreifa
eftirsóttum gæðum, og því hlýtur beiting þess að verða umdeild.
Ráðningar kennara móta líka þróun háskóla, því að þeir sitja oft
áratugum saman í embættum sínum og hafa þar með ráðandi stöðu
á sínum sérsviðum í áraradír. Þetta skipti litla stofnun eins og Há-
skóla Íslands enn meira máli en stærri háskóla í nágrennalönd-
unum, því að þar voru fleiri kennarar við hverja deild og hlutfallsleg
áhrif hvers og eins því minni en hér á landi.

Samkvæmt fyrstu lögum um Háskóla Íslands var vald ráðherra
til að skipa kennara skólans nær óskorað, því að þótt konungur hafi
skrifað undir skipunarbréf prófessora þá fór hann aldrei gegn til-
lögum ráðherra. Ráðherra skrifaði aftur á móti einn undir ráðningar-
bréf dósenta og stundakennara, „að svo miklu leyti sem auka-
kennarar eru sjerstaklega skipaðir til kenslunnar“, eins og segir í
lögum um stofnun Háskóla Íslands, og var hann því formlega ábyrg-
ur fyrir ráðningu þeirra. Eina lagalega aðkoma Háskólans sjálfs að
þessu ferli var sú að kveðið var á um í háskólalögum að ávallt skyldi
„leita umsagnar hlutaðeigandi háskóladeildar um kennaraefnið“

áður en kæmi til setningar eða skipunar í embætti við skólann, en ráðherra var ekki skyldugur til að hlíta þeim ráðum.³¹ Í reynd þýddi þetta að ráðherra kennslumála – sem frá 1917, þegar ráðherrum var fjölgað úr einum í þrjá, var oftast dóms- og kirkjumálaráðherrann – hafði nokkuð frjálsar hendur um að skipa hvern þann sem honum sýndist til starfa við Háskólann.

Svipað fyrirkomulag tíðkaðist víða við evrópska ríkisháskóla á fyrri hluta síðustu aldar og var sennilega tekið upp í íslensku lögum á grunni hliðstæðra – en ekki samhljóða – ákvæða í norsku háskólalögum frá 1905.³² Þekktasta fyrirmyndin að slíkum ráðherra-ráðningum var þó Prússland, en Friedrich Althoff, deildarstjóri háskólamála í prússneska menntamálaráðuneytinu, var um langt árabil (1882–1907) nær einráður um skipun háskólaprófessora í ríkinu. Althoff hafði mjög ákveðin markmið í huga með ráðningum háskólakennara, því að hann vildi bæði efla prússneska háskólakerfið – og þar með virðingu Þýskalands út á við – og halda ákveðnu pólitísku jafnvægi í sambandsríkinu. *System Althoff*, eins og ráðningakerfi hans var gjarnan kallað, var sannarlega umdeilt meðal þýsks háskólafólks, sem lagði ríka áherslu á sjálfstæði háskólanna gagnvart ríkisvaldinu. Althoff átti þó sinn þátt í því að þýskir háskólar urðu í fararbroddi í heiminum á fyrri hluta 20. aldar, því að hann þótti naskur á að finna unga og efnilega vísindamenn sem féllu ekki alltaf í kramið hjá íhaldssömum yfirvöldum háskólanna.³³ Sterk áhrif stjórnvalda á ráðningar kennara þurftu því ekki endilega að hefta þróun vísinda eða kennslu í háskólum, þótt þeim væri hvarvetna mótmælt af háskólafólki sem óþolandi skerðingu á frelsi vísindamanna og sjálfstæði vísindastofnana.

Á fyrstu áratugum Háskóla Íslands má greina tvær meginleiðir við veitingu embættis við skólann. Fyrri leiðin, sem oftast var farin á fyrstu starfsárum Háskólans, var hvergi nefnd í lögum eða reglum. Hún virkaði þannig að deildir þar sem ljóst var að stöður myndu losna í náninni framtíð völdu efnilega kandídata til að taka við þeim, oftast úr hópi nemenda á síðari stigum námsins. Að embættisprófi loknu sendi Háskólinn vonbiðlana utan, oftast með styrk úr sjóðum sem skólinn réð yfir, til að sérhæfa sig í þeim greinum sem væntanlegir kennarar áttu að sinna. Kandídatarnir sneru síðan heim aftur, gjarnan að einu eða tveimur árum liðnum, sjaldnast með nein frekari próf í farteskinu. Ef allt gekk að óskum fengu þeir prófessors- eða dósentsembætti við Háskólann þegar þau losnuðu, án þess að

³¹ *Stjórnartíðindi* 1909 A, 180. Ákvæðið var tekið óbreytt upp í háskólalögum árið 1936.

³² *Alþingistíðindi* 1909 A, 172 (greinar 21 og 22).

³³ Klinge, „Teachers“, 134–39. – Anderson, *European Universities*, 152–53, 164–65.

I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – I.6 VÍSINDIN EFLA ALLA DÁÐ

störfin væru auglýst. Á þennan hátt reyndi skólinn að tryggja sér að hann hefði ávallt hæfa kennara til að sjá um þær kennslugreinar sem þóttu nauðsynlegar til embættisprófa, hvort sem það var kennimannleg guðfræði í Guðfræðideild, refsiréttur í Lagadeild eða sjúk-dómafræði í Læknadeild.³⁴

Síðari leiðin kallaðist samkeppnispróf og var notuð til að skera úr um hæfi umsækjenda í þeim tilvikum þegar stærfin voru auglýst og fleiri en einn hæfur umsækjandi sótti um þau. Þessi leið var nefnd í fyrstu reglugerð Háskólans, en þar var háskóladeildum heimilað að láta umsækjendur gangast undir slík próf. Samkeppnisprófin voru skipulögð af sérstökum dómnefndum sem í áttu að sitja innlendir eða erlendir fræðimenn sem störfuðu innan eða utan Háskóla Íslands.³⁵ Slíkt samkeppnispróf var fyrst haldið við Háskólann árið 1917 til að skera úr um hæfi þriggja umsækjenda um dósents-embættið í guðfræði.³⁶ Prófið fór þannig fram að deildin kaus fimm manna dómnefnd sem í sátu prófessorar deildarinnar, tveir kennarar Heimspekideildar og Jón Helgason, biskup og fyrrverandi prófessor í guðfræði. Dómnefndin ákvað að umsækjendur skyldu allir skrifa fræðilega ritgerð um sama efni og skila henni inn að þremur mánuðum liðnum. Að því loknu héldu umsækjendurnir opinbera fyrirlestra, og felldi nefndin dóm sinn á grundvelli ritgerðanna og frammistöðu í fyrirlestrunum.³⁷ Í þetta sinn var hörd keppni á milli tveggja umsækjenda, þeirra Magnúsar Jónssonar, prests á Ísafirði og síðar þingmanns og ráðherra – sem hreppti hnossið – og Tryggva Þórhallssonar, setts dósents og síðar forsætisráðherra. Vakti prófið mikla athygli, og voru fyrirlestrarnir vel sóttir.³⁸ Tryggvi gat þess síðar að niðurstaða samkeppnisprófsins hefði verið mestu vonbrigði lífs síns, en engin sýnileg eftirmál urðu þó af því.³⁹

Fyrstu tvo áratuginna sem Háskólinn starfaði ríkti nokkur friður um veitingar embætta við skólann, þótt þær hafi ekki allar verið óumdeildar.⁴⁰ Á þessum tíma létu ráðherrar Háskólann að mestu sjálf-ráðan um að ráða til sín kennara, nema hvað Alþingi stofnaði í tveimur tilvikum stöður sem voru bundnar í lögum annaðhvort ákveðnu nafni (prófessorsstarf Guðmundar Finnbogasonar í hagnýtri sálarfræði) eða fræðigreinum þar sem Háskólinn hafði hvorki augastað á neinum sérstökum kandidát í starfið né eindreginn áhuga á kennarastólnum. Síðara dæmið snerti fyrstu stöðuna sem veitt var við Háskóla Íslands eftir að skólinn tók til starfa, en það var áður nefnt dósentsembætti í klassískum fræðum. Staðan var auglýst laus til

³⁴ Þessu er ágætlega lýst í ályktunum Lagadeildar árið 1936. – *HÍ. Gjörðabók Lagadeildar I. 1. og 10. ágúst 1936. – Enn um háskólann og veitingarvaldið*, 1–2. – Guðmundur Thorodd-sen, „Frá læknadeild“, 39–40.

³⁵ *Stjórnartíðindi* 1912 A, 18–47.

³⁶ *Árbók Háskóla Íslands* 1916–17, 19–22.

³⁷ *HÍ. Gjörðabók Guðfræðideildar I. 1. júní – 22. sept. 1917.*

³⁸ *Morgunblaðið* 23. sept. 1917, 2. – *Tíminn* 29. sept. 1917, 113. – *Lögretta* 26. sept. 1917, 166.

³⁹ *Tíminn* 10. apríl 1930, 72. – Klemens Tryggva-son, „Formáli“, v–x.

⁴⁰ Shr. gagnrýni á veitingu Ásmundar Guðmunds-sonar í embætti dósents í guðfræði árið 1928. – Garðar Þorsteinsson, „Einkennileg embættis-skipun“. – *Morgunblaðið* 5. júlí 1928, 2.

umsóknar í janúar 1915,⁴¹ og var umsækjandinn aðeins einn, Bjarni Jónsson frá Vogu. Umsókn hans var tekin til meðferðar á deildarfundum Heimspekideildar hinn 22. mars sama ár. Lýsti Björn M. Ólsen þar yfir miklum efasemdum um að Bjarni uppfyllti lágmarksskilyrði um „vísindalega hæfilegleika“ sem gera yrði til dósenta við Háskólann því að hann hefði „fengið mjög lakar einkunnir í latínu og grísku við embættispróf“. Þar að auki játaði umsækjandinn, að sögn Björns, „sjálfur í ‚fylgiskjali‘ með beiðninni, að hann hafi ekki síðan lagt vísindalega stund á klassísk fræði“. Af þessum sökum vildi Björn hafna umsækjandanum og láta starfið óveitt þar til hæfur maður fengist. Sjálfsagt sat meint aðkoma „sendiherrans frá Vogu“ að „Ólsens-hneykslinu“ enn í rektorunum fyrirverandi, en þó má líta á álit hans sem ákveðna kröfu um fagmannleg vinnubrögð við mannaráðningar við Háskóla Íslands. Á endanum treysti deildin sér þó ekki til að fylgja ráðum Björns og seldi ráðherraum sjálf-dæmi í málinu. Veitti ráðherra, Sigurður Eggerz, þá flokksbróður sínum starfið með þeim orðum að þar „sem það var ótvíræður vilji þingsins að starfi þessi væri stofnaður, þá sje jeg ekki þegar maður með háskólapróf í latínu og grísku er í boði að hjá því verði komist að veita starfann og ber mjer að veita hann“.⁴²

Mikil breyting varð á samskiptum ríkisvaldsins og Háskóla Íslands á fjórða áratugnum, og kom það ekki síst fram í ráðningum háskólakennara. Ráðherra tók þó ekki þátt í fyrstu alvarlegu rímmunni um embættaveitingar, sem upphófst haustið 1930. Aðdragandi málsins var sá að Páll Eggert Ólason, prófessor í sögu Íslands við Heimspekideild, var skipaður aðalbankastjóri Búnaðarbankans frá byrjun árs 1930, og var prófessorsstaða hans því auglýst laus til umsóknar. Umsækjendur um embættið voru upphaflega níu, og var ákveðið að efna til samkeppnisprófs á milli þeirra. Samþykkti dómnefnd, undir formennsku Sigurðar Nordal prófessors, reglur um fyrirkomulag prófsins og efni samkeppnisritgerðar seint í september 1930 og tilkynnti umsækjendum. Efni ritgerðarinnar skyldi vera „Frjálst verkafólk á Íslandi til siðaskipta“, og áttu umsækjendur að skila henni inn hinn 1. desember 1930 – en frestur var síðar framlengdur til áramóta að ósk fjögurra umsækjenda. Að því loknu áttu þeir sem hæfir töldust „til að halda samkeppnisraun áfram“ að flytja einn fyrirlestur hver um sjálfvalið efni.⁴³ Um miðjan nóvember gerðist það svo að einn umsækjendanna, Barði Guðmundsson, sem fyrr á árinu hafði verið settur til að gegna prófessorsembættinu um


⁴¹ *Þjóðviljinn* 30. jan. 1915, 15.

⁴² *HÍ*. Gjörðabók Heimspekideildar I. 22. mars 1915. – *Pslys*. Stj. I. skrifst. B/165, örk I. Db. 4, nr. 965. Háskóli Íslands. Jón Helgason, rektor HÍ, til Stjórnarráðs, 30. apríl 1915. Athugasemd Sigurðar er skrifuð á bréfið.

⁴³ *Árbók Háskóla Íslands* 1930–31, 51–55.

I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – I.6 VÍSINDIN EFLA ALLA DÁÐ

Ríkisstjórn Framsóknarmanna, mynduð árið 1927 með stuðningi Alþýðuflokksins, markaði tímamót í íslenskum stjórnámálum því að hún var fyrsta ríkisstjórnin sem flokkur reykvíska borgarahópsins átti ekki aðild að. Tryggvi Þórhallsson (í miðju) var forsætisráðherra stjórnarinnar en Jónas Jónsson frá Hriflu (t.v.) ráðherra menntamála, ásamt dóms- og kirkjumálum. Þriðji ráðherrann var fjármálaráðherra, fyrst Magnús Kristjánsson, en Einar Arnason (t.h.) hafði tekið við af honum þegar þessi mynd var tekin af stjórninni á Þingvöllum sumarið 1930.



stundar sakir, sendi kæru til Heimspekideildar. Þar ásakaði hann dómnefndina um hina „róttækustu hlutdrægni“ við val prófverkefnisins.⁴⁴ Meinti Barði að nefndin hefði vísvitandi viljað hygla einum umsækjendanna, Þorkatli Jóhannessyni, með efnisvalinu, enda hefði Þorkell, einn umsækjenda, rannsakað atvinnuhætti Íslendinga á miðöldum bæði í námi sínu við Háskólann og eftir að hann lauk meistaraþrófi þaðan árið 1927. Fylgdi Barði kærinni eftir með útgáfu bæklinga um „dómnefndarmálið“, þar sem hann krafðist þess að nefndinni yrði vikið frá.⁴⁵ Hvorki Heimspekideild né háskólaráð tóku kæru Barða til greina og lýstu yfir fullum stuðningi við dómnefndina og störf hennar.⁴⁶ Eftir það sagði Barði sig frá prófinu. Sex upphaflegra umsækjenda sendu inn samkeppnisritgerðir á tilsettum tíma, og felldi nefndin þann dóm um þær að ritsmiðar tveggja þeirra, Árna Pálssonar og Þorkels Jóhannessonar, bæru „svo af ritgerðum hinna keppendanna, að eigi [væri] ástæða til að láta fleiri en þá tvo flytja fyrirlestra í heyranda hljóði“. Kepptu þeir Árni og Þorkell því á endanum um starfið. Að flutningi fyrirlestra loknum samþykkti dómnefndin einróma að mæla með Árna Pálssyni í

⁴⁴ *Tíminn* 15. nóv. 1930, 234. Kæran birtist sama dag í *Alþýðublaðinu* og *Morgunblaðinu*.

⁴⁵ Barði Guðmundsson, *Dómnefndarmálið*.

⁴⁶ *Þskjs.* HÍ. BA2:28. Prófessorsembætti í sögu. Álit heimspekisdeildar, dags. 22. nóv. 1930 og afrit af bréfi rektors HÍ til Barða Guðmundssonar 6. des. 1930.

embættið þótt hún tæki um leið fram að Þorkell Jóhannesson teldist hæfur til að gegna því.⁴⁷

Erfitt er að meta það nú hvers vegna dómnefndin tók Árna Pálsson fram yfir Þorkel Jóhannesson, því að Árni var próflaus, eins og áður var sagt, og hann hafði ekki afrekað margt í rannsóknum á þeim rúmu tveimur áratugum sem liðnir voru frá því að hann hvarf heim frá námi – og átti reyndar ekki heldur eftir að afreka margt í þeim efnunum á þeim rúma áratugum sem hann sat á prófessorsstóli við Háskóla Íslands. Þar að auki var sá ljóður á samkeppnisritgerð Árna, svo vitnað sé í umsögn dómnefndar, að „hún tekur aðeins yfir lýðveldistímabilið [þ.e. til 1262]. Hafði honum ekki unnizt tími til að ljúka verkinu“.⁴⁸ Þorkell hafði aftur á móti lokið meistaraþrófi í íslenskum fræðum frá Háskóla Íslands, með sérstakri áherslu á Íslandssögu. Hann lagði samkeppnisritgerð sína síðar fram lítið breytta, í þýskri þýðingu, til doktorsprófs við háskólann í Kaupmannahöfn og varði hana þar í lok júní 1933.⁴⁹

Þeir sem horfðu á málið utanfrá lásu alls kyns annarleg sjónarmið í niðurstöðu dómnefndarinnar. Jónas Jónsson frá Hriflu þóttist t.a.m. viss um að hér hafi verið um hreinræktað pólitískt hneyksli að ræða, því að Þorkell Jóhannesson var kunnur framsóknarmaður, en Árni hafði verið og var áfram í framboði fyrir Íhalds- og Sjálfstæðisflokk.⁵⁰ „Allir vissu, að Árni var algerlega óhæfur til starfsins,“ skrifaði Jónas í blaðgrein nokkrum árum síðar, „og engir vissu það betur en sjálf dómnefndin“. En, hélt hann áfram, „Árni var æstur íhaldsmaður, vinur og skjólstæðingur Kveldúlfs bræðra [þ.e. sona Thors Jensen]. Þeir vildu að hann fengi embætti við háskólann“. Sagðist Jónas hafa lýst því yfir í ágúst 1931, í þann mund er hann tók við ráðherradómi á ný eftir nokkurra mánaða hlé, að hann myndi aldrei skipa óhæfan mann í embættið. Það kom því í hlut Tryggva Þórhallssonar forsætisráðherra að skrifa undir skipunarbréf Árna Pálssonar, „sennilega lítið ánægðari með þá ráðstöfun en ég“, að sögn Jónasar. Gerðist það degi áður en Jónas tók, ásamt Ásgeiri Ásgeirssyni, sæti í stjórn Framsóknarflokks, og virðist Ásgeir hafa sett skipun Árna sem skilyrði fyrir stjórnarsetu sinni.⁵¹ Ásakanir um pólitíska hlutdrægni hljóma þó ekki mjög sannfærandi í þessu tilviki því að niðurstaða dómnefndar var einróma og einn meðlima hennar, Páll Eggert Ólason, var kunnur framsóknarmaður og hafði því enga sýnilega ástæðu til að hygla „sveinum Thorsara“. Veitingin ýtti samt undir þá tilfinningu margra stjórnáráðgjafanna á vinstri kantinum að einber klíkuskapur réði við

⁴⁷ *Árbók Háskóla Íslands* 1930–31, 51–55.

⁴⁸ *Árbók Háskóla Íslands* 1930–31, 54.

⁴⁹ Þorkell Jóhannesson, *Die Stellung der freien Arbeiter*. – Gísli Guðmundsson, „Íslenzkur doktor“. – Eftir Árna kom aðeins út ein tímaritsgrein um efnið, Árni Pálsson, „Sambúð húsbænda og hjúa á lýðveldistímanum“.

⁵⁰ Þorkell leysti Jónas af sem skólastjóri Samvinnuskólans á ráðherraárum Jónasar (1927–31), og 1933 varð hann fyrsti ritstjóri *Nýja dagblaðsins*, málagns Framsóknarflokksins. Árni var í framboði í nokkrum kosningum fyrir Íhalds- og Sjálfstæðisflokk í S-Múlasýslu, án þess að ná kjöri á þing.

⁵¹ Jónas Jónsson, „Brot úr þriggja ára sögu“.



I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – I.6 VÍSINDIN EFLA ALLA DÁÐ

stöðuveitingar í Háskólanum, og voru slíkar ásakanir ekki algerlega úr lausu lofti gripnar. Þar má benda á að Árni Pálsson var tengdur ýmsum dómnefndarmanna sterkum kunningjaböndum, því að tveir þeirra, prófessorarnir Sigurður Nordal og Ólafur Lárusson, höfðu setið með Árna – ásamt Ásgeiri Ásgeirssyni – í ritstjórn tímaritsins *Vöku*,⁵² og vitað var að Sigurður og Árni voru miklir mátar.⁵³ Vitanlega var erfitt að komast hjá slíkum kunningjatengslum í hinu smáa samfélagi á Íslandi, en þau vöktu óhjákvæmilega tortryggni þeirra sem fylgdust með starfi skólans.⁵⁴

Haraldur Guðmundsson ráðherra notaði einmitt meintan klíkuskap háskólakennara sem skýringu á því að hann gekk í tvígang í berhögg við vilja Háskólans í embættaveitingum á árunum 1936–37, en með þeim aðgerðum vó hann beint að sjálfstæði skólans.⁵⁵ Í fyrria skiptið var um að ræða prófessorsstöðu í lögfræði sem ráðherra auglýsti lausa til umsóknar í lok júnímánaðar 1936.⁵⁶ Tveimur árum fyrr hafði Lagadeild veitt Gunnari Thoroddsen, sem þá hafði nýlokið embættisprófi frá deildinni með glæsilegum árangri, styrk til framhaldsnáms með það í huga að hann fengi í fyllingu tímans embætti við deildina. Fylgdi þetta fyrrnefndri hefð að efnilegir kandiðatar voru sendir utan til náms að afloknu prófi frá Háskóla Íslands í því skyni að búa þá undir að taka við embættum við skólann.⁵⁷ Haustið 1935 var Þórður Eyjólfsson, prófessor við Lagadeild, skipaður dómari við Hæstarétt og hugðu margir að Gunnari væri ætlað embættið sem þá losnaði. Um sama leyti kom upp sá kvittur að ráðherra hefði lofað öðrum manni, Ísleifi Árnasyni, fulltrúa lögmannsins í Reykjavík, embættinu, en skömmu áður hafði hann einmitt fengið leyfi hjá ríkisstjórninni til framhaldsnáms í Kaupmannahöfn.⁵⁸

Ákvörðun ráðherra um að auglýsa starfið laust til umsóknar vakti lítinn fögnuð meirihluta kennara Lagadeildar. Bentu prófessorarnir Bjarni Benediktsson og Ólafur Lárusson á að með þessu væri brotin sú venja „við veitingu kennaraembætta í lagadeild, að embættin hafa verið veitt eptir tillögum deildarinnar og án þess að þau hafi verið auglýst laus til umsóknar“.⁵⁹ Fór svo að bæði Gunnar og Ísleifur sóttu um starfið, og vildi deildin því efna til samkeppnisprófs til að skera úr um hæfi umsækjendanna. Ísleifur neitaði aftur á móti að taka þátt í prófinu á þeim forsendum að hann hefði ekki aðstöðu til að eyða fjórum til sex mánuðum, kauplaust, í að skrifa samkeppnisritgerð. Þar að auki hefði deildin augljóslega gefið sér niðurstöðu prófsins fyrirfram og af þeim sökum væri þýðingarlaust fyrir sig að

⁵² *Vaka. Tímarit handa Íslendingum* kom út á árunum 1927–29, en meðal ritstjóra voru, auk Sigurðar, Árna og Ásgeirs, Ágúst H. Bjarnason prófessor og Guðmundur Finnbogason landsbókavörður og fyrrverandi prófessor.

⁵³ Kristján Albertsson, „Sigurður fann mikið fyrir þessari einangrun“.

⁵⁴ Athyglisvert er í þessu sambandi að Kristján Albertsson, enn einn Vökurritstjóra, skrifaði Sigurði árið 1928 um nauðsyn þess að þeir félagarnir styddu Árna til þess að komast í „eitt höfuðsætið í mentalífi voru“, þannig að hann gæti notið sín til fulls. – *Lbs.* 10 NF. Kristján Albertsson til Sigurðar Nordal 19. maí 1928.

⁵⁵ *Alþýðublaðið* 28. ágúst 1936, 3.

⁵⁶ *Lögbirtingablað* 2. júlí 1936, 209.

⁵⁷ Sbr. *Skýrsla háskólakennara um veitingu prófessorembættis*, 5.

⁵⁸ Stöðuveitingunni er ágætlega lýst í bók Guðna Th. Jóhannessonar, *Gunnar Thoroddsen*, 87–104.

⁵⁹ *HÍ. Gjörðabók Lagadeildar* I. 1. ágúst 1936. – *Þskjs.* Stjr. I. skrifst. B/505, örkr 3. Db. 12, nr. 703. Háskóli Íslands. Ódagsett skýrsla frá HÍ um veitingu prófessorembættis í lögfræði.



Tékkneska stjórnin krefst skýringa á tillögum Breta og Frakka.

Verkalýðsfélögin bresku rísa upp gegn miðlunartillögum og víta svikin við Tékkoslovakíu.

EINKASKEYTI TIL VÍSIS.

London í morgun.

Tékkneska stjórnin kom saman á fund síðdegis í gær, er sendiherra Breta hafði afhent henni tillögur þær, sem Breta og Frakkar hafa náð samkomulagi um. En um þessar tillögur hefir engin opinber tilkynning verið birt, en blöð um alla álfuna ræða höfuðefni þeirra, sem áður hefir verið getið.

Áð því er United Press hefir fregnað frá Prag mun tékkneska stjórnin helst hallast að því, að fallast á hinar fransk-bresku tillögur sem samningsgrundvöll, heldur en hætta á það, að Tékkar einir verði að þerjast gegn Þjóðverjum.

Tékkneska stjórnin mun senda beiðni til París og London um frekari greinargerð fyrir tillögnum, þar sem hún geti ekki fallist á þær endanlega fyrir en nánari upplýsingar séu fyrir sendi um það skipulag er, sem þessar þjóðir hafa í huga, að því er Tékkoslovakíu snerti, eftir að Síðatehæruðin eða hluti þeirra hafa verið sameinuð Þýskalandi.

Þessa stefnu hefir tékkneska stjórnin tekið í von um, að geta komið því til leiðar, að skilmálarin verði Tékkoslovakíu hagstæðari en nú lítur út fyrir, að þeir verði.

Áðalráð verkalýðsfélaganna bresku kom saman á fund á miðnætti síðastliðnu til þess að ræða þetta mál, en ráðið hefir haldið margra fundi undanfarna daga, án þess nokkur ályktun væri gerð. Á fundinum í nótt var samþykkt ályktun þess efnis, að fransk-bresku-tillögurnar veru skamrarleg svik við Tékk-

Setning Háskólans fór fram í dag.

Búist er við að Háskólinn flytji í hin nýju húsakynni sín innan 2-3 ára.

Setning Háskólans fór fram í dag og hófst hún í neðri deildar sal Alþingis kl. 11 árdégis að viðstöddu fjölmenni.

Auk prófessora og nemenda voru til almennilegrar gestir Háskólans, forsætisráðherra, sendiherrar erlendra ríkja, lögmaður, erlendir gestir o. fl.

Söngflokkur söng hátíðaljóðin, en að því loknu hélt rektor Háskólans, Niels Dungal prófessor, setningarræðu. Beint hann m. a. á það, að sem hvarð líði stæði fyrir dyrum að Háskólinn flytji í hin nýju og veglegu húsakynni sín, en til þessa hefði húsnæðisleysi, féleysi og aðrir erfiðleikar staðið í vegi fyrir eðlilegri þróun Háskólans. Hinsvegar væri það ekki nægjanlegt að Háskólinn flytji í hin nýju og veglegu húsakynni, heldur væri lítt aðalatrúð, að prófessorar og nemendur legðu fram alla krafta sína í þágu vísinda og mentunar. Háskólinn hefði til þessa aðallaga verið embættismannaskóli, þ. e. hann

ur og verða þeim, aðstandend um þeirra og þjóðinni í heild að sem mestu gagni.

Áð lokinni ræðu rektors söng söngflokkurinn að nýju, en því næst afhenti rektor hinum nýju nemendum háskólabréf þeirra.

Áð því loknu var þjóðsöngurinn sunginn og setning Háskólans þar með lokið. Í fyrra voru um 225 nemendur í Háskólanum og mun fjöldi nemendanna verða svipaður í ár. Þegar hafa innritast um 20 nemendur í ýmsar deildir Háskólans, en búist er við að um 50 nemendur innritist á þessu ári.

Húsnæði það, sem Háskólinn hefir nú, er með öllu óvibandi. Er það grunnhæð Alþingishússins, stofnunar dimmar og þröngar og rúma tæpast nemendafjöldann í hverri deild. Háir þetta kenslu að ýmsu leyti, og er því ekki að furða að prófessorar og nemendur fagni því, að innan fára ára á Háskólinn að geta flutt í hin nýju og veg-

Árið 1938 var Háskóli Íslands enn svo stór í íslensku samfélagi að setning hans þótti tilefni til fréttar í dagblaði. Þetta er á bls. 2 í Vísi 20. september.

taka þátt í því.⁶⁰ Ráðherra féllst á þessi rök og skipaði Ísleif í prófessors-embættið í ágúst 1936.⁶¹

Ýmislegt ýtti undir tregðu ráðherrans til að samþykkja Gunnar Thoroddsen. Í fyrsta lagi var Gunnar rísandi stjarna í Sjálfstæðisflokknum, en hann var kjörinn á þing fyrir flokkinn vorið 1934, yngstur þingmanni fyrir eða síðar, aðeins rúmlega 23 ára gamall. Hefur pólitísk staða hans örugglega ekki greitt götuna hjá ríkisstjórn Framsóknar- og Alþýðuflokks.⁶² Í öðru lagi tókust ráðherrann og Háskólinn almennt á um veitingarvaldið á kennarastörfum við skólann, en Haraldi Guðmundssyni var greinilega mjög í mun að verja lagalegan rétt ráðherra í ráðningarmálum ríkisstarfsmanna. Að hans mati var ráðherravaldið „í samræmi við þá meginreglu allra lýðfrjálsra ríkja, að þjóðfélagið áskilur sér æðsta vald yfir opinberum stofnunum sínum, sem með ærnum kostnaði er haldið uppi af almannafé og með almannahag fyrir augum“. Benti ráðherrann enn fremur á að honum sýndust ýmis dæmi benda til þess að Háskólinn hefði beitt óþolandi hlutdrægni í ráðningum, og því væri stofnuninni einfaldlega ekki treystandi til að ráða sínum málum sjálf í þessum efnun.⁶³ Ráðherra var því ákveðinn í að ganga gegn vilja Háskólans, og hunsaði hann því óskir skólans um samkeppnispróf.

- ⁶⁰ *Þskjs.* Stjr. I. skrifst. B/505, örk 3. Db. 12, nr. 703. Háskóli Íslands. Ísleifur Árnason til Dóms- og kirkjumálaráðuneytis 8. ágúst 1936. – Sjá einnig *Háskólinn og veitingarvaldið*, 13–15.
- ⁶¹ *Þskjs.* Stjr. I. skrifst. B/505, örk 3. Db. 12, nr. 703. Háskóli Íslands. Símskeyti ráðherra til konungs 18. ágúst 1936.
- ⁶² Ísleifur Árnason var reyndar, að sögn Ólaf Lárússonar, einnig sjálfstæðismaður (Ólafur Lárússon, „Frá lagadeild“, 55) þannig að ráðning hans var tæplega hreinpólitísk.
- ⁶³ *Háskólinn og veitingarvaldið*, tilv. á bls. 4.



I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – I.6 VÍSINDIN EFLA ALLA DÁÐ

Um sama leyti og Haraldur Guðmundsson skipaði Ísleif Árnason í embætti prófessors við Lagadeild var auglýst dósentstarf í guðfræði við Háskóla Íslands. Hér var um að ræða starf Sigurðar P. Sívertsen, sem hugðist láta af störfum við deildina í byrjun háskólaárs 1936–37. Fjórir sóttu um starfið, og ákvað deildin þá, í samráði við ráðherra, að efna til samkeppnisprófs á milli þeirra. Þóttist ráðherra merkja að deildin hefði ákveðið fyrirfram að veita séra Benjamín Kristjánssyni embættið, og tortryggði hann því deildina frá byrjun. Tóku þeir umsækjenda um starfið þátt í prófinu, áður nefndur Benjamín Kristjánsson, sóknarprestur í Grundarþingum í Eyjafirði, Björn Magnússon, prófastur á Borg á Mýrum, og Sigurður Einarsson, fyrrverandi prestur í Flatey á Breiðafirði, kennari við Kennaraskólann, fréttamaður á Ríkisútvarpinu og þingmaður Alþýðuflokksins. Að venju fór samkeppnisprófið fram á þann hátt að keppendurnir skrifuðu allir ritgerðir um sama efni, sem þeir skiluðu í desember 1936. Dagana 5.–6. mars árið eftir héldu þeir svo opinbera fyrirlestra, tvo hver, og felldi dómnefndin úrskurð sinn um hæfi þeirra að flutningi fyrirlestranna loknum, eða 7. mars 1937. Í nefndinni sátu tveir prófessorar í guðfræði við Háskóla Íslands, biskupinn yfir Íslandi, prestur fríkirkjunnar í Reykjavík og prófessor við Kaupmannahafnarháskóla, Holger Mosbech að nafni, en hann var staddur hér á landi um þetta leyti. Komst nefndin einróma að þeirri niðurstöðu að Björn Magnússon hefði „sýnt mikla yfirburði fram yfir hina að vísindalegri efnismæðferð, þekkingu og framsetningu“, og mælti hún því með því að hann yrði skipaður í embættið.⁶⁴

Haraldur Guðmundsson var ekki sáttur við þessa niðurstöðu, þótt hann setti séra Björn í starfið til bráðabirgða. Ákvað hann að leita sérstaks álits á niðurstöðum samkeppnisprófsins hjá nýjum erlendum sérfræðingi sem skyldi fá allar ritgerðir umsækjendanna og handrit að fyrirlestrunum til yfirlestrar í þýðingum. Að uppástungu Arthurs Engberg kennslumálaráðherra Svía, fékk ráðuneytið Anders Nygren, prófessor í guðfræði við háskólann í Lundi, til að leysa verkefnið af hendi.⁶⁵ Ráðherrann vildi greinilega vanda vel til verka, því að matsmaðurinn var einn virtasti guðfræðingur Norðurlanda á sinni tíð.⁶⁶ Var hann þekktur á fjórða áratugnum ekki aðeins fyrir fræðimennsku sína heldur einnig einarða andstöðu við fasískar hreyfingar í heimalandi sínu.⁶⁷ Öll gögn sem Nygren fékk frá umsækjendum voru merkt dulnefnum til að koma í veg fyrir að hann vissi hver hefði skrifað hvað,⁶⁸ og reyndar virðist ekkert benda til þess að hann hafi þekkt til nokkurs umsækjendanna eða að ís-

⁶⁴ *Þskjs.* HÍ. BG1:1. Bréfasafn Guðfræðideildar 1936–1959. Bréf dómnefndar til Guðfræðideildar 7. mars 1937. – Einnig varðveitt í *Þskjs.* Stjr. I. skrifst. B/576, örk 2. Db. 14, nr. 71. Háskóli Íslands.

⁶⁵ *Þskjs.* Stjr. I. skrifst. B/576, örk 2. Db. 14, nr. 71. Háskóli Íslands. Stefán Jóh. Stefánsson til A. Engberg 10. mars 1937; A. Engberg til Stefáns Jóh. Stefánssonar 18. mars 1937; skeyti frá sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn til kennslumálaráðherra 12. og 19. júlí 1937.

⁶⁶ Jóhann Hannesson, „Anders Nygrén og guðfræði hans“. – „[F]or 50 years or more one of Europe's leading theologians“, segir guðfræðingur um Anders Nygren. – Hall, „The Nygren Corpus“, 269. – Fyrrverandi rektor Lundarháskóla og prófessor í austurlenskum málum, gaf ráðuneytinu svipaða umsögn um Nygren. – *Þskjs.* Stjr. I. skrifst. B/576, örk 2. Db. 14, nr. 71. Háskóli Íslands. Axel Moberg til íslenska sendiráðsins í Kaupmannahöfn 12. okt. 1937.

⁶⁷ Lind, *Kristendom och nazism*, 155–63.

⁶⁸ *Þskjs.* Stjr. I. skrifst. B/576, örk 2. Db. 14, nr. 71. Háskóli Íslands 12. ágúst 1937.



lenskir ráðuneytismenn hafi verið kunnugir Nygren.⁶⁹ Að skoðun sinni lokinni sendi Nygren ráðuneytinu ellefu blaðsíðna skýrslu um umsækjendurna þrjá, og var niðurstaða hans afdráttarlaus – og þveröfug við álit dómnefndarinnar. Ef hæfileikinn til sjálfstæðrar vísindalegrar hugsunar væri lagður til grundvallar stöðuveitingunni, en það sjónarmið taldi Nygren sjálfgefið að hafa að leiðarljósi við ráðningar háskólakennara, þá þótti honum aðeins einn kandídatanna koma til greina, og það reyndist vera Sigurður Einarsson.⁷⁰ Á grundvelli þessa álits skipaði ráðherra Sigurð í dósentstarfið í nóvember 1937.⁷¹

„Dósentmálið“ olli gríðarlegu uppnámi í samfélaginu, enda þótti ráðherra hafa misbeitt valdi sínu freklega með því að skipa samflokksmann sinn í starf við Háskóla Íslands gegn eindregnum vilja skólans sjálfs.⁷² Sigurður var líka mjög umdeildur maður, bæði fyrir róttækar stjórnmálaskoðanir sínar og óhefðbundna afstöðu í trúmálum. Jafnvel framsóknarmenn, sem sátu í ríkisstjórn með Alþýðuflokknum, andmæltu þessari „furðulegu embættisveitingu“, eins og Nýja dagblaðið kallaði ráðninguna, og ásökuðu ráðherra um að hafa hrakið Björn Magnússon frá Háskólanum til þess eins að rýma fyrir þingmanni Alþýðuflokksins.⁷³ Af „sömu hvötum og háskólinn var vanur að byggja á hinar ranglátu tilnefningar sínar,“ skrifaði Jónas Jónsson stuttu síðar, valdi Haraldur Guðmundsson mann sem hafði „samskonar tiltrú hins kirkjulega fólks í landinu eins og faktorar Hörmangaranna dönsku höfðu hjá Íslenzkum bændum á einokunaröldinni.“⁷⁴ Háskólinn tók málinu heldur ekki þegjandi, enda þótti hér í annað sinn á stuttum tíma harkalega vegið að sjálfsforræði stofnunarinnar. Rifjuðu forystumenn skólans upp orð fyrsta rektorsins máli sínu til stuðnings um það hversu mikilvægt skólanum væri að njóta fulls rannsóknar- og kennslufrelsis. Í vígsluræðu sinni hafði Björn M. Ólsen bent á, skrifaði háskólaráð í deiluriti á kennslumálaráðherrann, hversu þrúgandi vald kirkjunnar hafði verið fyrir frjálsa hugsun á miðöldum. Við „stofnun Háskólans þótti þessi hugsunarháttur ... svo fjarlægur, að leita varð aftur til einvaldskonunga og klerkavalds miðaldanna til að finna dæmi hans“, hélt ráðið áfram, en upp úr miðjum fjórða áratugnum höfðu runnið upp nýir tímar. Þá höfðu komist til valda menn í ýmsum ríkjum Evrópu „sem ýmist gera lítið úr allri skynsamlegri íhugun mannlegra viðfangsefna, en leggja í hennar stað áherzlu á hina djarflegu framkvæmd“. Dæmi um slíka valdhafa mátti sjá í stjórn fasista á Ítalíu, nasista í Þýskalandi og bolsévika í Sovétríkjunum – og skipuðu háskóla-

⁶⁹ Greinargerð um Nygren, byggð á *Vem er det? Svensk biografisk handbok* er í skjölum ráðuneytisins, sem bendir til þess að ráðherra hafi ekki vitað hver maðurinn var. – *Þskjs*. Stjr. I. skrifst. B/576, örk 2. Db. 14, nr. 71. Háskóli Íslands – ódagsett en frá okt.–nóv. 1937.

⁷⁰ *Þskjs*. Stjr. I. skrifst. B/576, örk 2. Db. 14, nr. 71. Háskóli Íslands. Nygren til kennslumálaráðherra 31. okt. 1937.

⁷¹ Um feril málsins: *Enn um háskólann og veitingarvaldið*. – Sigurður P. Sívertsen og Magnús Jónsson, „Frá guðfræðisdeild“, 6–38.

⁷² Sbr. Á[smundur] G[Guðmundsson], „Þjóðin og kirkjan“, 27–31.

⁷³ *Nýja dagblaðið* 17. nóv. 1937, 1, 3.

⁷⁴ Jónas Jónsson, „Þar sem ljósvakinn skilur“, 3.

I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – I.6 VÍSINDIN EFLA ALLA DÁÐ

Teikning Tryggva Magnússonar í Speglinum í tilefni af ráðningu prófessors í sögu Íslands 1930–31. Dómnefndarmenn eru, taldir frá vinstri: Páll Eggert Ólason, Ólafur Lárusson, Sigurður Nordal, Einar Arnórsson og Magnús Jónsson guðfræðingur.



kennararnir kennslumálaráðherranum íslenska þar með í flokk með helstu einræðisherrum álfunnar.⁷⁵

Ummæli af þessu tagi voru ekki til þess fallin að lægja öldurnar í deilum Háskólans við veitingarvaldið, enda var háskólakennurum mjög heitt í hamsi. Þetta sést kannski best af því að reiðin kraumaði enn í Háskólanum þremur árum síðar, en þá gengu yfirvöld skólans vísitandi framhjá Lundarháskóla, einum háskóla Norðurlanda, þegar fulltrúum erlendra háskóla var boðið til vígslu nýrrar háskóla-byggingar. Eina ástæðan fyrir þessari furðulegu ákvörðun var sú staðreynd að stjórnendur Háskólans höfðu ekki enn fyrirgefið Lundar-mönnum að hafa ekki beðist formlega afsökunar á framferði Anders Nygren í dósentsmálinu – því vildu þeir engan fulltrúa fá frá Lundarháskóla til sinnar hátíðar.⁷⁶

Við slíkar aðstæður var ekki við því að búast að ráðningarmál Háskólans yrðu tekin til alvarlegrar íhugunar, sem var miður. Staðreyndin var nefnilega sú að þær aðferðir sem Háskólinn hafði komið sér upp við mannaráðningar voru alls ekki traustvekjandi, því að þeir sem fengu æðstu kennaraembætti við skólann voru gjarnan kornungir, með tiltölulega litla menntun umfram embættispróf frá Háskóla Íslands og enga reynslu af kennslu eða rannsóknum. Og sú venja að örfáir prófessorar og dósentar hvorrar deildar veldu kennara án auglýsingar eða nokkurs formlegs mats á hæfi þeirra



⁷⁵ Háskólinn og kennslumálaráðherrann, 62–64.

⁷⁶ Þskjs. HÍ. BA2:20. Otto Johansson, sendifulltrúi Svíþjóðar á Íslandi, til rektors HÍ 3. maí 1940. – Þskjs. HÍ. BA2:42. Bréf tengd ýmsum löndum: Svíþjóð. Niels Dungal, rektor HÍ, til háskólaráðs Lundarháskóla 16. des. 1937, og Einar Löfstedt, rektor Lundarháskóla, til Alexanders Jóhannessonar, rektors HÍ 1. nóv. 1940. – Sjá einnig persónulegar bréfaskriftir Alexanders Jóhannessonar og Ottos Johansson í maí og júní 1940, varðveitt í bréfasafni Alexanders á handritadeild Landsbókasafns, Lbs. 28 NF.

sem til greina komu bauð upp á óeðlilega fyrirgreiðslu í ráðningum. Jafnvel í þeim tilvikum þar sem störf voru auglýst og grunnur var undir raunverulega samkeppni um þau þá ætluðu margir að niðurstöður dómnefnda væru fyrirfram gefnar, eða þær væru a.m.k. fjarri því hafnar yfir efa.

Yfirvöld Háskólans gerðu sér fulla grein fyrir þessum vanda, eins og sjá má af sögulegri setningarræðu Níelsar Dungal háskóla- rektors haustið 1936. „Við játum“, sagði hann fyrir hönd starfs- bræðra sinna við skólann, „að það er oft erfitt að velja hæfa kennara úr þeim fámenna hóp, sem hér er úr að velja, og það er engan veg- inn áhættulaust að þurfa að taka unga, lítt reynda menn, nýkomna frá prófborðinu og gera þá að háskólakennurum.“ Rakti hann ástand- ið helst til þess að launakjör háskólakennara væru slík að fáir hefðu áhuga á að starfa við skólann. Háskólanum var mjög í mun, fullyrti hann, að gera þær kröfur til umsækjenda að þeir hefðu afrekað eitthvað í vísindum áður en þeir væru teknir í hóp háskólakennar- anna. „Slíkar kröfur er sjálfsagt að gera þar sem menn sækjast eftir stöðunum, eins og erlendis, en hæpið að heimta miklar fórnir fyrir embætti, sem enginn getur lifað af.“ Eina lausnin sem rektorinn sá á þessu, fyrir utan að stórbæta laun háskólakennara, var að setja nýja kennara fyrst í embættin tímabundið til tveggja eða þriggja ára til að gefa þeim tækifæri til að sanna sig áður en til endanlegrar skipunar kæmi. Þetta yrði efnilegum vísindamönnum hvatning, sagði Níels, til „að sýna dugnað sinn, og einu sinni komnir af stað, mundu þeir sennilega halda áfram“.⁷⁷ Á þennan hátt væru því tvær flugur slegnar í einu höggi; ungir og óreyndir kennarar væru ekki æviráðnir í prófessorsembætti áður en þeir hefðu sýnt hvað í þeim bjó, eins og tíðkast hafði fram að því, og um leið væru allir háskólakennarar vandir á að stunda rannsóknir við upphaf kennsluferils síns.

Í skarkala stjórnmalanna máttu skynsamlegar tillögur eins og þessi sín lítils. Fréttir í dagblöðunum af setningu Háskólans haustið 1936 snerust þannig um allt annað en hugmyndir rektors um nýjar leiðir í ráðningarmálum Háskólans. Rektorinn notaði nefnilega tækifærið einnig til að veitast að kennslumálaráðherra, að ráð- herraum viðstöddum. Gagnrýndi hann Harald harkalega fyrir að grípa fram fyrir hendur Lagadeildar við nýlega veitingu prófessors- embættis við deildina. Fullyrti Níels „að þessi stefna ríkisstjórnar- innar [væri] mjög hættuleg háskólanum, því að kennslumálaráðherra getur aldrei haft þekkingu til að dæma um þekkingu fagmanna á



Twö rit úr deilu Háskólans og menntamálaráðherra um skipun Ísleifs Arnasonar í prófessorsembætti í Lagadeild árið 1936.

⁷⁷ *Árbók Háskóla Íslands* 1936–37, 8–10.



ýmsum sviðum, sem ráðherrann ber ekkert skyn á“.⁷⁸ Haraldur tók þessi orð háskólarektors óstinnt upp og krafðist þess að fá að svara fyrir sig að ræðu Níelsar lokinni, sem rektor meinaði honum. Litu blöðin hvert sínum augum á þennan atburð: í augum stjórnarandstæðinga líktist framkoma ráðherrans við háskólaetninguna því helst „er drukkinn maður rjeðist inn í þingsal Alþingis á árunum og krafðist þess að fá orðið“,⁷⁹ eins og sagði í frétt Morgunblaðsins af atburðinum, á meðan aðrir hneyksluðust á „ósvífni þessa nazista-professors“⁸⁰ – og var þar vísað til ætlaðrar samúðar Níelsar með þáverandi stjórnvöldum í Þýskalandi.⁸¹ Aftur á móti gerði ekkert blaðanna kjör háskólakennara að umtalsefni, og sama má segja um hugmynd rektors um reynslutíma háskólakennara. Í raun var því eins og næsta takmarkaður áhugi væri á því að skapa Háskólanum skilyrði til að laða til sín hæft starfsfólk, þótt ýmsir hefðu áhuga á að ráða því hver væri valinn úr þeim litla hópi manna sem buðust þegar embætti losnuðu við skólann.

⁷⁸ *Árbók Háskóla Íslands* 1936–37, 6–7.

⁷⁹ *Morgunblaðið* 20. sept. 1936, 3.

⁸⁰ *Verklyðsblaðið* 21. sept. 1936, 4.

⁸¹ Um tengsl Níelsar við Þýskaland á fjórða áratugnum sjá Þór Whitehead, *Íslandsævintýri Himmlers*, 126, 132–33, 141 og 153. – Níels var skráður í þriðja flokk Þýskalandsvina á svokölluðum Z-lista öryggisdeildar breska hersins. Þar var hann í hópi með ýmsum af helstu mektarmönnum landsins, sbr. Þór Whitehead, *Bretarnir koma*, 246–53, 283.

⁸² *Þskjs.* Stjr. I. skrifst. B/505, örsk 3. Db. 12, nr. 703. Háskóli Íslands. Haraldur Guðmundsson til Lárusar Einarssonar 23. okt. 1936 og Lárus Einarsson til Dóms- og kirkjumálaráðuneytis 6. nóv. 1936.

4. Launakjör og vísindi

Seint í októbermánuði 1936, eða rúmum mánuði eftir að hann sat undir reiðilestri Níelsar Dungal rektors í sal neðri deildar Alþingis, skrifaði Haraldur Guðmundsson kennslumálaráðherra Lárusi Einarssyni prófessor í Árósum bréf til að kanna áhuga hans á að sækja um nýauglýst prófessorsembætti við Læknadeild Háskóla Íslands. Minnti Haraldur Lárus á að hann hefði þegið styrk frá Rockefellerstofnuninni til framhaldsnáms í Bandaríkjunum nokkrum árum áður, fyrir milligöngu Háskóla Íslands, en það var gert „með það fyrir augum, að þér síðan störfuðuð einmitt við háskólann hér, og ef ekki verður úr því geti verið nokkur hætta á, að stofnunin taki síður tillit til tillagna eða milligöngu háskólans við úthlutun slíkra styrkja eftirleiðis“. Lárus svaraði bréfi ráðherra að bragði og sagði að hann myndi ekki sækjast eftir prófessorsstöðunni við Háskóla Íslands; hann væri nýbúinn að ráða sig til Árósháskóla og sér myndist ósæmilegt af sinni hálfu að hlaupa frá því embætti eftir aðeins þrjá mánuði í starfi. Honum var líka óljúft að hverfa frá Árósum, því að „öll skilyrði til vísindastarfsemi hjer [eru] svo góð, að varla er hægt að búast við slíku á Íslandi í bráð að minsta kosti“. Þar að auki, bætti hann við, þá voru „launakjör íslenzkra Háskólakennara slík, að ólífvænlegt er; að minsta kosti kæmist jeg ekki af, og hefi því blátt áfram ekki efni á að sækja um embættið“.⁸²





Túlkun Spegilsins á háskóla-háttíð 1936 þegar Haraldur Guðmundsson menntamálaráðherra heimtaði orðið til að andmæla orðum rektors um stöðuveitingarmál. Haraldur var kverkmæltur, og skrifaði teiknari Spegilsins orð hans jafnan þannig að g kom í staðinn fyrir r. Í pontu er Niels Dungal háskóla-rektor. Karlarnir til hægri eru ónákvæmt teiknaðir en geta átt að vera, frá vinstri, Árni Pálsson, Guðmundur Hannesson, Guðmundur Thoroddsen og Guðbrandur Jónsson, fræðimaður og bókavörður, en ráðherra hafði þá nýlega sæmt hann prófessorsnafnbót í Óþökk Háskólans.

Mál Lárúsar Einarssonar sýnir í hnotskurn við hvaða aðstæður kennarar við Háskóla Íslands störfuðu á fjórða áratug síðustu aldar.⁸³ Samskiptin við stjórnvöld voru afar stíð, enda virðist áhugi ráðherrans á því að fá Lárús til starfa á Íslandi helst hafa helgast af því að hann vildi koma í veg fyrir að Læknadeild fengi að ráða þann sem hún hafði þegar valið í prófessorsembættið. Guðmundur Hannesson hafði þannig tilkynnt ráðuneytinu síðla sumars að Læknadeild hefði í huga að velja Jón Steffensen prófessor í sinn stað, en Guðmundur var í þann mund að fara á eftirlaun.⁸⁴ Deildin sá þetta fyrir sér sem hefðbundna ráðningu í kennarastarf við skólann, þar sem Jón var langt kominn í framhaldsnámi í líffæra- og lífeðlisfræði, sem hann hafði stundað í nokkrum Evrópulöndum með aðstoð Háskólans (styrk úr Styrktarsjóði Guðmundar Magnússonar).⁸⁵ Eftir afsvar Lárúsar Einarssonar átti ráðherra engra annarra kosta völ en að fara að vilja deildarinnar, enda gaf Lárús Jóni Steffensen hin bestu meðmæli.

Brotthvarf Lárúsar Einarssonar frá Íslandi árið áður hafði valdið mörgum íslenskum læknum verulegum vonbrigðum, því að þeir höfðu vonast til þess að hann myndi ryðja nýjum rannsóknum braut við Háskóla Íslands. Lárús sameinaði, skrifaði Jóhann Sæmundsson, síðar prófessor í lyflækningum við Háskóla Íslands, „þá kosti er einn prófessor mega prýða: Góða mentun, gnótt vísindalegs áhuga og vísindalegra viðfangsefna er leysa skyldi í framtíðinni“. Hvarf hans frá Íslandi, hélt Jóhann áfram, var því mikill missir bæði fyrir Háskólann og þjóðina. „Við getum ekki til eilífrar lifað á því, að grobba af forfeðrunum og íslendingasögunum. Við verðum að leggja

⁸³ Sbr. Júl[íus] Sigurjónsson, „Prófessorsembættið í Physiologie og anatomie“, 121–23.

⁸⁴ *Þskjs. Stjr. I.* skrifst. B/505, örk 3. Db. 12, nr. 703. Háskóli Íslands. Guðmundur Hannesson til kennslumálaráðherra 25. ágúst 1936. – Bjarni Jónsson, „Kennarinn G.H.“, 73–74. – J[ón] Hj. S[igurðs]son, „Samkennarinn G.H.“, 75–76.


⁸⁵ *Árbók Háskóla Íslands* 1935–36, 59; 1936–37, 48.





I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – I.6 VÍSINDIN EFLA ALLA DÁÐ

Myndrit I.3 Samanburður á launum verkamanna og háskólakennara 1911–20



Heimildir: *Hagskinna*, 610, 637 – *Stjórnartíðindi* 1909 A, 190; 1915 A, 82; 1917 A, 78–79; 1919 A, 223.

Munurinn á launakjörum flokkanna er reiknaður afar ónákvæmt, enda bjuggu verkamenn jafnan við verulegt árstíðabundið atvinnuleysi sem ekki er hægt að meta nákvæmlega. En munurinn á þróun launalínanna ætti að vera nærri lagi. Í upphafi fengu prófessorar ríflega þreföld verkamannalaun en áratug síðar litlu meira en einföld. Launin eru reiknuð á föstu verðlagi (1911=100).

eitthvað nýtt af mörkum, en leiðin til þess er áreiðanlega ekki sú, að flæma af landi burt með tómlæti og kotungshætti þá menn, sem líklegastir eru til að gjöra garðinn frægan.⁸⁶ En Háskóli Íslands var greinilega ekki samkeppnisfær í baráttunni um efnilega vísindamenn, og það jafnvel ekki við tiltölulega nýstofnaðan norrænan háskóla eins og háskólinn í Árósum var á þessum tíma.⁸⁷ Ástæðan var hvort tveggja sú, eins og fram kom í svari Lárusar Einarssonar, að aðstaða til vísindarannsókna við skólann var afar bágborin og launin svo lág að kennurum reyndist erfitt að helga sig starfinu. Þeir sem gátu fengið starf annars staðar en við Háskólann reru einfaldlega á önnur og fengsælli mið.⁸⁸

Slæm launakjör háskólakennara höfðu lengi valdið háskólayfirvöldum áhyggjum, enda snertu þau ekki aðeins möguleika skólans til að laða til sín unga og velmenntaða kennara heldur einnig afkomu allra starfsmanna Háskólans. Upphaflega voru launin ákvörðuð með sérstökum launalögum fyrir Háskóla Íslands frá árinu 1909,⁸⁹

⁸⁶ Jóhann Sæmundsson, „Skarð fyrir skildi“, 25–26.

⁸⁷ Árósháskóli var stofnaður árið 1928 og var því aðeins átta ára gamall þegar Lárus var skipaður prófessor þar.

⁸⁸ Lárusi Einarssyni var veitt heiðursdoktorsnafnbót frá Háskóla Íslands á hálfri aldar afmæli skólans. – *Árbók Háskóla Íslands* 1961–62, 64.

⁸⁹ *Stjórnartíðindi* 1909 A, 190–92.



og var þar gert ráð fyrir að byrjunarlaun prófessora yrðu 3.000 krónur á ári og þau hækkuðu síðan í smáum skrefum, á 27 árum, í 4.800 krónur. Dósentlaunin voru aftur á móti fest í 2.800 krónum á ári, og hækkuðu þau ekki með auknum starfsaldri.⁹⁰ Laun prófessora voru greinilega hugsuð þannig að þau yrðu í hærri kanti embættismannalauna á Íslandi, en prófessorar höfðu samkvæmt lögum svipuð laun og dómara í Landsyferrétti og skrifstofustjórar í Stjórnarráðinu. (Þessi störf voru sambærileg dómurum við Hæstarétt og ráðuneytisstjórum nú.) Dósentlaunin voru aftur á móti hin sömu og grunnlaun svokallaðs fyrsta kennara í Lærða skólanum.⁹¹

Á árunum fyrir fyrri heimsstyrjöld þóttu laun háskólakennaranna vel bærileg, þó að staða íslenskra embættismanna hefði versnað verulega frá því Alþingi ákvarðaði laun þeirra í fyrsta sinn árið 1875. Fylgdu fyrstu launalögum dönskum fyrirmyndum og þóttu alltof vel útilátin fyrir íslenska embættismenn. Beindist áhugi manna því lengi að því að lækka laun embættismanna og sníða þau „eptir efnahag þjóðarinnar“ eins og sagði í einu landsmálablaðanna um miðjan níunda áratug 19. aldar.⁹² Leiddi þetta til þess að Alþingi færði hæstu laun embættismanna verulega niður með nýjum launalögum árið 1889⁹³ og þar við sat næstu áratugin. Þar sem launin stóðu í stað á meðan verðlag hækkaði talsvert þá hrakaði kjörum embættismanna stöðugt.⁹⁴ Það var þó ekki fyrir á árunum fyrir heimsstyrjaldar sem verulega tók að halla undan fæti, því að þá fór allt verðlag úr skorðum. Verðbólgan kemur glöggt fram í þróun vísitölu neysluverðs á þessum árum; hún var sett í 100 stig í júlí 1914, var komin í 319 stig árið 1918 og náði hámarki, 421 stigi, tveimur árum síðar.⁹⁵ Við þessar verðhækkningar varð hagur embættismanna fljótt óbærilegur, því að ólíkt starfsfólki á almennum vinnumarkaði hækkuðu laun þeirra ekki í takt við verðbólguna. Til að koma til móts við kröfur embættismanna og hindra fjöldauppsagnir samþykkti Alþingi flókið kerfi dýrtíðaruppbóta sem átti ekki síst að koma hinum lægra launuðu meðal ríkisstarfsmanna til góða.⁹⁶ Því fór þó fjarri að bæturnar héldu í við verðbólguna, og því leit út fyrir er á stríðið leið að æðstu embættismenn landsins – háskólakennarar þar með taldir – færu nánast á vonarvöl.⁹⁷

Bæði stjórnvöld og Alþingi gerðu sér fulla grein fyrir þessum vanda, enda sátu margir embættismenn á þingi. Hækkun launa embættismanna var þó ekki líkleg til að afla þingmönnum fylgis meðal kjósenda, og því gekk erfiðlega að koma málinu á dagskrá þingsins.

⁹⁰ Þessu var breytt árið 1919, en eftir það voru hámarkslaun dósentanna jöfn lágmarkslaunum prófessora.

⁹¹ Háyfirdómariinn í Landsyferréttinum hafði 4.800 krónur í árslaun en meðdómara og skrifstofustjórar í Stjórnarráði 3.500 krónur. Þessi upphæð var föst, en árslaun prófessora hækkuðu um 200 krónur á þriggja ára fresti þar til þau náðu 4.800 króna hámarkinu. – *Skýrslur og tillögur millipinganevndar*, 154, 162–63.

⁹² *Norðurljósið* 10. ágúst 1886, 2.

⁹³ *Stjórnartíðindi* 1889 A, 84–86.

⁹⁴ Lárus H. Bjarnason, „Um launa- og eftirlaunatillögur launanevndarinnar“.

⁹⁵ *Hagskinna*, 638.

⁹⁶ *Stjórnartíðindi* 1915 A, 82–83. – Ekki er að sjá af landsreikningum þessara ára að háskólakennarar hafi notið þessara launabóta, a.m.k. stóðu greidd laun Háskólans í stað til ársins 1919. – *Landsreikningurinn* 1918, 47; 1919, 33; 1920, 35.

⁹⁷ *Alþingistíðindi* 1919 A, 269–71, 289–94.



I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – I.6 VÍSINDIN EFLA ALLA DÁÐ

Andúð á embættismönnum var landlæg á Íslandi og sú skoðun útbreidd meðal almennings að þeir væru hálfgerð áttumein á þjóðarlíkamanum. Þórarinn Jónsson, bóndi á Hjaltabakka og þingmaður Húnavetninga, ræddi þessi viðhorf í umræðum um ný launalög árið 1919, en þar benti hann á að á „framboðsfundum [hefði] það oft verið aðaltrúarjátning margra frambjóðenda, að eitt af því fyrsta, sem þyrfti að gera, væri að fækka embættismönnum, jafnvel draga úr launum þeirra og afnema eftirlaun. Og þessi skoðun var og átti að vera töluð út úr hjörtum kjósendanna.“⁹⁸ Þar að auki reyndist þingmönnum erfitt að finna traustan grundvöll undir útreikning launa á tímum óðaverðbólgu, sem þeir hvorki skildu alltof vel né vissu hvernig myndi þróast í framtíðinni.

Tvær tilraunir voru gerðar til að endurskoða launamál ríkisins í heild sinni á árunum frá byrjun fyrri heimsstyrjaldar til upphafs hinnar síðari. Í báðum tilvikum voru skipaðar svokallaðar milliþinganefndir (1914 og 1933), en það voru starfsnefndir kosnar af þinginu með það í huga að gera úttekt á ástandinu og semja frumvörp að nýjum lögum fyrir þingið. Launanefndirnar skiluðu báðar ítarlegum skýrslum og tillögum, sem byggðar voru á gleggstu upplýsingum sem þær gátu aflað sér um verðlagsþróun á Íslandi, greiðslugetu ríkisins og laun opinberra starfsmanna í nágrannalöndunum.⁹⁹ Fyrri tilraunin leiddi til þess að sett voru ný launalög árið 1919, þar sem laun embættismanna voru hækkuð verulega en þó alls ekki í takt við verðlagsþróunina.¹⁰⁰ Tvívegis (1935 og 1936) voru lögð fram frumvörp til launalaga byggð á tillögum síðari nefndarinnar, en þau dagaði bæði uppi í þingnefndum og náðu því ekki fram að ganga.


Afdrif og aðdragandi launalaganna árið 1919 sýndu vel hversu erfitt var að taka á kjaramálum íslenskra embættismanna. Yfirlýst markmið fyrri milliþinganefndarinnar, sem skilaði tillögum sínum árið 1916, var að komast að því sem henni þótti skynsamleg og réttlát málamiðlun á milli launakrafna embættismannanna sjálfra og þess sem almenningur taldi að þeim bæri að greiða með réttu. Leiðarljós nefndarinnar var það að launin ættu að duga til þess að embættismenn kæmst sómasamlega af, þeir fengju umbun fyrir þann kostnað sem þeir höfðu haft af því að búa sig undir embættin, þeir gætu tryggt sér nauðsynlegan líffeyri í ellinni og að launin endurspegluðu þá ábyrgð og vanda sem fylgdi hverju embætti. Þegar til kom treysti nefndin sér þó ekki til að reikna út áhrif verðbólgunnar á kaupmáttinn og lagði því til að laun nær allra hærra launaðra

⁹⁸ *Alþingistíðindi* 1919 B, 1104.

⁹⁹ Sbr. *Skýrslur og tillögur milliþinganefndar. – Álit og tillögur milliþinganefndar í launamálum.*

¹⁰⁰ *Stjórnartíðindi* 1919 A, 217–26.





Héraðsskólinn á Laugavatni tók til starfa árið 1928 að frumkvæði Jónasar Jónssonar ráðherra menntamála. Það var liður í þeirri stefnu framsóknarmanna að efla menningu í sveitum landsins. Óneitanlega voru húsa- kynni skólans glæsileg í samanburði við þau sem æðsta menntastofnun þjóðarinnar bjó við á neðstu hæð Alþingishússins.

embættismanna héldust að mestu óbreytt frá því sem verið hafði fyrir stríð. Bygðist þetta á þeirri trú að bæði myndi verðlag hverfa aftur til fyrra horfs og að landið hefði ekki bolmagn til að greiða æðstu embættismönnum sínum hærri laun en reyndin hafði verið fyrir heimsstyrjöldina.¹⁰¹ Höfundar laganna frá 1919 gengu út frá sömu meginreglum, þótt þeir hafi ekki verið jafnbjartsýnir um þróun verðlags og millipinganeftindin hafði verið þremur árum fyrr. Lögðu þeir því til nokkrar launahækkningar til embættismanna, án þess þó að mæta verðhækkunum frá 1914 að fullu. Helsta breytingin hvað háskólakennarana varðar var að tekin var upp sú regla að laun dósenta hækkuðu með starfsaldri, þannig að þeir náðu byrjunarlaunum prófessora eftir sex ár í starfi. Þetta leiddi síðan til þess að lögum var breytt árið 1930 þannig að dósentar fluttust sjálfkrafa og án sérstaks hæfnismats í starf prófessora, „með sömu réttindum og skyldum sem aðrir prófessorar Háskólans“, eftir sex ár í embætti.¹⁰²

Fljótlega eftir setningu launalaganna kom í ljós að þau náðu alls ekki markmiði sínu. Eins og búist var við varð nokkur verðhjöldun á þriðja áratugnum, en því fór fjarri að verðlagið nálgadist það sem verið hafði fyrir stríð. Tók því að rigna yfir Alþingi og Stjórnarráðið kvörtunum frá embættismönnum yfir hraklegum launakjörum. Háskólakennarar tóku virkan þátt í þessari baráttu og höfðu oft forystu um kröfur á hendur ríkinu. Laun „háskólakennara með dýrtíð- arbot hrokkva nú alls ekki fyrir óhjákvæmilegum gjöldum, jafnvel þó mjög spart sje á öllu haldið“, segir t.a.m. í athugasemdum háskólaráðs um fjárlagafrumvarp ársins 1925,¹⁰³ en slíkar ályktanir urðu síðan að eins konar árlegri helgiathöfn í starfi ráðsins.¹⁰⁴ Rétt er að taka slíkum kvörtunum með ákveðinni varúð, því að hugtök eins og „óhjákvæmileg útgjöld“ eða „mannsæmandi laun“ eru afstæð og

¹⁰¹ *Skýrslur og tillögur millipinganeftindar*, 187–219. Laun prófessora áttu að haldast óbreytt að öðru leyti en því að starfsaldurs- hækkningar voru örari en í fyrri lögum. Nefndin lagði aftur á móti til að laun dósenta yrðu bætt verulega. – *Skýrslur og tillögur millipinganeftindar*, 196.

¹⁰² *Stjórnartíðindi* 1930 A, 47–48. – Lögín voru sett að frumkvæði dósenta við Háskólann. – *Þskjs. HÍ. BA1:4. X. Laganýmæli 1918–27. Bréf frá dósentum HÍ til háskólaráðs* 24. okt. 1927.

¹⁰³ *Árbók Háskóla Íslands* 1924–25, 12.

¹⁰⁴ *Þskjs. HÍ. BA2:16. Skýrsla sem samin var af öllum föstum kennurum HÍ, dags. 29. okt. 1934.*

I. EMBÆTTISMANNAKÓLINN – I.6 VÍSINDIN EFLA ALLA DÁÐ



Magnús Jónsson lögfræðingur, rektor 1925–26.



Guðmundur Thoroddsen læknir, rektor 1926–27 og 1935–36.



Magnús Jónsson guðfræðingur, rektor 1930–31.



Niels Dungal læknir, rektor 1936–39.

Í kafla I.6.2 voru birtar myndir af háskólarektorum 1915–25. Hér eru fjórir þeir næstu sem gegndu rektorsstarfi 1925–39 og höfðu ekki gert það áður, að undanteknum Alexander Jóhannessyni (rektor 1932–35, 1939–42 og 1948–54), sem birt er mynd af í kafla I.5.4.

háð persónulegu mati hvers og eins. Ólíkar stéttir manna skilgreina þarfir sínar líka á ólíkan hátt, og meintar þarfir breytast frá einum tíma til annars. Sem dæmi má nefna ítarlegt yfirlit yfir grunnútgjöld embættismannafjölskyldna sem háskólakennarar sömdu árið 1917 til að rökstyðja kröfur sínar um nauðsynlegar launahækkanir, en þar reiknuðu þeir með að á meðalheimili háskólakennarans væru hjón, þrjú börn og vinnukona.¹⁰⁵ Sjálfsagt hafa mörg heimili í Reykjavík komist af án vinnufólks, en í húsum „betri borgara“ taldist kostnaður við slíka heimilishjálp til nauðsynlegra útgjalda.

Hvað sem því líður þá bera stöðugar kvartanir háskólakennara og annarra embættismanna vott um megna óánægju þeirra með kjör sín. Hvort sem þeir báru sig saman við aðrar stéttir á Íslandi, kollega sína á Norðurlöndum eða launin fyrir fyrri heimsstyrjöld, þá bar allt að sama brunni – kjörin þóttu óviðunandi og fóru hríðversnandi. Eina lausnin sem háskólakennurum stóð til boða, og hún byggðist á eins konar óskrifuðu samkomulagi á milli þeirra og stjórnvalda, var að afla sér aukatekna utan Háskólans. Hlóðu því flestir þeirra á sig aukastörfum, enda voru margir háskólakennaranna eftirsóttir til alls kyns verka. Afleiðingin var sú að illmögulegt var fyrir þá að helga sig starfi sínu við Háskólann með sómasamlegum hætti. Bitnaði þetta ekki síst á rannsóknarvirkninni, því að kennslan fór að mestu eftir föstum venjum og þörfum hverrar deildar um sig, og því var erfitt fyrir kennarana að losa sig undan henni.

Rektorum Háskóla Íslands varð tíðrætt um þetta ástand í setningarræðum sínum og bréfum til stjórnvalda. Þannig gerði Magnús Jónsson guðfræðiprófessor kjaramálin að umtalsefni við setningu

¹⁰⁵ *Árbók Háskóla Íslands* 1917–18, 57–66.

Háskólans haustið 1930, en þar fullyrta hann að laun háskólakennara væru svo lág að þau dygðu ekki fjölskyldumanni í prófessorsstöðu til framfærslu. Og þegar kennurum eru settir þeir tveir kostir, „að komast í fjárþröng eða vinna starf, sem þeim er í raun og veru óskilyt og miður geðfellt, til þess að geta firrt heimili sitt vandræðum, þá taka þeir síðari kostinn“. Í sumum tilvikum buðust kennurum störf sem kröfðust sérþekkingar þeirra, en aðrir unnu aukavinnu sem var allsósýld starfinu við Háskólann. En í raun skipti ekki máli hvert starfið var, fannst Magnúsi, því að aukavinnan hlaut að koma niður á vísindastarfi við Háskólann. „Eg skil ekki,“ sagði hann,

að læknir t.d. hafi mikinn vísindalegan arð upp úr því, þó hann þeytist um bæinn til þess að skoða sjúklinga með kvefpest eða aðra daglega kvilla, eða lagaprófessor þó að hann semji frumvörp fyrir stjórnina eða hlusti á þrætur manna, eða aðrir kennarar háskólans, þó að þeir þrælki í tímakennslu í skólum fyrir byrjendur. Allt er þetta brauðstrit, gagnslaust fyrir starf háskólakennara og óarðberandi fyrir Háskólann.¹⁰⁶

Hér talaði Magnús sannarlega af reynslu, því að hann vasaðist í mörgu með störfum sínum við Háskólann.¹⁰⁷ Sat hann á Alþingi samfelld frá 1921 til 1946, var fjármálaráðherra um tíma (1942) – og kenndi með ráðherrastörfunum¹⁰⁸ – og starfaði í fjölda nefnda á vegum þings og stjórnar.¹⁰⁹ Því hefur kennslan við Háskólann löngum verið honum eins konar aukastarf, ekki síst þá mánuði sem Alþingi sat að störfum.

Niels Dungal, sem gegndi starfi rektors á árunum 1936–39, var sama sinnis og Magnús Jónsson. Í lok maí 1939 sendi hann ríkisstjórn frumvarp til laga um laun háskólakennara þar sem ráð var gert fyrir að þau yrðu nærfellt tvöfölduð. Í bréfi sem fylgdi frumvarpstíllögum minnti rektor ríkisstjórnina á að þrátt fyrir stöðugar kvartanir í áratugi hefðu háskólakennarar enga úrlausn fengið sinna mála. „Með hverju ári, er líður, hefir ástandið farið versnandi, og er nú svo komið, að margir háskólakennarar eru skuldum hlaðnir og bera hinn mesta kvíðboga fyrir fjárhagsafkomu sinni á næstu árum“, skrifaði hann. Var því svo fyrir virðulegustu menntastofnun landsins komið, hélt rektor áfram, að hún „mun ekki geta innt þær skyldur af hendi, er á henni hvíla, ef á þessu verður ekki þegar ráðin bót, og er af tvennu illu æskilegra að leggja háskólann niður í núverandi mynd heldur en að horfa fram á örþingð vísindamanna þeirra, er við

¹⁰⁶ *Árbók Háskóla Íslands* 1930–31, 9.

¹⁰⁷ Magnús var dósent 1917–28 og prófessor 1928–52.

¹⁰⁸ Róbert Jack, *Séra Róbert Jack*, 135.

¹⁰⁹ Páll Eggert Ólason og Jón Guðnason, *Íslenzkar æviskrár* VI, 348–49.

I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – I.6 VÍSINDIN EFLA ALLA DÁÐ

Þessa stofnun eiga að starfa á ókomnum árum“. Fannst Níelsi hörmulegt til þess að hugsa þegar til stóð að Háskólinn flytti í nýtt og veglegt hús, „að við þessa stofnun starfi menn, er litlu öðru fá áorkað en að sinna nauðsynlegum kennslustörfum vegna fátæktar og annara óskyldra starfa, en að vísindalegar rannsóknir, sem alls staðar í heiminum eru taldar höfuðverkefni háskólakennara, lúti í lægra haldi og að áhrifa þeirra gæti lítt eða ekki“.¹¹⁰

Ekki er að sjá að þessi brýningarorð rektora hafi haft tilætlun áhrif, a.m.k. önsuðu stjórnvöld þeim yfirleitt engu. Dagblöðin birtu vissulega fréttir af kvörtunum háskólakennaranna,¹¹¹ en oftast án athugasemda. Ræða Magnúsar Jónssonar haustið 1930 varð Morgunblaðinu þó tilefni til beittrar gagnrýni á ríkisstjórn Framsóknarflokksins fyrir það sem blaðið taldi rangar áherslur í menntamálum. Ásakaði blaðið landstjórnina fyrir að sýna „vísindum og sjer fræði allri fullan fjandskap“, á meðan „fjalladalaskólinn“ á Laugarvatni nyti sérstakrar velvildar kennslumálaráðherrans. Þar risi hver byggingin á fætur annarri, segir blaðið, á meðan Háskólinn ætti ekkert hús, og gerði blaðamaður því skóna að stjórnin hefði byggt upp héraðsskólann á Laugarvatni sem „hressingarhæli handa Hriflu-Jónasi, svo hann geti leitað þangað, er hann veltur úr núverandi valdastól sínum“.¹¹² Tíminn svaraði skeytinu fullum hálsi, eins og vænta mátti. Fannst blaðinu það „ærið undarlegt, að M[orgun]bl[aðið] skuli nú fyrst uppgötva það, að háskólinn sé húsnaðislaus“, og minnti um leið á að kennslumálaráðherrar Íhaldsflokksins hefðu horft „á það aðgjörðarlausir, að beztu lóðir bæjarins voru byggðar upp og hreyfðu hvorki hönd né fót til þess að tryggja háskólanum samastað inni í höfuðstaðnum“. Hæg uppbygging Háskólans stafaði því ekki af sérstakri óvináttu framsóknarmanna í garð vísinda, heldur var ekki við miklu að búast af jafnfámennri þjóð og Íslendingum. Danir, sem voru nokkuð á fjórðu milljón, höfðu lengst af átt aðeins einn háskóla, og Svíar sem voru sex milljónir áttu tvo. Íslendingar gátu því verið stoltir af sínum Háskóla, þótt vanmáttugur væri, því að þeir hefðu, með því einu að stofna hann, „gjört meira fyrir vísindi og sérfræði en nokkur önnur þjóð í heimi með tilliti til fólksfjölda“.¹¹³ Með þessu svaraði Tíminn óbeint kvörtunum háskólakennara um slæm kjör og starfsskilyrði. Landið hafði einfaldlega ekki efni á meiru en þeim Háskóla sem hún átti, og því urðu starfsmenn hans að sætta sig við það sem að þeim var rétt – þótt það væri hvergi nóg til að Háskólinn gæti starfað á þann hátt sem forsvarsmenn hans óskuðu.

¹¹⁰ *Dskjs.* HÍ. BA2:16. Rektor HÍ til ríkisstjórnar 31. maí 1939.

¹¹¹ Sjá t.d. *Morgunblaðið* 13. nóv. 1934, 4.

¹¹² *Morgunblaðið* 5. okt. 1930, 2.

¹¹³ *Tíminn* 11. okt. 1930, 205.

5. Kennslan í Alþingishúsinu

Kennslan í embættismannadeildum Háskólans var að flestu leyti í fullkomlega föstum skorðum og miðaðist við að búa nemendur undir embættispróf eins og þau voru skilgreind í reglugerð Háskólans. Enginn virðist hafa velkst í vafa um hvað ætti að kenna í þessum deildum, enda byggðu þær á hefðum sem höfðu mótast í embættismannaskólunum þremur áður en Háskólinn var stofnaður og tóku mið af því sem tíðkaðist við háskólana í Kaupmannahöfn og Kristjaníu. Væntingar nemenda um hverju námið myndi skila þeim voru líka skýrar: þeir höfðu hug á að afla sér hagnýtrar menntunar sem veitti þeim aðgang að sæmilega tryggum störfum að prófum loknum. Heimspekideildin hafði þá sérstöðu, eins og áður sagði, að hún bjó nemendur ekki undir embættispróf og var því ekki jafnbundin og hinar deildirnar af utanaðkomandi kröfum um þá þekkingu og færni sem nemendur áttu að tileinka sér í náminu. Deildin lagaði sig þó að flestu leyti að þeim venjum í kennsluháttum sem tíðkuðust í hinum deildunum – enda breyttist hún að nokkru leyti í embættismannadeild þegar tekið var upp svokallað kennarapróf í íslenskum fræðum (cand. mag.) um miðjan fjórða áratuginn.

Í Árbókum Háskólans er nákvæmlega tífundað alla fyrstu áratugina sem skólinn starfaði hvað hver og einn kennari kenndi, og má þar því fá ágætt yfirlit yfir tilhögun kennslunnar og til hvers var ætlast af hverjum kennara fyrir sig. Það sem einkennir kennsluna öðru fremur á þessum árum var hversu lítið hún breyttist frá ári til árs, enda voru viðfangsefni hin sömu frá einum áratug til annars; Guðfræðideild var ætlað að búa presta undir starf hjá þjóðkirkjunni, Læknadeild að þjálfa lækna sem þjónuðu í hinum ýmsu læknishéruðum landsins og Lagadeildin að mennta lögfræðinga fyrir stjórnkerfi ríkisins og dómstólana. Í þessu skyni var nemendum þessara deilda kennd nokkuð fastákveðin blanda af námsgreinum, þar sem hver kennari sá um skýrt afmarkaðan hluta. Gerðist þetta yfirleitt þannig að þeir kenndu annaðhvort sömu greinarnar ár eftir ár eða ákveðnar kjarnagreinar árlega, í bland við nokkrar sérgreinar sem boðið var upp á með reglulegu millibili. Svo eitt dæmi sé tekið þá kenndi Ólafur Lárusson kröfurétt nær hvert einasta ár fyrstu áratugina sem hann starfaði við skólann, og þá oftast einnig með hlutarétti. Auk þessara kjarnagreina lögfræðinnar kenndi hann sjórétt, réttarsögu og félagarétt með reglulegu millibili. Á þennan hátt áttu nemendur þess kost að kynnast öllu því efni sem kom til


lokaprófs í fyrirlestrum, og svokölluðum yfirheyrslum, í a.m.k. eitt misseri á námsferlinum. Kennslan í íslenskum fræðum var byggð upp á sama grunni, en þar kenndu kennarar efnið yfirleitt í lengri „fyrirlestrahringjum“; t.a.m. fór Páll Eggert Ólason prófessor tvisvar sinnum yfir alla Íslandssöguna frá landnámsöld til samtímans á þeim tíu árum sem hann kenndi við Háskóla Íslands – og var reyndar byrjaður á þriðja hringnum þegar hann réðst sem aðalbankastjóri til Búnaðarbanka Íslands í ársbyrjun 1930. Arftaki hans, Árni Pálsson, fór mun hægar yfir, því það tók hann sjö ár að komast yfir tímabilið frá landnámsöld til loka 17. aldar, en hann eyddi aftur á móti aðeins einum vetri í sögu alls tímabilsins frá siðaskiptum til samtímans.

Þótt Háskóli Íslands væri einn af smæstu háskólum Evrópu varð hann samt að veita nemendum sínum sambærilega kennslu og miklu stærri stofnanir í nágrennalöndunum. Framboðið var vitanlega ekki eins fjölbreytt við Háskólann og t.a.m. við norrænu háskólana, en ef íslenskur læknir, menntaður við Háskóla Íslands, átti að veita löndum sínum svipaða þjónustu og evrópskir kollegar hans, eða að sækja sér framhaldsmenntun við erlendan háskóla, þá varð menntun þeirra að vera keimlök. Þetta lagði mikla ábyrgð og vinnu á fárra manna herðar við Háskóla Íslands, því að kennarahópurinn þar var miklu smærri en í nágrennaháskólunum. Við Kaupmannahafnarháskóla voru t.a.m. sjö prófessorar og dósentar í guðfræði, 13 í lögfræði og 21 í læknisfræði árið 1911 – og árið 1936 höfðu sömu deildir 10 (guðfræði), 16 (lögfræði) og 23 prófessora (læknisfræði).¹¹⁴ Við stofnun Háskóla Íslands voru aftur á móti aðeins átta prófessorar og dósentar samanlagt í samsvarandi deildum, en þeim hafði fjölgað í tíu árið 1936. Kennaraliðið var þar með nálægt því fimmfalt fámennara við Háskólann en við Kaupmannahafnarháskóla. Vandinn sem af þessu hlaut var leystur að hluta til með því að ráða stundakennara til að kenna námsgreinar sem voru ekki á færi fastráðinna kennara Háskólans, en kennarafæðin olli engu að síður því að kennarar við Háskólann urðu að sinna mun breiðara fræðasviði en kollegar þeirra í nágrennalöndunum. Í Læknadeild neyddust prófessorarnir tveir til að kenna hvor um sig þrjár kennslugreinar, skrifaði Guðmundur Magnússon í bréfi til Stjórnarráðsins árið 1913. „Slíkt tíðkast hvergi við háskóla, og er hvergi nema hér ætlast til að sami kennari hafi á höndum kenslu í meira en 2 kennslugreinum í mesta lagi, og þó óviða nema í 1 grein, eða hluta úr kenslugrein.“¹¹⁵ Slíkt álag gerði kennurunum við Há-

¹¹⁴ Larsen, „København's Universitet“, 508. – Heimspékideild Hafnarháskóla er ekki sambærileg við HÍ því að nám þar var miklu fjölbreyttara og kennararnir því eðlilega margfalt fleiri (34 árið 1911 og 38 árið 1936).

¹¹⁵ *Þslj's*. Stjr. I. skrifst. B/113, örk 1, Db. 3, nr. 665. Háskóli Íslands. Guðmundur Magnússon, rektor HÍ, til Stjórnarráðs 9. mars 1913.

Myndrit I.4 Fjöldi prófessora og dósentna í embættismannadeildum háskólanna í Kaupmannahöfn og Reykjavík 1911 og 1936



Heimildir: *Árbók Háskóla Íslands*. – Larsen, „Københavns Universitet,“ 508.

Kennaralið Háskóla Íslands var fámennt, og þurfti hver kennari því að þekja stórt kennsluvið. Miðað við fólksfjölda voru prófessorar í embættismenntunardeildum Íslendinga þó sex sinnum fleiri en Dana árið 1911 eins og sjá má með samanburði við myndrit I.2.

skólann auðvitað erfitt fyrir að fylgjast með nýjungum í faginu eða að byggja kennsluna á eigin rannsóknum.

Þrátt fyrir þetta vildi Magnús Jónsson ekki gera mikið úr þeirri vinnu sem kennslan legði á herðar háskólakennara. Í áður nefndri setningarræðu Háskólans haustið 1930 skipti hann starfi háskólakennara í tvo meginþætti: starf að vísindum og kennslu. Um kennsluna sagði hann að hún væri „yfirleitt ekki tímaflek“, enda áttu kennararnir að hafa nægan tíma fyrir hinn þáttinn, rannsóknirnar¹¹⁶ – eða, eins og reyndin var við Háskóla Íslands, til að afla sér aukatekna utan skólans. Sjálfsgagt hafa kennarar lagt mismikla alúð við kennsluna, en ef marka má yfirlitið í *Árbókum Háskóla Íslands* þá kenndu margir þeirra mjög mikið, þótt fjöldi kennslustunda á hvern kennara væri ólíkur á milli deilda og að einhverju leyti á milli einstakra kennara við sömu deild. Fyrsta starfsár Háskólans kenndu prófessorar Læknadeildar 10–12 stundir hver á viku í fyrirlesturum, viðtölum og yfirheyrslum, eins og það var kallað, auk verklegra æf-

¹¹⁶ *Árbók Háskóla Íslands* 1930–31, 8.

I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – I.6 VÍSINDIN EFLA ALLA DÁÐ

Í fyrstu árgöngum Árbókar Háskóla Íslands er kennslu prófessora víða lýst nákvæmlega. Hér er sagt frá kennslu eins af prófessorunum í Guðfræðideild á fyrstu árum Háskólans.

Prófessor Haraldur Nielsson:

Hann fór með yfirheyrslu vandlega yfir *Markúsarguðspjall* eftir gríska textanum, yfir *Lúkasarguðspjall* í íslenskri þýðing (þó hraðara yfir þá kafla, sem sameiginlegir eru við Markúsar- eða Mattéusarguðspjall), 4 stundir á viku fyrra misserið, en 3 stundir síðara misserið.

Ennfremur fór hann vandlega yfir *Rómverjabrjefið* á grísku 3 stundir á viku fyrra misserið og yfir *Galatabrjefið* og *Jakobsbrjefið* (1,1–2,13) í íslenskri þýðing, 2 stundir á viku, síðara misserið.

Loks hjelt hann fyrra misserið *skriflegar æfingar í síðfræði* með þeim nemendum, sem lengst voru komnir, 1 sinni á viku (2 stundir í senn).

inga með nemendum, á meðan starfsbræður þeirra í Heimspekideild kenndu þrjár til sex stundir á viku. Þessi munur hélst nokkuð svipaður næstu áratugin, þótt heldur virðist hafa dregið úr álagi á kennara er frá leið. Síðustu árin í Alþingishúsinu var meðalkennslan í Lagadeild og Guðfræðideild nálægt sex stundum á viku, á meðan kennarar Læknadeildar kenndu öllu meira (8–10 stundir) en prófessorar Heimspekideildar heldur minna (4–5 stundir).

6. Rannsóknir við þröng kjör

Í tilefni af vígslu nýrrar háskólabýggingar hinn 17. júní 1940 gaf Háskóli Íslands út ítarlega skrá um rit allra kennara sem starfað höfðu við skólann frá stofnun hans.¹¹⁷ Þar er tíundað flest það sem birst hafði á prenti frá hendi kennaranna þann tíma sem þeir störfuðu við skólann, allt frá minningargreinum í dagblöðum til veigamikilla vísindarita. Skráin gefur því eins heillegt yfirlit yfir vísindastarf við skólann á fyrstu áratugum hans og hægt er að fá. Útgáfan var hugsuð, að sögn Alexanders Jóhannessonar rektors, sem tilraun til að kynna afrakstur þess sem hann kallaði hina kyrrlátu vinnu starfsmanna Háskólans, „er unnin hefir verið við ömurleg skilyrði og léleg kjör“. Þóttist hann þess fullviss að skráin myndi „sannfæra þjóðina um, að háskólinn hafi ekki brugðizt þeim vonum, er gerðar voru til hans, er hann var settur á stofn, ef litið er sanngjörnum augum á allar aðstæður“.¹¹⁸

¹¹⁷ *Skrá um rit háskólakennara 1911–1940.*

¹¹⁸ *Árbók Háskóla Íslands 1939–40*, 60.

Útilokað er að fullyrða nokkuð um hvort yfirvöld Háskólans náðu tilætluðum árangri með ritaskránni því að erfitt er að ráða í hvaða væntingar landsmenn höfðu til vísindastarfs við Háskólann. Af skránni sést þó að allir kennarar við Háskóla Íslands sinntu rannsóknum að einhverju marki þótt framlag þeirra hafi verið misveigamikil, bæði að magni og gæðum. Það vekur athygli við lestur skrárinnar hversu litla rækt starfsmenn Háskólans lögðu á þeim árum sem hún nær til við að birta niðurstöður rannsókna sinna á alþjóðlegum vettvangi þótt frá þessu væru vissulega mikilvægar undantekningar. Níels Dungal, prófessor við Læknadeild og stjórnandi Rannsóknarstofu Háskólans, skrifaði t.a.m. allmargar greinar um sauðfjársjúkdóma í virt ensk, frönsk og þýsk fræðirit, og eins kynnti Lárus Einarsson niðurstöður rannsókna sinna í bandarískum vísindatímaritum á þeim tveimur árum sem hann starfaði sem aukakennari við Læknadeild Háskólans. Prófessorarnir í íslenskum fræðum nutu líka alþjóðlegrar viðurkenningar fyrir rannsóknir sínar, eins og skýrt kom fram þegar norsk yfirvöld reyndu að fá Sigurð Nordal til starfa við háskólann í Kristjáníu á árunum 1923–24. Stofnaði Stórþingið norska í því skyni sérstaka prófessorsstöðu við háskólann í íslenskri mál- og bókmenntasögu („fra Skallagrim til Kvaran og Kamban“, eins og Magnus Olsen prófessor við Kristjánúháskóla skilgreindi kennsluvið prófessorsins í bréfi til Sigurðar Nordal),¹¹⁹ og þótt hún væri ekki beinlínis bundin nafni Sigurðar þá var hún hugsuð honum einum til handa.¹²⁰

Fréttir af mögulegri brottför helstu stjórn Háskólans í íslenskum fræðum til Noregs vöktu nokkra athygli á Íslandi, og sýndist sitt hverjum um málið. Sumum fannst að ekkert væri við þessu að gera þótt víst væri missir að ungum og efnilegum vísindamanni eins og Sigurði Nordal. „Úr því, að Norðmenn, hefðu óskað þess að fá mann hjeðan til háskóla síns, þá lægi það í hlutarins eðli, að þeir fengju þann manninn, er lærðastur væri í þessum fræðum og í mestu álit“, sagði Sigurður Sigurðsson búfræðingur í grein sem hann birti í Morgunblaðinu um málið, en hann var nýkominn heim úr ferð til Noregs.¹²¹ Meirihluti Alþingis var þó ekki á því að láta prófessorinn fara baráttulaust, enda áttu rannsóknir í íslenskum fræðum að vera helsta skrautfjöðrin í hatti Háskóla Íslands, og reyndar ein meginröksemdin fyrir því að reka einn háskóla á Íslandi frekar en þrjá aðskilda embættismannaskóla. Fór því svo að meirihluti þingmanna samþykkti vorið 1924, að tillögu menntamálanefndar neðri deildar,

¹¹⁹ *Lbs.* 10 NF. Magnus Olsen til Sigurðar Nordal 14. feb. 1923.

¹²⁰ *Lbs.* 10 NF. Fredrik Paasche til Sigurðar Nordal 1. feb. og 31. maí 1923.

¹²¹ Sigurður Sigurðsson, „Stórþing Norðmanna“, 4.

I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – I.6 VÍSINDIN EFLA ALLA DÁÐ

Niels Dungal var einn fyrsti prófessor Háskólans til að geta sér orð sem vísindamaður utan Norðurlanda. Hér er grein eftir hann í ensku tímariti frá 1931 og fjallar um smitandi lungnabólgu í sauðfé.

*Reprinted from "The Journal of Comparative Pathology and Therapeutics,"
Vol. XLIV. Part 2. June, 1931.*

CONTAGIOUS PNEUMONIA IN SHEEP.

By Dr. NIELS DUNGAL.

(Pathological Laboratory, University, Reykjavik).

DURING the last decade a form of acute pneumonia has caused considerable losses among the sheep flocks in different parts of Iceland, occurring partly sporadically, partly in enzootics, but never uniformly spread over the whole country.

Farming in Iceland is based chiefly upon sheep-breeding, and the income of a farmer depends mainly on the number of lambs he can sell for slaughtering in autumn, this period being the only slaughtering season of the year, when the sheep have returned from the summer pastures in their very best condition. Losses in the sheep-stock, the chief capital of the farming section of the population, are therefore of economical interest, and they were increasing last year, when the disease here described was rapidly spreading in one of the most advanced farming districts of the country.

In spite of numerous outbreaks of this disease no investigations were made into it until the spring of 1929, when two neighbouring farmers in the course of five to six weeks lost 130 sheep, or about 20 per cent. of their stock, during the lambing period. From nine of the dead sheep the lungs and some other organs were sent to our laboratory. The pathological changes, although varying, were evidently of the same nature in all cases, and in seven of the nine cases we isolated a well-defined micro-organism which we supposed to be the cause of the disease. 1 c.c. of an eight hour bouillon culture was injected intratracheally into an old ewe, which for a long time had been kept isolated on a small island. Seven days later the animal was found to be suffering from a heavy dyspnoea. It was killed, and post-mortem examination showed a typical pneumonia, the same kind of micro-organism being cultivated from the lungs. Both lambs of this ewe, injected at the same time in the same manner, showed no signs of illness. These preliminary researches pointed to the isolated microbe as the cause of the disease, but at that time the question could not be definitely settled, as the disease died out with the advent of summer, and a later attempt to infect four sheep with the microbe gave no positive result.

Nothing further was heard of this disease until December of the same year. It then broke out in a few farms not far from the two mentioned above. In the course of the month it spread rapidly, and, as it was causing heavy losses in many farms and the farmers feared for their flocks, I undertook an expedition with the aid of the Government, to make further investigations into the disease. I settled down in the middle of the infected area with an assistant and an equipment for bacteriological work. We stayed there during three months and the following is an account of our findings.

Occurrence of the Disease.—In the district where we were working the same disease had caused great losses on two farms the year before

að Sigurði Nordal yrði veittur á fjárlögum sérstakur 3.000 króna styrkur til ritstarfa, sem bættist við venjuleg prófessorslaun hans.¹²² Þetta var veruleg búbót fyrir prófessorinn, því að samkvæmt launalögunum frá 1919 voru byrjunarlaun prófessors 4.500 krónur á ári.¹²³ Tillagan mætti harðri andstöðu í þinginu, ekki síst fyrir þá sök að þingmenn óttuðust að hún hrinti af stað flóði svipaðra beiðna frá

¹²² Sbr. *Alþingistíðindi* 1924 A, 766.

¹²³ *Stjórnartíðindi* 1919 A, 223.

öðrum kennurum Háskólans. Það var síðan ekki síst fyrir eindregin meðmæli Jónasar Jónssonar að tillagan var samþykkt að lokum, en hann lofaði Sigurð í hástert fyrir hæfileika hans til að ná til íslenskrar alþýðu; Sigurður Nordal var hinn íslenski Carlyle eða Ruskin, fullyrti Jónas, sem alls ekki mátti missa úr landi.¹²⁴ Varð þetta til þess að Sigurður slepti prófessorstöðunni í Noregi og sat áfram á sínum kennarastóli við Háskóla Íslands.¹²⁵ Fredrik Paasche, prófessor í bókmenntasögu við háskólann í Kristjaníu og helsti hvatamaðurinn að því að fá Sigurð til Noregs, sagði reyndar að forseti Stórþingsins hefði stungið upp á að laun Sigurðar yrðu hækkuð umfram leyfileg hámarkslaun norskra prófessora, en Paasche lagðist gegn því á þeirri forsendu að rangt væri að yfirbjóða Íslendinga á þann hátt.¹²⁶

Örlæti íslenskra þingmanna við Sigurð Nordal kemur nokkuð á óvart, ekki síst fyrir þá sök að þingið 1924 var sérstakt sparnaðarþing, og sjaldan varð kórinn um hinn óskaplega fjölda embættismanna á Íslandi háværi en þá. Kostnaðurinn við að reka Háskóla Íslands óx mönnum í augum, eins og reyndar rekstur flestra annarra ríkisstofnana. Í byrjun mars lagði Jón Þorláksson, þá óbreyttur þingmaður en fjármálaráðherra nokkrum dögum síðar,¹²⁷ fram frumvarp til breytingar á lögum um Háskóla Íslands þar sem reynt var að skera niður í föstum rekstrarkostnaði skólans. Meginmarkmið frumvarpsins var að fækka verulega lögbundnum kennaraembættum við Háskólann en ráða stundakennara í auknum mæli í staðinn. Skylda átti líka biskupinn til að kenna við Guðfræðideild, og greinilegt var að flutningsmanni þótti engin goðgá að embættismenn á borð við hæstaréttardómara og landsbókavörð kenndu einnig við Háskólann í aukavinnu. Að lokum lagði Jón til að deildum Háskólans yrði fækkað úr fjórum í þrjár með því að sameina Heimspekideild og Lagadeild undir einum hatti. Í greinargerð með frumvarpinu og í framsögum á þingi lagði flutningsmaðurinn áherslu á nauðsyn þess að fækka embættismönnum til þess að rétta af bághorinn fjárhag ríkisins. Taldi hann að auki fátt mæla gegn því að kennslan við Háskólann yrði að stórum hluta aukastarf, en það fyrirkomulag hefði verið tíðkað við Læknadeild frá upphafi og reynt vel að hans sögn.¹²⁸ Frumvarpinu var vel tekið í neðri deild þingsins, þótt sameiningu Heimspekideildar og Lagadeildar væri hafnað, enda áttu þingmenn erfitt með að sjá hvað myndi sparast við þá aðgerð.¹²⁹ Í efri deild voru viðtökurnar blendnari. Minnihluti menntamálanefndar deildarinnar, þ.e.a.s. títtnefndur Jónas Jónsson, vildi samþykkja

¹²⁴ *Alþingistíðindi* 1924 B, 862–74. – Þarna vísar Jónas til bresku fræðimannanna og menntafrömuðanna Thomas Carlyle (1795–1881) og Johns Ruskin (1819–1900).

¹²⁵ Sigurður íhugaði aftur að flytjast til Noregs upp úr 1930, sbr. *NB. HS*, bs. nr. 375. Sigurður Nordal til Magnus Olsen 25. mars 1931.

¹²⁶ *Lbs.* 10 NF, Fredrik Paasche til Sigurðar Nordal 30. apríl 1924.

¹²⁷ Í þriðja ráðuneyti Jóns Magnússonar, sbr. Agnar Kl. Jónsson, *Stjórnarráð Íslands 1904–1964 I*, 176–80.

¹²⁸ *Alþingistíðindi* 1924 A, 215–18; 1924 C, 1008–10.

¹²⁹ Sbr. álit menntamálanefndar neðri deildar: *Alþingistíðindi* 1924 A, 465–67.

I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – I.6 VÍSINDIN EFLA ALLA DÁÐ

frumvarpið með þeirri breytingu einni að þeim sem sátu „í hinum miður þörfu embættum“ skyldi vikið úr starfi þegar í stað fremur en að beðið yrði eftir því að þeir færu „úr þeim að eigin ósk eða við dauða“.¹³⁰ Meirihluti nefndarinnar, þau Ingibjörg H. Bjarnason, skólastýra Kvennaskólans í Reykjavík og flokkssystir Jóns Þorlákssonar, og Sigurður Eggerz, fyrrverandi forsætisráðherra, lagðist aftur á móti eindregið gegn frumvarpinu. Kjarnyrnt niðurstaða áhlits tvímenninganna um háskólafrumvarpið var einhver eindregnasta traustsyfirlýsing sem Háskóli Íslands hafði fengið á Alþingi, og því er rétt að vitna til hennar orðrétt:

Yfir höfuð virðist meiri hl[utanum] það skifta miklu fyrir þjóðina, að háskólinn fái að njóta sín sem best. Menning þessarar litlu þjóðar hefir jafnan verið sterkasti þátturinn í allri viðreisnar- og sjálfstæðisbaráttu hennar, og svo mun enn. Okkur virðist svo, sem góðir kraftar innan háskólans vinni að því stöðugt að auka veg hans. Okkur virðist svo, að æskilegt væri, að þjóðin lærði að meta þýðing þessarar æðstu menningarstofnunar vorrar, og trúin á þetta andlega vígi vort mætti friða háskólann fyrir allri áreitni, svo hann fengi að njóta þeirra starfskrafta, sem honum eru ætlaðir af löggjafarvaldinu.

Lögðu þau Ingibjörg og Sigurður til að frumvarpið yrði fellt.¹³¹ Gekk það ekki beinlínis eftir, en með álitinu kváðu þau þó málið niður því að efri deild tók það aldrei til annarrar umræðu og hvarf það þar með hljóðalaust af dagskrá.¹³²

Kröfur um sparnað voru sprotnar af vilja stjórnvalda til að rétta af halla í ríkisrekstri, en staða ríkisins var mjög slæm á fyrri hluta þriðja áratugarins. Fannst háskólakennurum þó að nær væri að „leita peninganna þar, sem þeim hefur verið týnt,“ svo vitnað sé til greinar sem Sigurður Nordal skrifaði um stöðu Háskólans árið 1924. „Fjárkreppunni valda, hér eins og annarsstaðar,“ hélt hann áfram, „ógætilegar ráðstafanir kaupskýslumanna, hófleysi almennings á veltiárunum, sem enn eimir eftir af, vitlausar áætlanir verkfræðinga, sem teygt hafa þjóð og bæjarfélög út í fyrirtæki, sem þau rísa illa undir, aukin stjórnarútgjöld (t. d. árlegt þinghald og afleiðingar þess) og hin nýju embætti styrjaldaráranna.“ Háskólann, og ekki síst Heimspekideild, taldi hann aftur saklausan af slíkum útlátum,

¹³⁰ *Alþingistíðindi* 1924 A, 940–41.

¹³¹ *Alþingistíðindi* 1924 A, 946–47.

¹³² *Alþingistíðindi* 1924 C, 1041.

og í anda hins fornkeðna að stemma skyldi ár að ósi, þá væri nær að líta annað þegar spara átti í útgjöldum ríkisins.¹³³

Það er sjálfsagt orðum aukið að segja að Jón Þorláksson hafi viljað leggja Háskóla Íslands niður,¹³⁴ en hann vildi þó örugglega breyta eðli skólans og grundvelli. Í hans huga átti Háskólinn að vera kennslustofnun eingöngu, og efaðist fjármálaráðherrann greinilega um að þjóðin hefði efni á því að halda úti fullburða vísindastofnun. Þar með tók hann, óbeint að vísu, undir með þeim sem höfðu gagnrýnt stofnun Háskólans á sínum tíma, og þá ekki síst með mönnum á borð við Kristian Erslev og Knud Berlin. Jón Þorláksson var ekki einn um þessa afstöðu, því að tillaga hans fékk töluvert fylgi á þinginu árið 1924 og Alþingi var – eins og margoft hefur komið fram – alla jafna afar sínkt á fé þegar kom að þessu meinta óskabarni þjóðarinnar. Jónas Jónsson orðaði þessi viðhorf til íslenskra skólamála mjög skorinort í greinargerð með frumvarpi sem hann flutti árið 1933, ári eftir að hann hafði látið af embætti kennslumálaráðherra, en það gekk í sömu átt og áður nefnd tillaga Jóns Þorlákssonar. Þar sagðist Jónas hafa gert sér grein fyrir því á ráðherraárum sínum að hugsjónin um íslenskan háskóla væri draumsýn ein. „Sumir af kennurum og nemendum háskólans héldu, að þessi vanrækta stofnun væri heimkynni vísinda. Slíkt er meiri háttar misskilningur“, fullyrti Jónas. „Nýsköpun vísindanna er nú á dögum háð fjármagni og þéttbýli. Afburðagáfur nægja ekki. Þeim verða að fylgja ytri skilyrði, sem fátæk smáþjóð getur ekki veitt.“¹³⁵ Því áttu Íslendingar einskis annars úrkosti en að viðurkenna hið augljósa og láta af öllum áformum um að reka rannsóknarháskóla. Frumvarp Jónasar var aldrei tekið á dagskrá, enda var hann í litlu afhaldi hjá ríkisstjórninni sem þá sat undir forystu Ásgeirs Ásgeirssonar.¹³⁶ En frumvarpið sýndi samt að enn voru leiðandi menn á þingi vantrúaðir á möguleika Íslendinga til að halda uppi virku rannsóknarstarfi umfram þjónusturannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Svo horfið sé aftur til skrárinnar um rit háskólakennara á árunum í Alþingishúsinu þá sést að gagnrýnin á skólann var að flestu leyti óréttmæt. Það er vissulega rétt að hugsjón Björns M. Ólsen um að Háskóli Íslands yrði virkur þátttakandi í hinu alþjóðlega lýðveldi vísindanna hafði ekki ræst nema að hluta, en kennararnir gerðu þó flestir sitt ýtrasta, við afar þröng skilyrði, til að miðla fræðum sínum til þeirra Íslendinga sem á þá vildu hlusta. Gáfu þeir út bækur um fræðileg efni, birtu ritgerðir í tímaritum – og þá bæði í almennum þjóðmála-



Sigurður Nordal, prófessor í íslenskum fræðum með bókmenntasögu að sérgrein frá 1918. Hann var eitt mesta stolt Háskólans, alþjóðlega viðurkenndur vísindamaður og sérfræðingur í því efni sem Íslendingar töldu sér helst til frægðar. Því bætti Alþingi 3.000 krónum við laun hans á miklum sparnadartímum fremur en að missa hann til Noregs. Myndin er eftir Nínu Tryggvadóttur.

¹³³ Sigurður Nordal, „Háskólinn“, 74.

¹³⁴ Sbr. Þorsteinn Gylfason, „Trúin á ævintýrin“.

¹³⁵ *Alþingistíðindi* 1933 (aukaþing) A, 407.

¹³⁶ Sbr. Guðjón Friðriksson, *Ljónið öskrar*, 7–35.

og menningartímaritum (eins og Eimreiðinni, Andvara eða Skírni) og sérhæfðari tímaritum (Kirkjuritinu eða Læknablaðinu) – og tóku þátt í þjóðmálaumræðu í dagblöðum. Eins höfðu háskólakennarar forystu um stofnun menningartímarita á borð við Vöku, sem áður var minnst á, og með Árbók Háskólans fylgdi jafnan lært vísindarit, ýmist á íslensku eða erlendum tungumálum. Fyrstu árin var það oftast eftir rektor Háskólans og má því líta á útgáfu þess sem eins konar rannsóknarskyldu rektors Háskóla Íslands. Grundvallarrit í íslenskum rannsóknum birtust sem slík fylgirit Árbókarinnar, og þar má nefna rannsókn Guðmundar Hannessonar, *Um skipulag bæja* (1915–16) og útgáfu Sigurðar Nordal á Völuspá, með skýringum hans og kenningum um tilurð kvæðisins, sem fylgdi Árbók Háskólans 1922–23.

Þetta bendir til þess að kennarar Háskóla Íslands hafi litið á skólann sem hjarta eða heila þjóðarlíkamans, svo notað sé líkingamál sem stofnendum hans var mjög kært. Megináherslan var á innlent starf Háskólans, eða skyldur hans við íslenskt samfélag og miðlun þekkingar til Íslendinga. Slíkt starf var mjög í þeim anda sem ríkti á Íslandi á fyrstu áratugum 20. aldar, en á þeim tíma reyndu landsmenn að treysta grunninn undir sjálfstæðu þjóðríki á Íslandi. Framlag Háskólans til þessa verkefnis var einkum þríþætt: hann framleiddi þjóðholla embættismenn, veitti nýrri þekkingu inn í íslenskt samfélag, og kennararnir mótuðu vísindastarf í landinu á íslenskri tungu. Kennarar Háskóla Íslands tóku því virkan þátt í sköpun íslenskrar þjóðar, ef svo má að orði komast. Af þeim sökum vekur nokkra furðu hversu lítinn pólitískan stuðning Háskólinn fékk á fyrstu áratugunum, þrátt fyrir fögur orð á hátíðarstundum. Skýringin liggur kannski helst í því að skólinn stóð fyrir samfélagsleg gildi sem áttu undir högg að sækja í íslensku samfélagi á árunum eftir fyrri heimsstyrjöld. Háskólinn var í eðli sínu elftustofnun; hann menntaði embættismenn, sem í augum margra voru forréttindastétt, og kennararnir litu á sig sem helstu sérfræðinga landsins hver á sínu sviði. Skólinn lagði líka mikla áherslu á sjálfstæði sitt gagnvart ríkisvaldinu og þjóðfélaginu í heild. Í augum háskólakennaranna var hann eins konar menningarleg háborg, sem átti að stjórna sér sjálf án afskipta frá samfélaginu sem hann þjónaði. Slíkar skoðanir samræmdust illa pólitískum skoðunum bæði samvinnu- og jafnaðarmanna, sem voru ráðandi afl í íslenskum stjórnmálum frá því seint á þriðja áratug síðustu aldar og fram í síðari heimsstyrjöld. Þeir vildu því hafa áhrif á menntastefnu skólans og ráðningar kennara, en því var mætt af fullri hörku af yfirvöldum. Ágrein-



Stjórnarnefnd Árnastofnunar í Kaupmannahöfn, Den Arnamagnæanske Kommission, með fulltrúum frá Háskóla Íslands. Nefndin er hér á fundi 14. september 1936. Sitjandi frá vinstri: Axel Lindvald, Árni Pálsson, Carl S. Petersen og Sigurður Nordal (sem hefur átt fimmtugs-afmæli þennan dag). Standandi frá vinstri: Jón Helgason, Ejnar Munksgaard bókaútgefandi, Johannes Brøndum-Nielsen, Einar Arnórsson og Erik Arup, formaður nefndarinnar. Á myndina vantar Halldór Hermannsson og Paul Nørlund.

ingurinn á milli skólans og stjórnvalda var djúpstæður því að „jafnaðarmennsku-grillurnar“ og „Hrifluteoríurnar“, svo vitnað sé til bréfs Ágúst H. Bjarnasonar til Sigurðar Nordal frá árinu 1917, áttu lítt upp á pallborð háskólamanna.¹³⁷ Ekki bætti úr skák fyrir Háskólann að hann naut alls ekki sérstaks stuðnings hjá þeim stjórnmalaflokkum sem stóðu helstu forystumönnum skólans næst. Sparnaður í ríkisrekstri var helsta baráttumál stjórnar Íhaldsflokksins 1924–27, og Háskólinn mátti því þakka fyrir að standa í stað á þeim árum. Sumir sjálfstæðismenn studdu þó skólann í stríðinu við Harald Guðmundsson kennslumálaráðherra á fjórða áratugnum, en það virðist fremur hafa ráðist af andúð á stjórn Alþýðu- og Framsóknarflokks en ást á Háskólanum.

Vísindin við Háskóla Íslands á árunum 1911–40 voru í fullu samræmi við flest í rekstri skólans. Segja má að hann hafi haldið að mestu í horfinu þennan tíma, en alls ekkert umfram það. Stjórnvöld höfðu greinilega ákveðinn metnað fyrir hönd skólans í byrjun, sem kom fram í nokkurri fjölgun kennarastarfa og landvinninga á nýjum fræðasviðum (svo sem í hagnýtri sálarfræði). Úr þessum áhuga dró þó á þriðja áratugnum, og þá hófst tími stöðunar og afturfarar. Tilraunir Háskólans til að ná yfirráðum yfir rannsóknum í þágu atvinnuveganna mættu fullri andstöðu bæði stjórnvalda og hagsmunasamtaka, sem vildu ekki missa valdið yfir þessum vísindum. Að öðru leyti stóð húsnaðisleysi og kröpp kjör kennara gegn allri ný-

¹³⁷ Lbs. 10 NF. Ágúst H. Bjarnason til Sigurðar Nordal 17. júlí 1917.



I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – I.6 VÍSINDIN EFLA ALLA DÁÐ

sköpun í rannsóknum við Háskólann. Vonir háskólamanna um nýja tíma voru því bundnar við flutninginn í nýtt hús, því að á meðan skólanum var komið fyrir í Alþingishúsinu gat engin breyting orðið á vísindastarfinu við skólann.





7. Nemendur embættis- mannaskólans 1911–40

Frá örfáum til nokkru fleiri

1. Skóli allra landsmanna?

Nafn Háskóla Íslands gefur skýrt til kynna að skólinn sé eign þjóðarinnar allrar, að hann sé raunverulegur *þjóðskóli*. Af því má ætla að honum beri að þjóna öllum Íslendingum, hvar sem þeir búa og hvaða stétt sem þeir tilheyra. Háskólinn hefur þó aldrei verið opin allum, því að frá öndverðu hefur rétturinn til að ljúka prófum við skólann verið bundinn við þá sem hafa lokið stúdentsprófi eða ígildi þess. Það var á þessum forsendum sem beiðni Þórbergs Þórðarsonar um að taka meistaraþróf í íslenskum fræðum árið 1919 var hafnað, þótt hann hefði sótt nám af samviskusemi við Heimspekideild í áraraðir. Deildin og háskólaráð töldu sig réttilega ekki hafa heimild í lögum til að veita slíkt leyfi, því að neminn hafði hvorki stúdentspróf né áskilið próf í forspjallsvísindum.¹ Lengst af þýddu slík skilyrði að aðeins örmár minnihluti Íslendinga gat látið sig dreyma um að taka próf frá Háskóla Íslands, og fram undir miðja síðustu öld var hann sjálfsgagt álfka óraunverulegur í hugum flestra landsmanna og erlendar stórborgir; fyrirbæri sem almenningur las um í blöðum eða bókum en gerði sér engar grillur um að kynnast af eigin raun. Árið sem Háskóli Íslands var stofnaður luku t.a.m. aðeins 22 nemendur stúdentsprófi frá Hinum almenna menntaskóla í Reykjavík, eða rúmlega 1,3% af þeim 1.650 Íslendingum sem urðu tvítugir á árinu 1911.² Þetta hlutfall hélst að mestu óbreytt næsta áratuginn, en fór síðan hægt vaxandi með aukinni aðsókn að Menntaskólanum í Reykjavík og síðar að Menntaskólanum á Akureyri. Fram að síðari heimsstyrjöld var þó ekki um neina sprengingu að ræða í fjölda stúdenta, því að hlutfall þeirra af hverjum árgangi 20 ára Íslendinga náði aðeins um fjórum prósentum undir lok fjórða áratugarins.³

Vaxandi fjöldi stúdenta á árunum 1911–40 kemur, eins og við má búast, beint fram í nemendafjöldanum við Háskóla Íslands. Eins og

¹ *HÍ*. Gjörðabók Heimspekideildar I, 30. jan. 1919. – *HÍ*. Gjörðabók háskólaráðs I, 5. feb. 1919. – Halldór Guðmundsson, *Skáldalíf*, 90–91.

² Sbr. *Saga Reykjavíkurskóla* I, 109. – *Vef Hagstofa Íslands*. Mannfjöldi eftir kyni og aldri 1841–2010. Miðað er við fjölda þeirra sem voru tvítugir 1. janúar 1912.

³ *Hagskinna*, 856–57.



sést af myndriti I.5 þá fjölgaði nemendum við skólann nokkuð jafnt og þétt allan þennan tíma, eða úr 45 nemendum fyrsta árið sem Háskólinn starfaði í 227 síðasta ár hans í Alþingishúsinu. Þrátt fyrir þennan vöxt varð engin eðlisbreyting á Háskóla Íslands á þessum fyrstu þremur áratugum starfseminnar, og enn sat örlítill hópur útvalinna Íslendinga þar á bekk þegar skólinn flutti í nýtt hús sumarið 1940. Af áætlunum byggingarnefndar Háskólans frá árinu 1936, sem í sátu nokkrir af lykilkennurum við skólann, má sjá að þeir gerðu ekki ráð fyrir að á þessu yrði veruleg breyting næstu áratugina. Þeir töldu að háskólabyggingin nýja myndi nægja skólanum langt framtíðir 20. öldinni. Nefndin lýsir þessari framtíðarsýn í bréfi sem hún sendi Sven Tunberg, prófessor í sagnfræði og rektor Stokkhólmsháskóla, í byrjun september 1936, en hann hafði heimsótt Háskóla Íslands þá um sumarið. Lét Tunberg í ljós sérstakan áhuga á hinni fyrirhuguðu háskólabyggingu í blaðaviðtölum,⁴ og hafði í kjölfarið milligöngu um að leita álits sænskra arkitekta á teikningum Guðjóns Samúelssonar. Í bréfi sínu skýrir byggingarnefndin starfsemi Háskóla Íslands fyrir Tunberg og segir að í honum séu starfræktar fjórar háskóladeildir með um 170 nemendum. Reiknaði nefndin með að fljótlega yrði bætt við kennaradeild, og þá yrðu þar um 200–225 nemendur. Næstu hálfa öldina, eða til ársins 1986, mætti síðan „reikna með tvöföldun, kannski 400–500 stúdentum“, ályktaði byggingarnefndin, og af bréfinu má skilja að nefndarmönnum hafi fundist sú fjölgun kappnóg fyrir landið. Við búum „við offramleiðslu á lögfræðingum og lækn-um“,⁵ sögðu þeir, og ekki er að sjá að nefndarmenn hafi talið að nokkrar grundvallarbreytingar yrðu á starfsemi Háskólans næstu áratugina.


Byggingarnefndin reyndist ekki sannspá, því að það tók Háskólann ekki nema áratug að ná 500 nemendum, og að hálfri öld liðinni voru nær 4.500 nemendur skráðir í skólann⁶ – tífalt fleiri en byggingarnefndin hafði gert ráð fyrir. Ástæðan fyrir þessari öru fjölgun í og eftir síðari heimsstyrjöld var margþætt, en segja má að í stríðinu hafi ýmsar þær stíflur sem höfðu haldið nemendum frá skólanum tekið að bresta, ein af annarri. Afleiðingin var sú að skólinn færðist smám saman nær því að verða þjóðskóli í raun. Hér skiptu þrjú atriði höfuðmáli.

Í fyrsta lagi var Háskóli Íslands algert karlavígi fyrstu áratugina sem hann starfaði. Eins og áður hefur komið fram kenndi engin kona við skólann allan þann tíma sem hann var hýstur í Alþingishúsinu, þegar frá eru taldir tveir erlendir sendikennarar á fjórða ára-

⁴ *Nýja dagblaðið* 9. júlí 1936, 3.

⁵ *Þskjs.* HÍ. BA2:19. Byggingarnefnd HÍ til Svens Tunberg 1. sept. 1936.

⁶ *Vef.* Heildarskráning nemenda í Háskóla Íslands frá upphafi: skráðir 1982–1989.



tugnum. Kvennemendur voru líka lengst af sárafáir, og enn færri konur luku prófi frá Háskólanum. Ekki var hægt að kenna íslenskum lögum og reglum um þessa skipun mála, því að allt frá stofnun Háskólans höfðu stúlkur nákvæmlega sama rétt og piltar til náms við skólann. Reglur um menntun kvenna við æðri skóla á Íslandi eiga rætur að rekja til ársins 1886 þegar stúlkum var fyrst veitt heimild til að nema við Lærða skólann og embættismannaskólana tvo sem þá voru starfræktir í landinu, Prestaskólann og Læknaskólann.⁷ Þessi heimild hafði þó takmarkað gildi, því að konur áttu hvorki kost á styrkjum á meðan á náminu stóð né á embættum þegar því var lokið. Á meðan sú var raunin var nám í embættismannaskólum tæpast mjög lokað. Reynslan var líka sú að aðeins þrjár stúlkur höfðu útskrifast úr Lærða skólanum og Hinum almenna menntaskóla í Reykjavík þegar Háskólinn tók til starfa,⁸ og engin kona hafði skráð sig í embættismannaskólana þegar þeir voru formlega lagðir niður sumarið 1911. Til að rétta hlut kvenna var lögum breytt þannig árið 1911 að stúlkum var veittur sami réttur til námsstyrkja og embætta og piltum, og því var fullt lagalegt jafnrétti til náms á Íslandi tryggt á sama tíma og Háskóli Íslands tók til starfa.⁹

Þó að formlegt jafnrétti væri fengið varð þróunin í átt til raunverulegs kynjajafnréttis í háskólamenntun löturhæg, svo vægt sé til

⁷ *Stjórnartíðindi* 1886 A, 96. – Benjamín Kristjánsson, *Íslenskir guðfræðingar 1847–1947 I*, 169–71.

⁸ Þetta voru Elinborg Jacobsen (1897), færæysk stúlka sem alin var upp í Reykjavík, Laufey Valdimarsdóttir (1910) og Kristín Ólafsdóttir (1911). – *Saga Reykjavíkurskóla I*, 81–109. – Sjá einnig Vallborg Sigurðardóttir, *Íslenska menntakonan verður til*, 27–46.

⁹ *Stjórnartíðindi* 1911 A, 238. – Guðmundur Hálfðanarson, „Kosningaréttur kvenna og afmörkun borgaréttar“.

I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – I.7 NEMENDUR EMBÆTTISMANNASKÓLANS 1911–40

orða tekið. Eins og sést af myndriti I.5 þá var engin sýnileg fjölgun í hópi kvenstúdenta við Háskólann fyrir en upp úr miðjum fjórða áratugnum, og af þeim 460 nemendum sem útskrifuðust frá Háskóla Íslands á árunum 1912–40 voru aðeins sjö konur – eða 1,5% kandídatanna.¹⁰ Frumkvöðullinn, Kristín Ólafsdóttir, sem innritaðist í Læknadeild Háskólans strax fyrsta haustið sem hann starfaði og útskrifaðist sem læknir, fyrst íslenskra kvenna, í febrúar 1917,¹¹ sýndi að þetta var hægt, en fordæmi hennar virðist ekki hafa breytt miklu. Undir lok tímabilsins sést þó glitta í nýja tíma, því að haustið 1938 innrituðust 16 stúlkur til náms við skólann, eða helmingi fleiri en nokkurt einstakt ár í sögu Háskólans fram að því. Þar með voru stúlkur orðnar rúmur fjórðungur nýnema við skólann. Þetta þýddi þó alls ekki að öllum hindrunum hafi verið rutt úr vegi fyrir íslenska kvenstúdenta, eins og síðar verður vikið að, en staða þeirra við skólann virtist þó vera að breytast.

Í öðru lagi var námsframboð við Háskóla Íslands mjög takmarkað fyrstu áratugina, og urðu þeir sem höfðu hug á að læra eitthvað annað en þær fjórar námsgreinar sem þar voru í boði því að sækja menntun sína til annarra skóla, innlendra eða erlendra. Þetta breyttist talsvert í síðari heimsstyrjöld, en þá hófst verkfræði- og viðskiptafræðikennsla við Háskóla Íslands, auk BA-náms í Heimspekideild, en sú viðbót dró verulega úr þörf íslenskra háskólanema til að sækja grunnenntun sína út fyrir landsteinana.

Tafla I.2 Háskólamenntun stúdenta sem útskrifuðust frá íslenskum menntaskólum 1911 og 1936

	1911	1936
Fjöldi	22	68
Af þeim		
Skráðir í HÍ sama haust	10	35
Skráðir í HÍ síðar	2	10
Stunduðu háskólanám erlendis	12	27
Luku fyrsta háskólaprófi frá HÍ	9	29
Luku fyrsta háskólaprófi erlendis	4	22
Luku engu háskólaprófi	9	17

¹⁰ Tölur um útskrifaða nemendur eru unnar úr skrárm í *Árbók Háskóla Íslands*.

¹¹ Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson, *Læknar á Íslandi I*, 511–12.

Heimildir: *Saga Reykjavíkurskóla I*, 109 og 159. – Þórhallur Bragason, „Stúdentatal“, 211. – Gunnlaugur Haraldsson, ritstj., *Æviskrár MA-stúdenta I. – Árbók Háskóla Íslands*. – Brynleifur Tobiasson, *Hver er maðurinn?* – Einnig var stuðst við ýmis stéttartöl og leitað í dagblöðum með textaleit á www.timarit.is. Framhaldsnám lækna að loknu embættisprófi við Háskóla Íslands er ekki reiknað með í tölum um háskólanám erlendis.

Athugun á háskólanámi tveggja íslenskra stúdentsárganga með aldarfjórðungs millibili, þ.e. 1911 og 1936, gefur ágætt yfirlit yfir háskólamenntun Íslendinga á fyrstu áratugum 20. aldar. Fyrri árið luku 22 nemendur námi úr Hinum almenna menntaskóla í Reykjavík, eins og áður hefur komið fram, og innrituðust tíu þeirra í Háskóla Íslands strax um haustið.¹² Þetta ár höfðu hinir ýmsu skólar í Kaupmannahöfn ennþá vinninginn yfir hinn nýstofnaða háskóla í Reykjavík, því að helmingur íslensku stúdentanna sigldi til höfuðborgar konungsríkisins til náms, flestir til að læra einhver fræði sem ekki voru í boði við Háskóla Íslands – allt frá söng og búvísindum til verkfræði og þýsku.¹³ Tveir þessara ellefu nemenda hurfu reyndar fljótlega frá námi í Kaupmannahöfn og luku síðar prófum frá Háskóla Íslands, og því tóku á endanum níu af stúdentunum 22 í stúdentsárganginum frá 1911 embættispróf frá Háskólanum. Árið 1936 hafði stúdentum fjölgað verulega, eða í 68, en af þeim útskrifuðust 47 frá Menntaskólanum í Reykjavík og 21 frá Menntaskólanum á Akureyri.¹⁴ Nokkrar breytingar má merkja í háskólanámi þessa stúdentahóps frá því sem verið hafði aldarfjórðungi fyrr, þótt meginlínur hafi verið þær sömu. Háskóli Íslands hafði t.a.m. unnið á frá því sem verið hafði árið 1911, því að tveir af hverjum þremur stúdentanna stunduðu nám við Háskóla Íslands, um tíma að minnsta kosti. Enn sótti samt mjög stór hópur þeirra nám sitt til útlanda – flestir í verkfræði (tíu), en hinir dreifðust á ýmsar greinar sem ekki voru kenndar við Háskólann á þessum árum (efnafræði, hagfræði, almenna sagnfræði, tannlækningar, tungumál, veðurfræði, svo nokkur dæmi séu nefnd). Veruleg breyting hafði þó orðið á dreifingu nemendanna á lönd, því að þótt Danmörk væri enn vinsælasti áfangastaður íslenskra námsmanna erlendis – níu af stúdentunum lærðu þar a.m.k. um skeið – þá fóru nú tveir þriðju hlutar þeirra annað. Þýskaland var næstefst á vinsældalista stúdentanna (sjö), þá Noregur (fimm) og Svíþjóð (þrjú), en fjórir nemendur dreifðust á önnur lönd í Evrópu og Norður-Ameríku.¹⁵

Athyglisvert er að sjá hversu margir úr báðum stúdentahópunum annaðhvort flosnuðu upp úr háskólanámi eða fóru ekki í háskóla eftir stúdentspróf. Þótt útilokað sé að alhæfa nokkuð um þennan hóp þá er greinilegt að í flestum tilvikum bundu ýmiss konar samfélagslegar aðstæður enda á nám þeirra. Þetta getum við nefnt þriðju hindrunina í vegi þeirra sem höfðu hug á að stunda nám við Háskóla Íslands á fyrstu starfsárum skólans. Árið 1936 útskrifuðust fimm stúlkur úr menntaskólunum tveimur, en þótt fjórar þeirra hafi

¹² *Saga Reykjavíkurskóla* I, 109. – Sjá einnig *Árbók Háskóla Íslands* næstu ár á eftir þar sem tilgreindir eru þeir sem luku prófum frá skólanum.

¹³ Upplýsingar um menntun stúdentanna er fengin úr ýmsum heimildum, svo sem Brynleifur Tobiasson, *Hver er maðurinn* I–II, og með textaleit í *Vef. timarit.is*.

¹⁴ Sbr. *Saga Reykjavíkurskóla* I, 159. – Þórhallur Bragason, „Stúdentatal“, 211. – Gunnlaugur Haraldsson, ritstj.,

Æviskrár MA-stúdenta I. – *Árbók Háskóla Íslands* 1936–37, 18–24. Tölum ber reyndar ekki saman um fjölda útskrifaðra nemenda frá MA, en hér er farið eftir *Æviskrám MA-stúdenta* og *Árbók Háskóla Íslands*.

¹⁵ Einn nemandi lærði bæði í Danmörku og Þýskalandi og telst því tvisvar í þessum reikningi.



I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – I.7 NEMENDUR EMBÆTTISMANNASKÓLANS 1911–40

Þótt konur hafi formlega haft sama rétt til háskólanáms og karlar allt frá því Háskóli Íslands var stofnaður lögðu fáar stúlkur í það. Fyrsta stúlkan sem stundaði læknanám og lauk því var í fyrsta árgangi Háskólans, og er á mynd í kafla I.5.1 hér á undan. En fyrsti kvenkyns laganeminn, Auður Auðuns, innritaðist ekki fyrr en í janúar árið 1930. Hún átti eftir að verða lögfræðingur, alþingismaður, borgarstjóri í Reykjavík og dómsmálaráðherra. Fréttin er úr Stúdentablaði, janúar- og febrúarhefti 1930.



Auður Auðuns er fyrsta íslensk stúlka er lagt hefir fyrir sig lögfræðinám. — Hún útskrifaðist úr Mentaskólan í vor með hárru fyrstu einkunn og innritaðist í lögfræðideild í janúar. Auður gat sjer snemma ágæt-an orðstír sem leikona, er hún ljek í skólaleik, því miður ekki nema einum, því að veikindi vörnuðu henni að leika oftár. Vætanlega getur hún sjer fær t að taka þátt í leiksýningum stúdentá, og hefir þeim þá bæst í hópinn leikona með hæfileikum og miklum dugnaði.

innritast í Háskóla Íslands sama haust þá lauk engin þeirra námi frá skólanum.¹⁶ Háskólamenntun kvenna á árunum fyrir síðari heimsstyrjöld, og reyndar lengi síðar, fylgdi óskrifuðum reglum um kynjaskiptingu í samfélaginu, benti einn þessara fimm kvenstúdentá, Ragnheiður Einarsdóttir, síðar á í viðtali við Morgunblaðið. „Maðurinn var fyrirvinnan, konan ól börn og annaðist þau, saumaði og þreif og þegar um hægðist tóku við ólaunuð félagsstörf í ýmsum góðgerðarfélagum.“ Ragnheiður hætti námi eftir skamma dvöl í Lagadeild Háskólans, þrátt fyrir mikinn áhuga á laganáminu. „Engin gift kona var við nám eða starf utan heimilis, nema þá maðurinn gæti ekki séð fyrir henni. Það kom bara ekki til greina. Ég gifti mig og valdi mér þar með hlutskipti í lífinu og ég var sátt og ánægð með það.“¹⁷

Hvað karlstúdentana varðaði þá var það helst fjárskortur sem hélt þeim frá háskólanámi. Þótt nám við skólann væri nemendum að mestu að kostnaðarlausu, þá tók það yfirleitt langan tíma, og námsstyrkir og lán dugðu hvergi nærri til framfærslu. Lánasjóður stúdentá var stofnaður árið 1922, að frumkvæði Lúðvigs Guðmundssonar, þá læknanema og síðar kennara, en sjóðurinn náði aldrei neinu flugi.¹⁸ Eini opinberi fjárstuðningurinn sem háskólanemar höfðu upp á að hlaupa, auk nokkurra smærri styrkja frá hinum ýmsu styrktarsjóðum í umsjá Háskóla Íslands, voru því náms- og húsaleigustyrkir sem deildir Háskólans veittu nemendum sínum. Háskólinn fékk fjármagn til styrkjanna úr ríkissjóði, en allt frá því að skólinn var settur fyrst á fjárlög árið 1911 til ársins 1952, þegar þeir voru lagðir af, voru þessir

¹⁶ Tvær luku námi erlendis, önnur í tannlækningum og hin löngu síðar í myndlist, ein varð kennari og tvær húsmæður.

¹⁷ Guðrún Guðlaugsdóttir, „Lífslánið stóra“.

¹⁸ Friðrik G. Olgeirsson, *Lánasjóður íslenskra námsmanna*, 23–29. — Jón Ólafur Ísberg, *Stúdentárin*, 177–78.



styrkir sérstakur liður í lögnum. Þau skilyrði voru sett af hálfu Alþingis að styrkina mætti „að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum“, og alla jafna átti húsaleigustyrkurinn einungis að renna til utanbæjarmanna.¹⁹ Hámarksstyrkir til húsaleigu voru 80 krónur á ári og til framfærslu 280, og fyrsta háskólaárið fengu allflestir utanbæjarnemendur hámarkshúsaleigustyrk, en framfærslustyrkirnir voru mun lægri en löggin heimiluðu.²⁰ Styrkirnir hækkuðu nokkuð á næstu árum, enda ríkti óðaverðbólga í landinu mestallan annan áratug síðustu aldar, eins og áður hefur komið fram. Í fjárlögum fyrir árin 1920–21 hafði Alþingi nær þrefaldað fjárveitingar til húsaleigu- og framfærslustyrkja háskólanema, og hámarksstyrkir einstakra nemenda höfðu verið hækkaðir í 175 krónur í húsaleigustyrk og 560 krónur í framfærslustyrk.²¹ Fengu 76 af 92 skráðum nemendum við skólann einhverja sporslu á námsárinu 1921–22,²² en nú voru allir styrkirnir miklu lægri en hámark laganna sagði til um (að meðaltali tæplega 100 krónur í húsaleigustyrk og tæpar 200 krónur til upphalds), enda hefði heildarupphæðin á fjárlögum aðeins dugað fyrir 30 fullum styrkjum. Um svipað leyti (háskólaárið 1922–23) var gerð könnun á aðbúnaði stúdenta við Háskóla Íslands, þar sem fram kemur hvað nemendur þriggja deilda skólans greiddu í raun í húsaleigu.²³ Á þessum árum kom mikill meirihluti nemenda af landsbyggðinni, og þurftu þeir því að leigja sér herbergi í höfuðborginni yfir vetrartímann. Samkvæmt könnuninni var húsaleiga stúdentanna mjög breytileg, eða frá um 30 til 70 krónur á mánuði. Á þessum sömu árum greiddu stúdentar 100 krónur á mánuði fyrir fæði í mötuneyti stúdenta, Mensa Academica,²⁴ og dugðu námsstyrkir því augljóslega hvergi nærri fyrir húsnæðis- og fæðiskostnaði þeirra. Af þessum sökum urðu þeir nemendur sem ekki gátu treyst á stuðning foreldra eða annarra ættingja að sjá fyrir sér með ýmsum hætti; flestir stúdentanna unnu á sumrin, og margir unnu með náminu. Stefán Jóhann Stefánsson, bóndasonur úr Eyjafirði og síðar forsætisráðherra, lýsir námsárum sínum þannig í ævisögu sinni að hann hafi unnið fjóra tíma á dag á lögfræðistofu frá miðjum fyrsta vetri í laganáminu þar til hann hóf lokaprófin, auk þess að kenna stundakennslu við Stýrimannaskólann í Reykjavík í eina til tvær kennslustundir á dag um tíma.²⁵ Þetta gerði hann þótt hann hafi verið meðal hæstu styrkþega við skólann á þeim árum sem hann stundaði þar nám.²⁶ Fáir nemendur unnu þó reglubundna launavinnu með námi, en algengt var að þeir tækju að sér ýmiss konar kennslu, og þá bæði einkakennslu og stundakennslu í skólum.²⁷ Oft tók þessi vinna



Ragnheiður Einarsdóttir hætti námi í Lagadeild þegar hún giftist, árið 1937, því henni fannst ómögulegt að gjft kona stundaði háskólanám. Frá þessu sagði hún í blaðaviðtali árið 1986.

¹⁹ *Stjórnartíðindi* 1911 A, 70.

²⁰ *Árbók Háskóla Íslands* 1911–12, 38–39.

²¹ *Stjórnartíðindi* 1919 A, 80–81.

²² *Árbók Háskóla Íslands* 1921–22, 35–38.

²³ *Þskjs.* HÍ. BA2:17. Upplýsingar um leigu-húsnæði stúdenta. – Skýrslurnar eru prentaðar: Jón Ólafur Ísberg, *Stúdentsárin*, 54–55.

²⁴ *Árbók Háskóla Íslands* 1922–23, 48–49.

²⁵ Stefán Jóhann Stefánsson, *Minningar* I, 100–01.

²⁶ Sjá t.d. *Árbók Háskóla Íslands* 1919–20, 42.

²⁷ Árelfus Nielsson, *Horft um öxl*, 277–78.

I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – I.7 NEMENDUR EMBÆTTISMANNASKÓLANS 1911–40

Húsið nr. 2 við Lækjargötu þar sem stúdentamatsalan Mensa Academica var starfrækt á efri hæð á árunum 1921–29. Húsið brann árið 2007 en hefur verið byggt upp aftur með líkum svip og áður, þó einni hæð hærra.



mikinn tíma frá náminu, eins og fram kemur í skýrslu Péturs T. Oddssonar um hagsmunamál guðfræðinema á kreppuárunum. „Aukastörfín eru, án efa, þyngsta maran á stúdentum nú og hamla og trufla umfangsmikið háskólanám“, skrifar hann. „Algengast er að stúdentar kenni 2–3 stundir daglega og allt upp í 5 stundir.“²⁸ Sumir læknanemar fengu líka uppgripavinnu í sláturhúsum á haustin við að stimpla kjöt, og algengt var á síðari stigum læknanámsins að þeir leystu héraðslækna af um tíma og öfluðu sér þannig bæði tekna og starfsreynslu.²⁹

Ekki er hægt að sjá neina skipulega stefnu af stjórnvalda hálfu í þróun fjárveitinga til námsstyrkja, en þessir styrkir þóttu fremur óvinsæll skylduliður í fjárlögum. Þess verður ekki vart að stjórnmalamenn hafi litið á jafnrétti til náms sem æskilegt eða mögulegt markmið, þótt flestum þætti sjálfsagt að styðja fátæka nemendur til mennta – a.m.k. ef þeir voru reglusamir og duglegir. Sú staðreynd að fjárveitingar til námsstyrkja við Háskólann stóðu að mestu í stað frá byrjun þriðja áratugarins til upphafs síðari heimsstyrjaldar, á meðan nemendum fjölgaði um meira en helming, sýnir að þingmenn litu á styrkina fremur sem einhvers konar ölmusu en sem skipulega aðferð til að jafna aðstöðu Íslendinga til náms. Háskólinn brást við þessu með því að halda fjölda styrkjanna í skefjum, sem þýddi aftur að hlutfall þeirra stúdenta sem nutu styrkja frá ríkinu lækkaði stöðugt og var komið niður í um helming nemenda við Háskólann þegar leið að síðari heimsstyrjöld.³⁰

Meira örlætis gætti í garð þeirra sem stunduðu nám erlendis, en þeir sem lögðu stund á námsgreinar sem ekki voru kenndar við Háskóla Íslands og námu við „viðurkennda háskóla á Norðurlöndum

²⁸ Pétur T. Oddsson, „Guðfræðideildin“, 10.

²⁹ Gylfi Gröndal, *Læknir í þrem löndum*, 67–68. – Gylfi Gröndal, *Æviminningar Kristjáns Sveinssonar*, 161. – Sveinn Víkingur, *Myndir daganna II*, 196. – *Dms*. Þjóðháttadeild. Spurningalistar. Skrá 95. Stúdentalíf, nr. A, nr. 13023, 13061 og 13301.

³⁰ *Dskjs*. HÍ. BA2:18. Ódagsett skýrsla frá SHÍ til háskólaráðs um náms- og húsaleigustyrk háskólastúdenta 1911–37. Skýrslan er frá háskólaárinu 1936–37 eða úr formannstíð Jóhanns Hafstein í SHÍ.

og í helstu menningarlöndum öðrum“, eins og segir í fjárlögum sem samþykkt voru á þingi árið 1919, gátu sótt um styrk til námsins frá íslenska ríkinu. Þótt þessir námsmenn hafi örugglega ekki verið ofsælir af styrkjum sínum þá hækkaði fjárveiting til þessa liðar jafnt og þétt á þriðja og fjórða áratugnum, eða úr 8.000 krónum í fjárlögum árunum 1921–22 í 36.500 krónur fyrir árið 1940.³¹ Þessi þróun hélt áfram í og eftir síðari heimsstyrjöld, og nam kostnaður ríkisins af slíkum styrkjum rúmum helmingi þess sem greitt var til Háskóla Íslands um miðjan sjötta áratuginn.³²

Takmarkaður stuðningur við íslenska háskólanema þýðir þó ekki að einungis hinir efnameiri hafi stundað nám við Háskóla Íslands, enda má benda á mýmörg dæmi um börn fátækra foreldra sem brutust til mennta. Af þeim takmörkuðu upplýsingum sem liggja fyrir um stéttarstöðu nemenda við Háskóla Íslands á árunum fyrir síðari heimsstyrjöld má ráða að þeir hafi komið úr öllum lögum samfélagsins. Frá árinu 1916 er getið um atvinnu feðra nýnnritaðra nemenda við skólann í Árbókum Háskólans, og gefa þær upplýsingar nokkra vísbendingu um uppruna háskólastúdenta, þótt varast beri að taka þær alltof hátfóllega.

Tafla I.3 Atvinna feðra nýnema við Háskóla Íslands 1916–36

	1916		1926		1936	
	N	%	N	%	N	%
Bændur	8	50	16	41	15	26
Verka-, iðnaðar- og sjómenn	2	13	6	15	10	18
Skrifstofu- og verslunarmenn			1	3	4	7
Kennarar	2	13			3	5
Kaupmenn og forstjórar			6	15	8	14
Málafærslumenn					1	2
Prestar	4	25	3	8	2	4
Læknar			2	5	4	7
Aðrir embættismenn					4	7
Annað			4	10	1	2
Óþekkt			1	3	5	9
Samtals	16		39		57	


Heimildir: *Árbók Háskóla Íslands* 1916–17, 1926–27 og 1936–37.

Árið 1936 innrituðust fimm erlendir nemendur í Háskóla Íslands, og er atvinnu foreldra þeirra ekki getið í heimildum. Í þeim tilvikum þar sem starf feðra var ekki gefið upp í Árbók Háskólans var þessara upplýsinga leitað í öðrum heimildum, svo sem stéttartölum, minningargreinum í dagblöðum, o.s.frv.

³¹ *Stjórnartíðindi* 1919 A, 81–82; 1939 A, 176.

³² Tæpum 1,75 milljónum króna var veitt í styrki til námsmanna erlendis 1955, en heildarútgjöld úr ríkissjóði til Háskólans, samkvæmt ríkisreikningi, voru 3,27 milljónir króna sama ár. – *Ríkisreikningurinn* 1955, 64–65.

I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – I.7 NEMENDUR EMBÆTTISMANNASKÓLANS 1911–40



Frétt í Vísi 1928 um væntanlegt skólahlaup varð teiknara Spegilsins tilefni til að teikna mynd af skólafrömuðum landsins í kapphlaupi. Þeir eru kynntir svona:

- „Fyrir Háskælinga Einar [Arnórsson] og Sig. Nordal,
- Mentskælinga Guðm. Bárðarson og Jón Ófeigsson,
- Kvenskælinga Ingibjörg H. Bjarnason,
- Samskælinga Jónas [Jónsson],
- Verslskælinga Jón Sívertsen,
- Barnskælinga Sig. Jónsson og Helgi Hjörvar
(en komust ekki í úrslit).“

Í þessari upptalningu er sleppt munnstórum manni sem hleypur á milli Ingibjargar og Jónasar Jónssonar, en um hann segir í textanum: „Ennfremur hleypur skólameistari Akureyrar, fyrir væntanlegan Háskóla (Universitet) Akureyrar.“ Hér er höfundur að skopast að því að Akureyri hafði nýlega fengið menntaskóla. Lítið hefur hann grunað að innan sex áratuga yrði fjarstæða hans að veruleika.

Í töflu I.3 sést stéttarstaða fedra nýnema við Háskólann fyrir þrjú valin ár á tímabilinu 1916–36. Í fljótu bragði virðist ástandið hafa verið vel viðunandi hvað aðgang hinna ýmsu hópa samfélagsins varðar, því að af töflunni má ráða að nemendur við Háskóla Íslands hafi átt mjög ólíkan félagslegan bakgrunn. Taflan virðist líka endurspeglja þær breytingar sem urðu á íslensku þjóðfélagi á fyrri hluta síðustu aldar, þar sem hlutfall barna bænda lækkar stöðugt í nemendahópnum eftir því sem íbúum í þéttbýli fjölgar á kostnað íbúa í sveitunum, á meðan börnum í bæjunum – sonum og dætrum verkamanna, sjómanna, verslunarmanna og forstjóra – fjölgar á meðal nemendanna. Einnig má ráða af töflunni að því fór fjarri á fyrri helmingi síðustu aldar að embættismannastéttirnar hafi endurnýjað sig að mestu úr eigin röðum, eins og raunin hafði verið á Íslandi a.m.k. fram undir miðja 19. öld.³³ Því má segja að jafnrétti til náms á Íslandi hafi verið mun meira á árunum 1911–40 en það hafði verið hundrað árum fyrr. Enn var þó langt í land við upphaf síðari heimsstyrjaldar að jafnrétti hafi verið náð hvað þetta varðar, enda taldist langskólanám enn til forréttinda á þessum tíma.

³³ Guðmundur Hálfðanarson, „Íslensk þjóðfélagsþróun á 19. öld“, 14. – Gunnar Karlsson, „Uppruni íslenskra menntamanna“.

2. Deildir Háskólans 1911–40

Mikil festa einkenndi Háskóla Íslands fyrstu starfsáratugina, ef ekki hrein og klár íhaldssemi, í kennslu- og starfsháttum. Því urðu sumir þeirra nemenda sem höfðu vænst þess að verða leiddir að tærum viskubrunni í háskólanáminu fyrir nokkrum vonbrigðum með vistina í Háskólanum. Sveinn Víkingur Grímsson, sem lærði við Guðfræðideild Háskólans á árunum 1918–22, lýsir þessu skemmtilega í sjálfsævisögu sinni, *Myndir daganna*. „Ég hafði gert mér um þessa stofnun og dvölina þar miklu háfleygari og stórbrotnari hugmyndir en rétt var og raunin leiddi í ljós“, segir hann um þær væntingar sem hann gerði til námsins við Háskólann áður en hann settist þar á bekk.

Ég hafði talið mér trú um, að þar mundi ég verða aðnjótandi, ekki aðeins hinnar æðstu þekkingar og fræðslu, heldur og undursamlegrar vakningar, þar sem tendraðir yrðu í sál minni þeir heilögu eldar, sem lýstu og vermdu í senn. Ég lét mig dreyma um það, að í guðfræðideildinni yrði ég með einhverjum hætti leiddur upp á það Helgafell, þaðan sem mér opnaðist sýn til allra átta, ekki aðeins yfir þessa veröld og þetta líf, heldur mundi ég þaðan sjá himnana opnast og þeirra dýrð.

Sveinn viðurkenndi að sennilega hafi draumar sínir um háskólanámið verið fullháleitir og því hafi það verið borin von að þeir gætu ræst. Hann minntist þess þó enn, meira en fjórum áratugum eftir að hann lauk námi við Háskóla Íslands, að þótt kennarar Guðfræðideildar hafi allir verið öndvegismenn, þá hafi háskólanámið stundum verið „jafnvel leiðinlegt, andlaust og þreytandi“.³⁴

Að einhverju leyti má skýra meint andleysi í kennslunni við Háskólann á þeim árum sem Sveinn Víkingur sat þar á skólabekk með því að starfsumhverfi skólans hafi ekki hvatt til lifandi og skapandi fræðslu. Bæði sneið húsnaðið honum mjög þröngan stakk til allra nýjunga og kennslan miðaðist að mestu við þarfir samfélagsins fyrir ákveðna hópa embættismanna. Aðal góðs embættismanns var, samkvæmt hefðinni, venjufesta og reglusemi fremur en gagnrýnin hugsun eða fræðilegur þankagangur, og mótuðu þau viðhorf andrúmsloftið í Háskólanum. „Þó megum vjer ekki gleyma því,“ skýrði Ágúst H. Bjarnason prófessor nýnemum frá við setningu skólans haustið 1917, „að alt er hjer enn á byrjunarstigi, og að háskóli vor er, að minsta kosti enn sem komið er, fremur fræðslustofnun en

³⁴ Sveinn Víkingur, *Myndir daganna II*, 195–96.




I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – I.7 NEMENDUR EMBÆTTISMANNASKÓLANS 1911–40

vísinda, fremur til þess ætlaður að búa menn undir lífið og lífsstöðu sína en að stunda sjálfstæð vísindi.“ Minnti hann þá á um leið, að „þjer, sem þannig eruð kvaddir til þess að vera lífsins og ljóssins riddarar í þessu landi, þjer verðið þá líka að muna það þegar frá byrjun, að þjer eigið að vera öðrum til fyrirmyndar í heilbrigðu líf-erni, löghlýðni og siðvendni“.³⁵

Erfitt er að meta hvað stjórnaði námsvali þeirra sem innrituðust í skólann. Stjórnvöld gerðu ekkert til að stýra nemendum inn á eina námsbraut öðrum fremur, og fjöldatakmarkanir við skólann voru ekki leyfðar fyrr en með háskólalögum árið 1941, og voru ekki teknar upp með formlegum hætti fyrr en löngu síðar. Læknadeild og Lagadeild voru langvinsælustu deildir skólans á árunum fyrir síðari heimsstyrjöld, en nemendum þeirra fjölgaði nokkuð jafnt og þétt allan þann tíma sem skólinn bjó í tvíþýli með Alþingi. Heimspékideildin var aftur á móti fámennasta deild skólans fyrstu árin sem Háskólinn starfaði, en nemendum þar fór hægt fjölgandi á þriðja áratugnum og hún skreið fram úr Guðfræðideildinni snemma á fjórða áratugnum. Guðfræðideildin átti sitt blómaskeið á þriðja áratugnum, sem hún gat kannski þakkað vinsældum Haralds Níelssonar prófessors.³⁶ Nemendum fækkar í það minnsta snögglega eftir sviplegt lát hans árið 1928, hvort sem þar var beint samband á milli eða ekki.

Myndrit I.6 Fjöldi nemenda eftir deildum 1911–40



Heimild: Árbók Háskóla Íslands 1911–40.

³⁵ Árbók Háskóla Íslands 1917–18, 5–7.

³⁶ Jón Skagan, *Stingandi strá*, 56–64. – Sveinn Víkingur, *Myndir daganna II*, 200–01.



Af tölum um fjölda nýskráðra og útskrifaðra nemenda við Háskóla Íslands má sjá að Heimspekideild skar sig að flestu leyti úr þegar hún er borin saman við hinar deildirnar þrjár. Var hún ekki aðeins fámennasta deild skólans framan af, heldur luku sárafáir námi þaðan fyrstu þrjá áratuginna sem Háskólinn starfaði. Fyrstu árin virðist Heimspekideild reyndar hafa verið eins konar alþýðu-fræðslustofnun fremur en kennsludeild við háskóla, því að á sama tíma og nemendur tolldu illa við deildina voru fyrirlestrar kennaranna oft fjölsóttir af almenningi.³⁷ Hvöttu blöðin fólk til að sitja tíma við Heimspekideild, og þeir voru gjarnan haldnir síðla dags þannig að „vinnandi fólk“ ætti auðveldara með að sækja þá.³⁸ Fyrirlestrar kennara á borð við Björn M. Ólsen, Guðmund Finnbogason, Jón Jónsson Aðils og Sigurð Nordal virðast hafa verið vinsælir af almenningi, og greinilega var ekki amast við því að óskráðir og stúdentsprófslausir nemendur á borð við Þórberg Þórðarson sæktu tíma við deildina reglulega árum saman.

Tafla I.4 Nýinritaðir og útskrifaðir nemendur í Háskóla Íslands 1911–40

	Guðfræðideild		Læknadeild		Lagadeild		Heimspekideild		Alls	
	Innr.	Útskr.	Innr.	Útskr.	Innr.	Útskr.	Innr.	Útskr.	Innr.	Útskr.
1912-15		10		14		12		0		36
1916-20	24	22	35	18	39	10	17	0	115	50
1921-25	31	20	53	28	37	28	29	4	150	79
1926-30	19	27	69	28	51	32	43	6	182	93
1931-35	15	16	74	50	66	33	55	4	210	103
1936-40	28	16	98	35	80	42	55	6	261	99
Alls	117	111	329	173	273	157	199	19	918	460

Heimild: *Árbók Háskóla Íslands* 1911–40.

Innritaðir miðast við tímabilið frá hausti 1916 til hausts 1939 en útskrifaðir frá vori 1912 til vors 1940.

Nöfn nýskráðra eru ekki birt í *Árbók Háskólans* fyrr en 1916.

Af töflu I.4 má ráða að nemendur Guðfræðideildar hafi verið þrautseigari en aðrir háskólanemar, því að hlutfall útskrifaðra af innrituðum var mun hærra þar en í öðrum deildum skólans. Hér kann að hafa komið til að nemendur voru fremur fáir í deildinni, og samband

³⁷ Jørgen L. Pind, *Frá sál til sálar*, 392–93.

³⁸ *Ísafold* 11. okt. 1913, 320.

I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – I.7 NEMENDUR EMBÆTTISMANNASKÓLANS 1911–40

Á myndinni gefur Stúdentablað í skyn að erfitt sé að komast inn í Læknadeild og Lagadeild en stúdentar séu á hinn bóginn velkomnir í Guðfræðideild og Heimspékideild, sem þarna er kölluð Norrænudeild. Einkum er greitt inngöngu í Guðfræðideild. Meiri vafi kann að vera um hvernig eigi að túlka myndina frá Norrænudeild, þar sem Árni Pálsson prófessor fyllir næstum upp í dymar. En líklega er meiningin sú að fáir sækir í deildina þó að þeir eigi von á góðri meðferð þar.



Tafla I.5 Innritaðir í Háskóla Íslands árin 1916, 1926 og 1936

	1916	1926	1936	Samtals
Guðfræði	8	5	7	20
Þar af luku guðfræðinámi	8	5	3	16
Meðalnámstími	4,1 ár	4,2 ár	3,7 ár	4,1 ár
Læknadeild	6	17	17	40
Þar af luku læknanámi	5	14	9	28
Meðalnámstími	5,4 ár	6,0 ár	6,6 ár	6,1 ár
Lagadeild	1	8	19	28
Þar af luku laganámi	1	5	12	18
Meðalnámstími	4,0 ár	5,0 ár	4,4 ár	4,5 ár
Heimspékideild	1	7	14	22
Þar af luku námi í deildinni	0	1	1	2
Meðalnámstími		5,0 ár	5,0 ár	5,0 ár
Samtals	16	37	57	110
Þar af luku námi	14	25	25	64
Meðalnámstími	4,6 ár	5,3 ár	5,1 ár	5,1 ár

Heimild: Árbók Háskóla Íslands 1916–45.



Háskólaráð á fundi í kennarastofu Háskólans í Alþingishúsinu veturinn 1939–40. Lengst til vinstri er Pétur Sigurðsson háskólaritari, síðan Ólafur Lárusson prófessor í Lagadeild, Magnús Jónsson prófessor í Guðfræðideild, Alexander Jóhannesson háskóla­rektor, Jón Hjaltalín Sigurðsson prófessor í Læknadeild og loks Sigurður Nordal prófessor í Heimspekideild.

þeirra innbyrðis og við kennara hefur því verið nánara en í öðrum deildum skólans. Einnig má vera að sú staðreynd að nám við Guðfræðideild tók að jafnaði skemmri tíma en nám í öðrum deildum skólans hafi auðveldað guðfræðinimum að ljúka prófum. Þetta má sjá ef farið er betur í saumana á námsferlum þriggja árganga nýnema við Háskólann, þ.e. þeirra sem innrituðust í skólann haustin 1916, 1926 og 1936. Af þeim samanburði staðfestist að brottfall nemenda var minnst í Guðfræðideild, en einnig að námstíminn var mjög ólíkur á milli deilda – og munurinn fór reyndar vaxandi er á leið. Langalgengast var að guðfræði- og laganám tæki fjögur ár, en læknánám sex – og nemendurnir tveir úr þessum þremur árgöngum sem útskrifuðust með meistaraþróf í íslenskum fræðum gerðu það báðir á fimm árum.

Það sem einkenndi námið við Háskóla Íslands þessi fyrstu starfsár hans var ekki síst að sterk persónuleg tengsl mynduðust óhjákvæmilega á milli nemenda og kennara í fámennum skóla. Stærstu deildir Háskólans voru þrátt fyrir allt örsmáar, og því hlutu kennarar og nemendur að kynnast nokkuð vel. Þetta má lesa úr flestum þeim

vitnisburðum sem við höfum um námið við Háskólann frá nemendum sem stunduðu nám í skólanum á þessum árum, þótt þeir geti þess gjarnan um leið að flestir kennaranna hafi reynt að halda hæfilegri fjarlægð á milli sín og nemenda.³⁹ Gallinn var aftur á móti sá að smæðin ýtti undir fábreytni í náminu og einhæfni í námsframboði. Í flestum deildum skólans var nemendum á öllum stigum námsins gert að sækja að mestu sömu kennslustundirnar, því að svigrúm deilda til að skipta nemendahópnum upp eftir stöðu í náminu var takmarkaður. Þetta þýddi í sumum tilvikum að nemendur hlýddu á fyrirlestra um sama efni ár eftir ár, og reyndar var Læknadeild eina deild skólans sem skipti náminu upp í námshluta fyrstu árin. Þessu er lýst í fyrstu lestrar- og kennsluáætlun Lagadeildar sem gefin var út annað starfsár Háskólans, en þar var nemendum uppálagt „að haga náminu svo, að þeir geti farið nákvæmlega yfir allar kenslugreinar 4 fyrstu kenslumisserin (2 ár); ættu þeir þá að leggja aðaláhersluna á að ná aðaldráttunum, en skeyta minna um að festa í huganum aukaatriði laganna“. Síðari tvö árin áttu nemendur svo að fara aftur yfir sömu námsgreinar en kafa dýpra í efnið með lestri ritgerða í tímaritum og dóma í dómasöfnum. „Það fer eftir atvikum um hvern einstakan stúdent,“ segir síðan í skýrslunni, „hve oft hann þarf að fara yfir kenslugreinar. En lagadeildin telur ekki munu nægja minna en 3–4 yfirferðir, jafnvel þótt ávalt sje vel lesið.“⁴⁰ Í sams konar kennsluáætlun fyrir Guðfræðideild var gert ráð fyrir ákveðinni framvindu í náminu frá einu misseri til annars, þótt engin próf væru tekin í náminu fyrr en nemendur gengu til embættisprófa. Líkt og í lögfræðináminu var þar einnig lögð áhersla á mikilvægi stöðugar endurtekningar. Á sjöunda og síðasta misseri guðfræðinámsins áttu nemendur „að lúka endurlestri alls þess, sem ekki hafði náðst að tvílesa á 6 misserum. – Annars ber að verja þessu misseri til þess að lesa allar námsgreinar *þriðja sinn* og glöggva sig á þeim innbyrðis; þá fer fyrst að koma eining á þekkinguna og alt að sameinast í eina heild.“⁴¹

Af þessu má ráða að endurtekning var lausnarorðið í kennslunni við Háskóla Íslands. Hvergi er aftur á móti minnst á skapandi eða gagnrýna hugsun í kennslulýsingum deildanna. Í Læknadeild þótti t.a.m. eðlilegt, hvar sem því varð við komið, að nemendur færu tvisvar sinnum yfir námsefni hvernar kenslugreinar áður en þeir gengju til prófs. Hugsunin var sú, eins og segir um lyfjafræðina í kennsluáætlun deildarinnar, að fræðin væru í eðli sínu „staglsöm

³⁹ Eiríkur V. Albertsson, *Æfiár*, 88. – Erlingur Þorsteinsson, *Æviminningar*, 102–23. – Gylfi Gröndal, *Læknir í þrem löndum*, 59–70. – Jón Auðuns, *Líf og lífsviðhorf*, 58–61. – Jón Skagan, *Stingandi strá*, 56–75. – Gylfi Gröndal, *Æviminningar Kristjáns Sveinssonar*, 150–52. – Gils Guðmundsson, *Þegar hugsjónir rætast*, 53–54. – *Þms*. Þjóðháttadeild. Spurningalistar. Skrá 95. Stúdentalf, nr. A, 13304, 13061, 13088, 13993, 13070 og 13073.

⁴⁰ *Árbók Háskóla Íslands* 1912–13, 54.


⁴¹ *Árbók Háskóla Íslands* 1914–15, 50. Skáletur í heimild.

og vilja gleymast fljótt“. Stúdentum var því ráðlagt „að lesa margt oftsinnis til þess að festa það í minni“.⁴² Þetta viðhorf er sjálfsagt aðalástæðan fyrir því að nemendum á borð við Svein Víking Þótti námið við Háskóla Íslands harla andlaust og þreytandi, því að sífellt endurtekning virkar trauðla örvandi á leitandi nemendur. En á meðan kennslan í flestum deildum hvíldi að mestu á herðum örfárra kennara er erfitt að sjá hvernig hlutirnir gátu gengið fyrir sig á annan hátt.

3. Félagslíf stúdenta í Alþingishúsi

Hinn 23. janúar 1920 birtist tilkynning í Alþýðublaðinu undir fyrirsögninni „Endurholdgun í Stúdentafélaginu“. Í auglýsingunni var boðað að þá um kvöldið myndi Þórbergur Þórðarson halda erindi hjá Stúdentafélagi Háskólans um endurholdgun, en hann hélt vinsæla fyrirlestra um þetta efni bæði í Reykjavík og á Akureyri um þetta leyti.⁴³ Í lok auglýsingarinnar stóð síðan: „Einnig verður rætt um stúdentaráð.“ Þessi liður fundarins var ekki skýrður frekar í auglýsingunni, en hann virðist hafa verið hugsaður sem framhald af umræðum um sama efni á fundi í Stúdentafélagi Háskólans rúmri viku fyrr.⁴⁴

Engar frekari fréttir birtust í blöðum um hvað gerðist á þessum tveimur fundum Stúdentafélagsins, en þeir reyndust, ef marka má skýrslu sem prentuð var tveimur árum síðar í Árbók Háskólans, upphafið að stofnun Stúdentaráðs Háskóla Íslands.⁴⁵ Fyrstu hugmyndirnar um slíkan félagsskap má reyndar rekja til lýsingar Ágústs H. Bjarnasonar prófessors á ferð sinni til Noregs sumarið 1919 sem hann birti í þremur tölublöðum Morgunblaðsins þá um haustið.⁴⁶ Í ferðinni fór hann á samnorrænt þing stúdentafélaga í bænum Voss á Hörðalandi, en hann sótti þingið fyrir hönd Stúdentafélags Reykjavíkur. Þetta þing var kannski merkilegast fyrir þá sök að þar bönkuðu fulltrúar tveggja nýrra fullvalda ríkja á dyr norræna stúdentasambandsins, þ.e. Íslands og Finnlands. Ekki er annað að sjá af frásögn Ágústs en að íslenskum stúdentum hafi verið tekið opnum örmum af norrænu kollegunum, en þeir sáu aftur á móti öll tormerki á að hleypa finnskumælandi félögum sínum inn í hinn „al-norræna“ klúbb.⁴⁷ Mesta athygli Ágústs H. Bjarnasonar vakti þó kynning dansks fyrirlesara, dr. Næser að nafni, á nýrri tegund stúdentasamtaka sem voru að ryðja sér til rúms við norræna háskóla á þessum árum. Þetta voru svokölluð stúdentaráð, en hið fyrsta þeirra



Frétt í Alþýðublaðinu 23. janúar 1920.

⁴² *Árbók Háskóla Íslands* 1912–13, 62.

⁴³ Pétur Gunnarsson, *ÞP í fátæktarlandi*, 112–16.

⁴⁴ *Alþýðublaðið* 14. jan. 1920, 3; 23. jan. 1920, 1.

⁴⁵ Vilhjálmur Þ. Gíslason, „Skýrslur um stúdentaráðið“.

⁴⁶ Ágúst H. Bjarnason, „Áttundi fundur Norræna stúdentasambandsins“.

⁴⁷ Ágúst H. Bjarnason, „Áttundi fundur Norræna stúdentasambandsins“ (10. sept. 1919), 2.

var sett á laggirnar við háskólann í Kaupmannahöfn árið 1912, ef marka má frásögn Næsers, og í kjölfar þess hafði annað verið stofnað við háskólann í Kristjáníu. Tilgangur stúdentaráðanna var ekki síst sá að sinna hagsmunamálum stúdenta, en dýrtíð vegna heimsstyrjaldarinnar fyrri lék þá hvarvetna grátt. Var Ágúst uppnuminn af starfi stúdentaráðsins við sinn gamla skóla, háskólann í Kaupmannahöfn, en því hafði tekist „smám saman ... að vinna að því að gera háskólann danska að alveg sérstakri fyrirmyndarstofnun, þar sem ein höndin styður aðra og allir, yfirmenn sem undirgefni, starfa saman í bróðurlegri einingu“. Sagði hann óskandi að svipað fyrirkomulag kæmist á við Háskóla Íslands og bauðst til að veita bæði kennurum og nemendum frekari upplýsingar um fyrirbærið.⁴⁸

Fram að þessu hafði Stúdentafélag Háskólans verið einu samtök nemenda við Háskóla Íslands, en það var stofnað árið 1915 á sama grunni og Stúdentafélag Reykjavíkur.⁴⁹ Allir innritaðir nemendur við Háskólann fengu sjálfkrafa aðild að Stúdentafélaginu, en í reynd var það fyrst og fremst hugsað sem skemmti- og fræðslufélag.⁵⁰ Ef marka má orð Guðmundar Hannessonar prófessors frá árinu 1921 þá hafði Stúdentafélagið átt „erfitt uppdráttar“ fram að því „og andlegt líf þar [var] miklu minna en skyldi“. Fannst honum því brýnt að efla félagslíf háskólanema, og þar með samheldni þeirra og dyggðuga hegðun. „Að nokkru leyti sprettur alt þetta af *andlegri deyfð og áhugaleysi*“, ef marka má ummæli Guðmundar, því að stúdentar miðuðu „flest við prófið, skeyta lítið um annað en það, sem einhvernveginn má láta í þann ask“.⁵¹

Eins og vænta mátti hlaut erindi stúdenta um stofnun stúdentaráðs góðar viðtökur í háskólaráði, en þar var það fyrst rætt í febrúar 1920. Fyrstu lög Stúdentaráðs Háskóla Íslands voru endanlega frágengin í byrjun desember sama ár og að lokum samþykkt á fundi háskólaráðs hinn 4. sama mánaðar.⁵² Af ferli málsins er greinilegt að forystumönnum nemenda var mjög í mun að fá blessun lærifeðranna á stofnun hinna nýju samtaka, og notaði háskólaráð það til að ítreka sjálfstæði sitt gagnvart samtökum stúdenta. Háskólakennarnir tóku ekki í mál að samþykkja skyldufund ráðanna tveggja, þ.e. háskólaráðs og Stúdentaráðs, sem gert var ráð fyrir í fyrstu drögum að lögum Stúdentaráðs að haldinn yrði árlega. Tók háskólaráð jafnframt fram í samþykktum sínum að stofnun stúdentaráðs breytti engu um það að háskólaráðið hefði eftir sem áður úrslitavald í öllum þeim málum sem það vísaði til stúdenta til umsagnar.⁵³ Að

⁴⁸ Ágúst H. Bjarnason, „Áttundi fundur Norræna stúdentasambandsins“ (10. sept. 1919), 2–3.

⁴⁹ Indriði Einarsson, *Stúdentafélagið í Reykjavík 50 ára*, 61–64.

⁵⁰ Jón Ólafur Ísberg, *Stúdentensárin*, 24–28. – *Heimskringla* 15. okt. 1930, 3.

⁵¹ *Dagur* 5. mars 1921, 39.

⁵² *HÍ*. Gjörðabók háskólaráðs I, 6. feb. og 4. des. 1920. – *Árbók Háskóla Íslands 1920–21*, 54–55.

⁵³ *HÍ*. Gjörðabók háskólaráðs I, 10. nóv. 1920.



Stúdentar matast í Mensa Academica vorið 1927. Við fremsta borðið sitja, taldir frá vinstri: Guðmundur Ólaf, síðar lögfræðingur og bankastjóri, Sveinn Ingvarsson, síðar forstjóri Innkaupastofnunar, Ólafur Þorgrímsson, síðar hæstaréttarlögmaður.

fenginni blessun háskólaráðs fór fyrsta kosning til stúdentaráðs fram 11. desember 1920,⁵⁴ og þar með hóf Stúdentaráð Háskóla Íslands göngu sína. Hefur það æ síðan haft forystu í hagsmuna- og félagsmálum nemenda við skólann.

Fyrstu árin snerist starf Stúdentaráðs Háskóla Íslands að mestu leyti um brýnustu kjaramál stúdenta. Margir háskólanemar bjuggu við illan kost í höfuðstaðnum, eins og áður hefur komið fram, og ráðið gerði sitt besta til að bæta þar úr. Við upphaf annars starfsárs þess, eða í nóvember 1921, stofnaði Stúdentaráð Háskóla Íslands mötuneyti fyrir stúdentum, sem kallað var Mensa Academica upp á latínu. Mensan var rekin í nágrenni Háskólans, eða í Lækjargötu 2, og starfaði þar næstu átta árin.⁵⁵ Markmiðið með rekstrinum var að bjóða háskólanemum upp á heilsusamlegt fæði á hóllegu verði, og naut matsalan mikilla vinsælda hjá þeim framan af.⁵⁶ Mensa varð einnig að eins konar félagsheimili háskólanema – eða svo vitnað sé í lýsingu eins af helstu forsprökkum stúdenta á þessum árum, Lúðvigs Guðmundssonar, þá lásu stúdentar þar „blöð sín, innlend og erlend, ræða áhugamál sín og annara, þreyta tafl og skemta sér við söng og hljóðfærslátt. Á Mensa hafa hugsjónir fæðst, sem eiga eftir að lýsa yfir land vort, og þar hafa verið hnýtt órjúfanleg vináttu- og trúnaðarbönd.“⁵⁷ Þótt nemendur Háskólans frá þessum árum minnst flestir Mensunnar með söknuði,⁵⁸ þá dró smám saman úr aðsókninni að matsölunni. Neyddist Stúdentaráð því til að loka henni í sumar-

⁵⁴ Vilhjálmur Þ. Gíslason, „Skýrslur um stúdentaráðið“, 57.

⁵⁵ Jón Ólafur Ísberg, *Stúdentensárin*, 77–81.

⁵⁶ Sbr. Skúli V. Guðjónsson, „1921–1922“.

⁵⁷ Lúðvig Guðmundsson, „Stúdentaráðið fimm ára!“, 6.

⁵⁸ Sjá t.d. Gylfi Gröndal, *Æviminningar Kristján Sveinssonar augnlæknis*, 160. – Stefán Jóhann Stefánsson, *Minningar I*, 101–02.

byrjun 1929, og var ástæðan viðvarandi hallarekstur, sem stafaði bæði af því að kostgöngurum hafði fækkað úr hófi og illa gekk að innheimta fæðisgjöldin frá þeim sem þar borðuðu.⁵⁹

Annað helsta baráttumál stúdenta á fyrstu árum Stúdentaráðs var bygging stúdentagarðs fyrir nemendur Háskólans. Sú barátta var drifin áfram af umhyggju fyrir heilsufari stúdenta, sagði einn forystumanna þeirra í grein sem birtist í Stúdentablaðinu árið 1929. „Á hverju ári verðum við að fylgja til grafar vinum okkar, sem tæringin hefir murkað lífið úr,“ skrifar hann, „og á hverju ári sjáum við marga fjelaga okkar hverfa frá námi til þess að leita sjer lækninga við þessari skæðu veiki. ... Stúdentum er það hið mesta kappsmál, að koma upp „garði“, þar sem fátæklingar úr þeirra hóp geta fengið góð herbergi með góðum kjörum.“⁶⁰ Lauk fyrsta áfanga þessarar baráttu haustið 1934 þegar flutt var inn á nýjan Garð við Hringbraut – eða Gamla garð eins og hann var kallaður eftir að nýr garður hafði verið reistur tæpum áratug síðar. Tók Garður að vissu leyti við því hlutverki sem Mensa Academica gegndi áður, því að hann varð „hin vinsælasta miðstöð stúdenta, sem hvorutveggja í senn er þeim ódýrt heimili og heppilegur samastaður jafnt til starfa og gleðskapar“, eins og segir í skýrslu um starf Stúdentaráðs fyrir árið 1934–35.⁶¹ Stúdentar höfðu sjálfir forystu í þessu máli, enda brunnu húsnæðismálin helst á þeirra skinni. Ólíklegt er að garðsmálinu hefði verið komið í höfn án ötullar baráttu og fjársöfnunar Stúdentaráðs, og með farsælum lyktum málsins sannaði ráðið ótvírætt tilveru-rétt sinn.

Þriðji fasti liðurinn í starfi Stúdentaráðs á árunum fyrir síðari heimsstyrjöld sneri að stúdentaskiptum og upplýsingagjöf til íslenskra námsmanna sem vildu stunda nám erlendis. Stúdentaskiptin hófust strax á fyrstu árum ráðsins, en þau fólust í því að ráðið hafði milli-göngu um dvöl erlendra nemenda á Íslandi og ferðir íslenskra stúdenta til styttri dvalar erlendis.⁶² Virðist mikill áhugi hafa verið á þessum árum á að efla samband háskólanema yfir landamæri, í þeim anda sjálfsagt að háskólar væru í eðli sínu alþjóðlegar stofnanir. Frá fyrstu tíð rak Stúdentaráð einnig sérstaka upplýsingaskrifstofu sem aflaði „sjer upplýsingagagna frá öllum helstu háskólum og æðri menta-stofnunum á Norðurlöndum og víðsvegar um hinn mentaða heim“.⁶³ Slík þjónusta var vitanlega ekki hugsuð fyrir stúdenta við Háskóla Íslands fyrst og fremst, heldur fremur sem þjónusta fyrir þá fjöl-mörgu íslensku háskólanema sem sóttu menntun sína út fyrir

⁵⁹ Bjarni Benediktsson, „Skýrsla um stúdentaráðið 1928–1929“.

⁶⁰ Kristján Guðlaugsson, „Stúdentagarðurinn“, 73. – Pétur Sigurðsson, „Stúdentagarðurinn“.

⁶¹ Eggert Steinþórsson, „Skýrsla um störf stúdentaráðsins 1934–1935“.

⁶² Kristinn E. Andrésson, „Stúdentaskifti“.

⁶³ Skúli V. Guðjónsson, „1921–1922“, 61.



Ungir þjóðernissinnar fyllkja liði til kröfugöngu í Reykjavík 1. maí 1935. Hvergi á Íslandi höfðu nasistar eins mikið fylgi og meðal háskólastúdenta. Í stúdentaráðskosningum haustið 1934 fékk listi þeirra 34 atkvæði, 24% gildra atkvæða, og einn mann kjörinn. Tveir listar fengu meira fylgi, vinstrimenn í Félagi róttækra stúdenta 62 atkvæði, 43% og tvo menn kjörna, og sjálfstæðismenn í Vöku 48 atkvæði, 33% og tvo menn kjörna.

landsteinana.⁶⁴ Smám saman festist þessi upplýsingaskrifstofa í sessi, og var hún að hluta til kostuð með styrk úr ríkissjóði.⁶⁵

Hagsmunamál á borð við byggingu stúdentagarðs, rekstur mötuneytis og upplýsingaskrifstofu voru í eðli sínu óflokksþólitísk, og virðist fyrstu forystumönnum stúdenta hafa verið í mun að halda Stúdentaráðinu utan við flokksþólitískt reiptog. Þetta sjónarmið kom fram í ritstjórnargrein fyrsta tölublaðs málgagns Stúdentaráðs, *Studentablaðs*, sem kom út 1. desember 1924. Blaðið var „ekki stofnað til þess að vinna fyrir neinar ákveðnar stefnur í félags- eða mentamállum“, skrifuðu ritstjórnarnir, heldur skyldi „skoða það sem ávöxt sívaxandi félagsanda meðal stúdenta, á síðustu árum“. Átti blaðið að gefa eins fjölbreytta heildarmynd og unnt var í litlu blaði af „andlegu lífi háskólastúdenta“.⁶⁶ Ekki leið þó á löngu þar til pólitíkin fór að lita starf Stúdentaráðs, enda voru háskólastúdentar ekki skoðanalausir á þessum árum fremur en endranær. Sú breyting varð á lögum Stúdentaráðs árið 1933 að teknar voru upp hlutbundnar og leynilegar kosningar til ráðsins,⁶⁷ í stað þess að áður höfðu aðeins verið tíðkaðar óhlutbundnar kosningar við kjör fulltrúa. Í kjölfarið buðu jafnan sérstakir listar fram í stúdentaráðskosningum, og voru fljótlega mynduð pólitísk samtök sem sáu um slík framboð. Fyrst slíkra samtaka var Félag róttækra háskólastúdenta (breyttist síðar í Félag róttækra stúdenta), sem stofnað var árið 1933 til að berjast „gegn fascistiskum anda í Háskólanum“, eins og félagsmenn

⁶⁴ *Studentablað* 23. apríl 1929, 35–36.

⁶⁵ Sjá t.d. *Morgunblaðið* 21. sept. 1928, 2.

⁶⁶ *Studentablað* 1. des. 1924, 1.

⁶⁷ *Árbók Háskóla Íslands* 1933–34, 64.

lýstu sínu helsta baráttumáli.⁶⁸ Innan þess störfuðu stúdentar sem voru hallir undir Kommúnistaflokkinn í landsmálum, en að því stóðu einnig framsóknar- og alþýðuflokksmenn. Árið eftir var stofnað Félag þjóðernissinnaðra stúdenta, en aðalmarkmið þess var – að eigin sögn – að vekja stúdenta til vitundar um óþjóðholla starfsemi marxista á Íslandi⁶⁹ – og beindi það því spjótum sínum aðallega að félagi hinna róttæku. „Þjóðernissinnar“ voru greinilega undir áhrifum fasískra og nasískra hreyfinga í Evrópu á þessum tíma, eins og hakakrossinn sem „prýddi“ alla tíð forsíðu málgagns þeirra, Mjölnis, bar ótvírætt vott um. Stuðningsmenn Sjálfstæðisflokksins meðal stúdenta brugðust við þessari þróun árið 1935 með stofnun pólitískra samtaka, Vöku, félags lýðræðissinnaðra stúdenta, en þau eru eina pólitíska félagið frá þessum árum sem starfar enn undir upphaflegu nafni.⁷⁰ Þessar þrjár hreyfingar tókust á í stúdentaráðskosningum til ársins 1937, og var þar oft mjótt á mununum á milli Vöku og Félags róttækra stúdenta. „Þjóðernissinnar“ nutu mun minni stuðnings, þótt hlutfallslegt fylgi hægrri öfgamanna væri miklu meira í stúdentaráðskosningum en í alþingiskosningum (þeir fengu yfirleitt um 15–20% greiddra atkvæða til Stúdentaráðs). Í kosningum haustið 1938 bauð Félag þjóðernissinna ekki fram, en stuðningsmenn þess fluttust yfir á Vöku, sem varð þar með stærsta stjórnmálhreyfingin meðal stúdenta. Hélt það mynstur þar til listakosningar voru aflagðar árið 1960.⁷¹ Undir síðari heimsstyrjöld dró líka verulega úr eindrægninni á meðal róttækra stúdenta, enda var þá sameiginlegur andstæðingur þeirra, Félag þjóðernissinnaðra stúdenta, horfinn af vettvangi. Framsóknarmenn innan félags þeirra gagnrýndu t.a.m. framgöngu Haralds Guðmundssonar kennslumálaráðherra í dósentsmálinu svokallaða, en aðrir félagsmenn litu á ráðherrann sem mikilvægt mótvægi við meinta íhaldssemi háskólaprófessoranna.⁷² Félag róttækra stúdenta klofnaði síðan endanlega árið 1939, þegar stuðningsmenn Framsóknarflokksins stofnuðu Félag frjálslyndra stúdenta. Biðluðu þeir einnig til Alþýðuflokksmanna meðal stúdenta, en þeir virðast flestir hafa haldið tryggð við sitt gamla félag í fyrstu.⁷³ Helsta tilefni þessa klofnings voru heiftarlegar deilur í samfélaginu í kjölfar fólkskulegrar innrásar Sovétríkjanna í Finnland, en stuðningur kommúnista við innrásina og kúvending þeirra í afstöðunni til Pýskalands í aðdraganda síðari heimsstyrjaldar einangraði þá algerlega í íslenskum stjórnmálum um tíma.

Ýmislegt bendir til þess að kennurum Háskólans hafi litist heldur illa á pólitískt brólt stúdenta,⁷⁴ þótt þeir hafi lítið blandað sér í þau

⁶⁸ *Studentablað* 1. des. 1934, 25–26. – Þorvaldur Þórarinnsson, „Stofnun og stefna Félags róttækra stúdenta“.

⁶⁹ *Mjölmir* mars 1934, 1.

⁷⁰ Páll Björnsson, *Vaka 1935–1985*, 11–14.

⁷¹ Páll Björnsson, *Vaka 1935–1985*, 112–13.

⁷² Sbr. Halldór Halldórsson og Helgi Laxdal, „Veiting dósentsembættisins“.

⁷³ Ólafur Jóhannesson, „Hvers vegna var Félag frjálslyndra stúdenta stofnað?“ – *Tíminn* 14. okt. 1939, 473. – *Alþýðublaðið* 16. okt. 1939, 3.

⁷⁴ Sjá t.d. ræðu Alexanders Jóhannessonar árið 1952, *Árbók Háskóla Íslands* 1952–53, 12–13.

mál með beinum hætti. Almennt lögðu kennararnir mikla áherslu á að stúdentar temdu sér hlýðni við yfirvöld – a.m.k. yfirvöld Háskólans – og þeir höfðu flestir hinn mesta ímugust á róttækri pólitík kreppu-áranna. Háskólaráð synjaði þannig beiðni Félags róttækra stúdenta um að fá afnot af kennslustofu „til kenslu í efnalegri söguskoðun“, eins og segir í fundargerð háskólaráðs, undir handleiðslu Einars Olgeirssonar, þótt það samþykkti skömmu síðar beiðni sama félags um húsnæði „til að halda uppi leshring um nútíma íslenskar bókmentir undir leiðbeiningu Kristins Andréssonar“.⁷⁵ En kennarar fengu litlu um stúdentapólitíkina ráðið, því að stúdentar létu ekki alltaf vel að stjórn. Félagslíf stúdenta varð líka sjálfstæðara er frá leið og háskólanemar gagnrýnni á kennara sína. Stofnun Stúdentaráðs leiddi því ekki endilega til þeirrar bróðurlegu einingar undirgefina og yfirmanna sem Ágúst H. Bjarnason taldi sig sjá í samstarfi stúdentaráðs við kennara Kaupmannahafnarháskóla, enda fóru hugsjónir og hagsmunir kennara og nemenda augljóslega ekki saman í öllum málum.

⁷⁵ *HÍ*. Gjörðabók háskólaráðs II, 18. nóv. 1933 og 15. des. 1934.

8. Háskólinn flytur um set

1. *Alþingishúsið kvatt*

Haustið 1939 var sú nýbreytni tekin upp við Háskóla Íslands að skólinn var ekki settur við upphaf kennslu að hausti, heldur á svokallaðri háskólahátíð sem haldin var fyrsta vetrardag – eða undir lok októbermánaðar – ár hvert. Líta má á fyrstu háskólahátíðina, 26. október 1939, sem eins konar svanasöng Háskólans í Alþingishúsinu, því að þetta var í síðasta sinn sem háskólarektor bauð nemendur velkomna til skólans með ræðu í fundarsal neðri deildar Alþingis. Eftir nær þriggja áratuga starfsemi í ófullnægjandi bráðabirgðahúsnæði stóð loksins til að Háskólinn flyttist í sín eigin húsakynni, þar sem mun hærra yrði til lofts og víðara til veggja en háskólakennarar og stúdentar höfðu vanist fram að því.

Flutningur í nýja háskólabyggingu var þó ekki efstur í huga Alexanders Jóhannessonar rektors á þessari fyrstu og einu háskólahátíð í Alþingishúsinu, því að hún var haldin í skugga válegra tíðinda. Tæpum tveimur mánuðum fyrir hafði brotist út stórstyrjöld á meginlandi Evrópu, og leit rektor „með sárum trega“, eins og hann orðaði það, á það hvernig „stærstu menningarþjóðir heimsins berast á banaspjót“. Við slíkar aðstæður máttu Íslendingar „með sanni teljast til hamingjusömustu þjóða veraldarinnar“, hélt hann áfram, því að vopnlaus þjóð sendir ekki syni sína til slátrunar á vígvöllum. Þegar ræða rektors er lesin nú kann að vekja eftirtekt að hann tekur enga beina afstöðu til átaka sem í minningu síðari kynslóða hafa tekið á sig mynd baráttu á milli góðs og ills. Eins og flestir samtímamenn hans lagði Alexander áherslu á að farsælast væri fyrir Íslendinga að horfa á styrjöldina úr fjarlægð og standa fast á hlutleysi sínu, um leið og honum fannst að þeir gætu tekið fórnarlund hinna stríðandi þjóða sem „hvöt til þess að standa saman á erfiðum tímum, láta deilumál flokkanna falla niður og keppa markvíst að þeim gæðum, er einnig vér teljum æðst hér á jörðu, pólitísku og menningarlegu sjálfstæði þjóðar vorrar“.¹ Ekki má heldur gleyma því að afstaðan til hinna stríðandi fylkinga var önnur við upphaf síðari heimsstyrjaldar en síðar varð, því að margir menntamenn á Íslandi höfðu sterka samúð með Þýskalandi á fjórða áratugnum, landinu sem gegnt hafði forystuhlutverki í evrópskri háskólamenntun og vísindum áratugum saman. Þetta átti ekki síst við um rektorinn sjálfan,

¹ *Árbók Háskóla Íslands* 1939–40, 3–4.



Grafið fyrir Háskólabyggingunni með gamaldags tækni. Til hægri er hús Atvinnudeildar girt vinnuþöllum.

Því að Alexander Jóhannesson hafði menntast í þýskum fræðum við Kaupmannahafnarháskóla og lokið doktorsprófi í þýskum bókmenntum frá háskólanum í Halle í Þýskalandi. Að námi loknu var hann einn af frumkvöðlum að stofnun félagsins Germaníu,² en markmið þess var að rækta menningartengsl Íslands og Þýskalands, og starfaði að auki sem staðgengill konsúls Þýskalands á Íslandi á tímum fyrri heimsstyrjaldar.³ Alexander hélt ágætu sambandi við þýska starfsbræður sína á milli-stríðsárunum, eins og sjá má af fjölda bréfa í bréfasafni hans, og ýmsir þeirra fögnuðu þeim breytingum sem urðu í Þýskalandi eftir valdatöku nasista.⁴ Í byrjun árs 1939 hafði Alexander líka ferðast vítt og breitt um Þýskaland í boði þýskra yfirvalda, þar sem hann flutti erindi við um tíu háskóla um söguleg og menningarleg tengsl Íslendinga og Þjóðverja. Var ferðin skipulögð af Norræna félaginu þýska (*Nordische Gesellschaft*), sem var, eftir valdatöku Þjóðernissósíalista, undir áhrifa-valdi eins helsta hugmyndafræðings þeirra, Alfreds Rosenberg.⁵ Að fyrirlestraferðinni komu alþekkt „menningarsamtök“ Nasistaflokksins á borð við félagið *Kraft durch Freude* (Afl með gleði).⁶ Þótt ekkert bendi til þess að rektor hafi verið hallur undir boðskap ráðamanna í Þýskalandi þá var afstaða hans og margra kollega hans til nasista-stjórnarinnar mun tvíbentari haustið 1939 en síðar varð.⁷

Annað þema í ræðu rektors var að stríðið hlyti að hafa veruleg áhrif á skipulag háskólamenntunar á Íslandi. Heimisstyrjöldin setti sókn íslenskra háskólanema til útlanda í uppnám, því að búast mátti við að

² *Morgunblaðið* 7. mars 1990, 27.

³ Þór Whitehead, *Ófriður í aðsigi*, 42–43.

⁴ *Lbs.* 28 NF. Bréfasafn Alexanders Jóhannessonar. Sbr. bréf frá Hans Paul í Greifswald 26. mars 1935 og 14. apríl 1938, Georg Weber í Göttingen 26. sept. 1933 og prófessor Joachim Kirschner 26. okt. og 29. des. 1939.

⁵ *Vef.* Almgren, Hecker-Stampel og Piper, „Alfred Rosenberg und die Nordische Gesellschaft.“

⁶ Um þetta má lesa í bréfasafni Alexanders Jóhannessonar á handritadeild Landsbókasafns (*Lbs.* 28 NF). – Sjá einnig Alexander Jóhannesson, „Die geschichtlichen und kulturellen Beziehungen.“

⁷ Hrafn Jökulsson og Illugi Jökulsson, *Íslenskir nasistar*, 190.



I. EMBÆTTISMANNAKÓLINN – I.8 HÁSKÓLINN FLYTUR UM SET

verulegur hluti þeirra sem þá voru í námi erlendis yrði að hverfa próflaus heim á leið og stúdentar sem höfðu hug á að sigla til náms hlutu að leggja þau áform á hilluna. Lausn þessa vanda lá, að mati Alexanders, í fjölgun námsgreina við Háskóla Íslands, sem flutningur í nýtt hús gerði loksins mögulega. Benti hann þar á nær tíu ára gamlar tillögur frá Vísindafélagi Íslendinga um tveggja ára undirbúningsnám í ýmsum greinum við Háskóla Íslands, og þá ekki síst í ýmsum greinum náttúruvísinda.⁸ Taldi hann að slík breyting yrði til mikilla hagsbóta fyrir landsmenn, og þá ekki aðeins sem neyðarráðstöfun vegna heimsstyrjaldarinnar heldur sem varanlegur þáttur í skipulagi Háskóla Íslands og íslenskrar háskólamenntunar. „Eins og kunnugt er, hafa oft verið mikil vanhöld á þeim stúdentafjölda,“ sagði hann, „er leitað hafa til erlendra háskóla, margir þeirra hafa brotið skip sín í ólgusjú erlendra stórborga og aðrir komið kalnir á hjarta og óvinnufærir heim til ættjarðarinnar“. Með betri undirbúningi og þjálfun, bæði líkamlegri og andlegri, að loknu stúdentsprófi voru háskólanemar sem sigldu til annarra landa betur undirbúnir til að takast á við „hringiðu stórborganna.“ Slíka æfingu taldi Alexander að auðveldara væri að veita „hér heima en í öðrum löndum, þar sem enginn hefir veruleg afskipti af þeim og þeir ímynda sér í sínum sjálfbirgisskap, að þeir séu „yfirdrottningar í andans ríki“, en eru í raun og veru oft og tíðum illa menntaðir og siðlitrir námsmenn“.⁹

Háskóli Íslands stóð því á tímamótum haustið 1939. Ekki stóð aðeins til að kveðja Alþingishúsið, heldur skapaði nýhafinn heimsófriður gríðarlega óvissu fyrir skólann eins og íslenskt samfélag í heild. Þessi skilaboð færði Alexander Jóhannesson hinum nýju nemendum við Háskólann á háskólahátíðinni, jafnframt því að hann stappaði í þá stálinu. Minnti rektor stúdentana á arfleifð þeirra „afburðamanna, er lyft hafa þjóðinni á æðra stig menningar og átt sinn verulega þátt í því, að vér nú teljumst til menningarþjóða og lifum frjálsir menn í frjálsu landi“. Höfundar Íslendingasagna, Snorri Sturluson, Guðbrandur Þorláksson og Hallgrímur Pétursson höfðu gefið þjóðinni andlegan þrótt sem dugði henni til sigurs í sjálfstæðisbaráttunni. En hugsjónir foringjans og mesta stjórnálamanns þjóðarinnar, Jóns Sigurðssonar, um „að háskóli vor yrði þjóðskóli, er næði yfir öll svið íslensks þjóðlífs“ hafði ekki ræst því að enn var skólinn fyrst og fremst embættismannaskóli.¹⁰ Alexander vildi greinilega nýta þau tækifæri sem fólust í óvissunni og breyta skólanum í eitthvað nýtt – eða gera hann betur búinn til þess að takast á við hinn síkvika nútíma sem enginn vissi hvert stefndi. Enn var allsendis óljóst hvernig skólinn tækist á við þá ögrun,

⁸ *Árbók Háskóla Íslands* 1930–31, 66–91.

⁹ *Árbók Háskóla Íslands* 1939–40, 8.

¹⁰ *Árbók Háskóla Íslands* 1939–40, 5.





*Fjöldmenni við Háskóla-
bygginguna á vígsludegi
hennar 17. júní 1940. Eftir
vígsluhátíð var almenningi
boðið að skoða húsið, og
hafa sýnilega margir notað
sér það.*

og deilur forystumanna hans við fulltrúa ríkisvaldsins á fjórða áratugnum vöktu ekki hjartsýni í hugum háskólamanna.

2. Háskólahöllin vígð

Hinn 17. júní 1940, nákvæmlega 29 árum eftir vígslu Háskólans í Alþingishúsinu, komu flest helstu fyrirmenni Íslands saman til að fagna því að þá hafði skólinn loksins eignast eigið þak yfir höfuðið. Hátíðarhöldin hófust með guðsþjónustu í háskólakapellunni, en sjálf hátíðarsamkoman fór fram í hinum nýja og glæsilega hátíðarsal skólans. Tóku próffessorar Háskólans á móti samkomugestum á tröppum háskólabyggingarinnar, eins og til að leggja áherslu á að hún væri byggð að frumkvæði Háskólans og fyrir fé sem hann hafði sjálfur aflað með rekstri happdrættis. Í þeim skilningi var húsið ekki gjöf íslenska ríkisins til Háskóla Íslands, heldur þvert á móti var það framlag Háskólans til framþróunar íslensks samfélags.

Þótt fögnuður og eftirvænting hafi ríkt í hugum háskólamanna á þessum tímamótum í sögu skólans þá setti heimsstyrjöldin sitt mark á hátíðina. Tvær frændþjóðir Íslendinga – Danir og Norðmenn – höfðu nýlega lent undir járnhæl Þjóðverja, og þriðja Norðurlandþjóðin, Finnar, háði grimmilegt stríð við innrásarher Sovétríkjanna. Alexander Jóhannesson vék að ástandinu í heimsmálunum í vígsluræðu sinni, en þar ræddi hann sérstaklega um styrjöldina og óljósa framtíð evrópskrar siðmenningar:




I. EMBÆTTISMANNAKÓLINN – I.8 HÁSKÓLINN FLYTUR UM SET

Frá vígslu Háskólahússins árið 1940.

1. Benedikt G. Waage íþróttafrómuður. 2. Alexander Jóhannesson háskóla- rektor. 3. Guðmundur Hann- esson prófessor. 4. Jón Hj. Sigurðsson prófessor. 5. Kjartan Ólafsson augn- læknir. 6. Guðjón Samúels- son húsameistari. 7. Ágúst H. Bjarnason prófessor. 8. Ólafur Lárusson prófessor. 9. Kristinn Ármannsson kennari og síðar menntaskólarektor. 10. Magnús Jónsson prófessor. 11. Sigurður Nordal prófessor. 12. Árni Friðriksson fiskifræðingur. 13. Óþekktur. 14. Óþekktur. 15. Ólafur Þorsteinsson læknir. 16. Sigurður Einars- son dósent.



Vér höfum allir vonað, að þessi dagur yrði vor mesta fagnaðar- stund frá því að háskólinn var stofnaður. En nú grúfir svarta- myrkur örvæntingar og hörmunga yfir öllum nálægum löndum, mestu menningarþjóðir heims heyja grimmilegri ófrið en ver- aldarsagan kann frá að greina, og allar horfur eru á, að vestræn menning, er nú stendur á glötunarbarmi, eigi sér varla viðreisnar vor um óralangan tíma.¹¹



Hér kvað við allt annan tón en í setningarræðu rektors Háskólans á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar. Árið 1911 sá Björn M. Ólsen fyrir sér að undir leiðsögn vísindanna og allra helstu háskóla heimsins myndi brátt renna upp „nýr ‚Fróðafriður‘“ í heiminum, þar sem róstur og styrjaldir heyrðu sögunni til.¹² Horfði hann á veröldina með bjartsýnum augum 19. aldar menntamannsins sem trúði á siðbætandi mátt þekk- ingarinnar og sigur skynseminnar á hatri þjóða í milli. Sú trú var næsta fjarlæg sumarið 1940, enda virtust framfarir í vísindum og tækni aðeins hafa aukið á fólkskuna í heiminum og gefið herjum stórveldanna ný tól til að murka lífið jafnt úr hermönnum andstæðinganna og óbreyttum almennungi. Um miðjan júnímánuð 1940 var stríðið heldur ekki aðeins fjarlæg martröð í hugum Íslendinga, því að rétt rúmum mánuði fyrir hafði breskur her stigið á land í Reykjavík og lagt landið undir breska herstjórn. Þessi staðreynd var öllum gestum á vígsluhátíðinni ofarlega í huga, þótt enginn gerði sér fulla grein fyrir því hvaða áhrif hernámið

¹¹ *Árbók Háskóla Íslands* 1939–40, 55.

¹² *Árbók Háskóla Íslands* 1911–12, 11–12.



myndi hafa á íslenskt þjóðfélag eða hversu lengi það myndi vara. Óvissan í heimsámalunum hafði þó ekki dregið máttinn úr háskólamönnum, tilkynnti rektor vígslugestum, því að „þrátt fyrir alla erfiðleika síðasta árs hefir háskólinn unnið að því, að fá lokið þessari veglegu byggingu, er á að verða höfuðsetur allra vísinda í landi voru og á að stuðla að því, að leiða þjóð vora áfram til frelsis og framfara og hverskonar gæfu á ókomnum öldum“. Slík viðbrögð voru „í fullkomnu samræmi við íslenskt eðli, sögu þjóðar vorrar og norrænt þrek,“ hélt hann áfram, því að „vér Íslendingar veitum öllum erfiðleikum viðnám, hopum hvergi af hólmi og höldum uppi þrotlausri baráttu fyrir frelsi voru“.¹³ Háskólinn yrði ávallt í fylkingarbrjósti í þessari frelsisbaráttu, sagði Alexander, eins og hann hafði verið frá stofnun hans réttum 29 árum fyrir. Hermann Jónasson forsætisráðherra, sem steig næstur í pontu á vígsluhátíðinni, talaði á svipuðum nótum. Á sama tíma og Íslendingar byggðu hús yfir sinn háskóla þá „eyðir sprengjuregnið á svipstundu mörgum menningarstofnununum í hinum blóðuga hildarleik úti í álfunni“. Hin nýja háskólabygging Íslendinga var því „tákn hinna helguustu vona fátækrar smáþjóðar“ um að í skjóli varanlegs friðar myndi menning heimsins vaxa í framtíðinni. Minntist ráðherrann þá Jóns Sigurðssonar og vilja hans til að stofna þjóðskóla á Íslandi og þess að Háskólanum og kennurum hans auðnaðist „ekki einungis að tendra hið andlega ljós, heldur einnig að tendra hið andlega afl, eins og Jón Sigurðsson ætlaðist til. ... Án þessa anda yrði þetta fagra og bjarta hús ekki musteri menningarinnar heldur kólkuð gróf.“¹⁴

Sú starfsemi sem færir fram í hinu nýja háskólahúsi átti þó ekki að eins að vera innblásin af anda þjóðhetjunnar, heldur stóð húsið sjálft sem eins konar minnisvarði um ættjörðina og það hvernig beita mátti íslensku hugviti og tækni til að nýta landið, auðæfi þess og fegurð, þjóðinni til hagsbóta og andlegrar upplyftingar. Húsið var, svo vitnað sé til Þorláks Ófeigssonar, byggingarmeistara og umsjónarmanns byggingarframkvæmdanna, „verk íslenzkra handa. Í háskólanum eru fleiri tegundir af íslenzku efni en í nokkru öðru húsi, sem hér hefir verið bygt.“¹⁵ Tilraunir Guðjóns Samúelssonar húsameistara „með íslenskt byggingarefni, einkum við skreyting hússins“ gaf háskólahúsinu aukið gildi að mati rektors, „og má líta þannig á, að með byggingu þessari skapist tímamót í sögu íslenzkrar byggingarlistar“. Kom tilraunastarfið fram með ýmsum hætti, en gólf í forstofu hússins og fyrir framan hátíðarsal, sem og stigar úr forsalnum upp á aðra hæð hússins, voru lögð hellum úr íslenskum grásteinum, veggir anddyris voru þaktir hellum sem

¹³ Árbók Háskóla Íslands 1939–40, 56.



¹⁴ Árbók Háskóla Íslands 1939–40, 63–67.

¹⁵ Þorlákur Ófeigsson, „Háskólabyggingin“, 102.



I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – I.8 HÁSKÓLINN FLYTUR UM SET

Háskólahúsið þótti einhver glæsilegasta bygging Íslendinga þegar hún var tekin í notkun.



¹⁶ *Árbók Háskóla Íslands* 1939–40, 59. – Jónas Jónsson og Benedikt Gröndal, *Íslensk bygging*, 113, 128. – Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu I*, 209–22. – Jón Birgir Pétursson, *Meyvant á Eiði*, 144–45.

steyptar voru úr skeljasandi af Garðskaga og anddyri hátíðarsalar var lagt brúnleitum líparítshellum, en hvelfing forsalarins var gerð úr glitrandi silfurbergi og loftið þar í kring var lagt „hrafntinnumolum á bláleitum grunni“. Eins var húsið húðað að utan með íslenski kvarsblöndu, að fyrirsögn húsameistara, en sú aðferð ruddi sér mjög til rúms í íslenski byggingarlist á fjórða áratugnum.¹⁶ Að síðustu var ekki aðeins notað íslenskt grjót í bygginguna, því að hátíðarsalurinn





var klæddur að nokkru leyti úr „póleraðri íslenzkri björk og úr sama efni eru stólar gerðir“, eins og sagði í frétt Þjóðviljans um húsbygginguna.¹⁷ Stólarnir voru íslensk smíð úr ljósri trégrind með dökkrauðu flauelsáklæði. Voru þeir teiknaðir af Guðjóni Samúelssyni og sérsmíðaðir fyrir salinn.¹⁸

Vígsla hins nýja háskólahúss markaði kaflaskil í sögu Háskóla Íslands. Í nær þrjá áratugi hafði skólinn búið við algerlega ófull-

¹⁷ *Þjóðviljinn* 16. júní 1940, 3.

¹⁸ Jónas Jónsson og Benedikt Gröndal, *Íslensk bygging*, 72. – Þorlákur Ófeigsson, „Háskólabyggingin“, 100. – Páll Sigurðsson segir björkina í stólunum reyndar hafa verið norska. – Páll Sigurðsson, *Úr hús-næðis- og byggingar-sögu II*, 102–03.



nægjandi aðstæður í Alþingishúsinu, sem gerðu honum í raun ókleift að standa undir háskólanafninu. Nú var þeirri hindrun rutt úr vegi og því gátu starfsmenn Háskólans ekki lengur vísað til aðstöðuleysis þegar þeir kvörtuðu yfir stöðnun í starfsemi skólans. En nýtt hús olli auðvitað ekki eitt og sér straumhvörfum í málefnum Háskólans, því að fjölbreyttari starfsemi og bættar aðstæður fyrir kennara og nemendur kölluðu á auknar fjárveitingar úr ríkissjóði, og fram að þessu höfðu þær sannarlega ekki legið á lausu. Enginn vissi því fyrir víst hvernig húsið myndi nýtast kennurum og stúdentum í framtíðinni, þótt allt virtist benda til að betri tíð væri í vændum hjá þessari æðstu menntastofnun Íslendinga.

3. Háskólahúsið

Erfitt er að gera sér í hugarlund þá byltingu sem fylgdi því að flytja í nýtt hús fyrir Háskólann. Í Alþingishúsinu hafði skólinn haft til umráða fimm eða sex kennslustofur, allt eftir því hvernig talið var, og lítið pláss annað undir starfsemi sína. Kennarar höfðu ekkert afdrepp þar annað en eina kennarastofu, sem notuð var til deildar- og háskólaráðsfunda og reyndar til kennslu þegar þurfa þótti. Stúdentar höfðu nær enga aðstöðu í Alþingishúsinu aðra en kalt anddyrið, en eftir að Garður var reistur var staða þeirra þó skömminni skárrí en lærimeistaranna.

Í háskólahúsinu voru aðstæður allt aðrar. Þar voru ellefu kennslustofur af ýmsum stærðum og gerðum. Þær voru allar, nema kennslustofa Læknadeildar, innréttaðar á svipaðan hátt, þótt þær væru mistórar. „Borð og bekkir eru úr beykitré,“ skrifar Þorlákur byggingarmeistari, „sambygt í eina heild. Kennaraborð og skólatafla í öðrum enda, eins og venja er til. Loft og veggir distempermálað í ljósgulum lit. Hurðir sléttar, dökkbláar. Gluggar úr teak, hvítmálaðir, gólfin korklögð.“¹⁹ Þar voru einnig rannsóknarstofur fyrir Læknadeild, skrifstofur fyrir rektor og háskólaritara, rúmgóð kennarastofa, auk 15 vinnuherbergja fyrir kennara. Á fyrstu hæð og í kjallara, undir hátíðarsal, var háskólabókasafn með lestrarsal fyrir 32 stúdentar og bókaheimslur fyrir 180 þúsund bindi. Stúdentaráð hafði eigin skrifstofu í húsinu, og þar var einnig upplýsingaskrifstofa og bóksala stúdentar þar sem stúdentar gátu aflað sér upplýsinga um nám erlendis og keypt flestar þær kennslubækur sem þeir þurftu með í náminu.²⁰

Háskólahúsið þótti vel við vöxt, enda var því ætlað að duga skólanum í áratugi. Ýmsar hugmyndir kviknuðu því um að koma annarri og

¹⁹ Þorlákur Ófeiggsson, „Háskólabýggingin“, 101.

²⁰ Sjá *Árbók Háskóla Íslands* 1939–40, 88–91. – Páll Sigurðsson, *Úr húsnaðis- og byggingarsögu* I, 187–89; II, 88–105.



óskyldri starfsemi fyrir í húsinu. Um tíma kom til tals að hýsa þar Hæstarétt, en horfið var frá því vegna þess að húsnæðið þótti óhentugt fyrir starfsemi réttarins. Einnig var rætt um að Kennaraskólinn fengi þar inni. Á fyrstu dögum hernámsins munu yfirvöld breska hersins jafnvel hafa rennt hýrum augum til háskólahússins, en þau hættu við að taka það traustataki, að sögn Jónasar Jónssonar vegna þess að þeim þótti byggingin of fögur og vel gerð til að leggja hana undir starfsemi sína.²¹ Vera breska og bandaríska setuliðsins í bænum hafði þó umtalsverð áhrif á nýtingu háskólahússins á fyrstu árum hernámsins. Breski herinn tók þannig ýmsar opinberar byggingar í höfuðborginni traustataki, svo sem hús Menntaskólans í Reykjavík, og stúdentagarðinum var breytt í hersjúkrahús að tilhlutun loftvarnarnefndar Reykjavíkur.²² Af þessum sökum fékk ríkisstjórnin yfirvöld Háskólans til að hýsa Menntaskólann í tvö ár (1940–42), þótt háskólaráði væri þvert um geð að deila hinni nýju byggingu með óhörðnuðum menntskælingum. Óttuðust háskólaráðsmenn „að húsið og húsbúnaður yrði fyrir spjöllum af völdum nemenda“ á menntaskólaaldri og vildu fremur „athuga, hvort fært sé að koma fyrir öðrum minni skólum með þroskaðri nemendum, eins og t.d. vélstjórnaskóla og stýrimannaskóla á efstu hæð hússins“.²³ Háskólinn leysti líka úr húsnæðisvandræðum stúdenta með því að innrétta fimm herbergi í kjallara háskólahússins, tvö þeirra gluggalaus, en í þeim var komið fyrir einum 20 nemendum.²⁴ Þjuggu stúdentar í háskólabyggingunni þar til Nýi garður var vígður haustið 1943, og jafnvel að einhverju leyti til stríðsloka.²⁵ Að síðustu fékk Húsmæðrakennaraskóli Íslands inni í norðurhluta kjallara háskólahússins árið 1942, en sú ráðstöfun var upphaflega hugsuð til eins árs.²⁶ Húsmæðrakennaraskólinn var þó rekinn í háskólahúsinu í 14 ár, og það var ekki fyrr en eftir margar atrennur sem tókst að koma honum úr kjallaranum árið 1956.²⁷

Þegar háskólabyggingin var vígð þótti hún eitthvert hið veglegasta og glæsilegasta hús á Íslandi. Húsið fylltist þó ótrúlega fljótt, enda fjölgaði nemendum skólans mun örar en ráð hafði verið gert fyrir þegar húsið var hannað. Nýjar námsgreinar, sem bættust við á stríðsárunum, og fjölgun kennara juku þörfina fyrir bæði vinnuherbergi og kennslustofur. Vonir byggingarnefndar um að hið nýja hús myndi duga Háskólanum í hálföld hið minnsta gekk því ekki eftir.

- ²¹ Jónas Jónsson og Benedikt Gröndal, *Íslenzk bygging*, 128.
- ²² Heimir Þorleifsson, *Saga Reykjavíkurskóla* III, 199–211. – *Morgunblaðið* 19. maí 1940, 3.
- ²³ *HÍ*. Gjörðabók háskólaráðs III, 24. júlí 1940. – *Þskjs*. Stjr. I. skrifst. B/665, örk 3. Db. 15, nr. 952. Háskóli Íslands. Alexander Jóhannesson til forsætisráðherra 25. júlí 1940, og Dóms- og kirkjumálaráðuneyti til háskólarektors 20. ágúst 1940.
- ²⁴ *Stúdentablað* 1. des. 1941, 34.
- ²⁵ *HÍ*. Gjörðabók háskólaráðs III, 21. sept. 1942.
- ²⁶ *HÍ*. Gjörðabók háskólaráðs III, 21. sept. 1942.
- ²⁷ *HÍ*. Gjörðabók háskólaráðs III, 12. maí og 23. júní 1954, 11. júlí 1956. – Anna Ólafsdóttir Björnsson, *Saga Húsmæðrakennarskólans*, 73–74. – Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu* II, 131–36.